

skoðun 12

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Malbikun




**Hjólar á meðan hann getur**
*Snorri Már Snorrason lætur Parkinsonsveikina ekki stoppa sig og hjólar hringinn.*
FÓLK




# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
5. júní 2012
130. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


# Bensín ætti að lækka meira

**Enn er svigrúm fyrir frekari lækkanir á eldsneytisverði að mati FÍB þrátt fyrir að gengi krónunnar vinni á móti verðlækkunum á heimsmarkaði. Forstjóri N1 segir verðlækkanirnar þegar hafa skilað sér að fullu.**

**NEYTENDUR** Mikil lækkun hefur orðið á eldsneytisverði á heimsmarkaði undanfarið og hefur verðið ekki verið lægra síðan snemma á síðasta ári. Lækkunin hefur ekki skilað sér að öllu leyti til neytenda að mati framkvæmdastjóra Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB).

„Að teknu tilliti til gengisþróunar íslensku krónunnar og meðalálagningar á bensín og dísilolíu þá ættu olíufélögin að hafa svigrúm til að lækka verðið um 3 til 4 krónur í viðbót," segir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB.

Samkvæmt tölum frá félaginu hefur verðið á brenndri hráolíutunnu verið hæst í yfir 126 dollurum, en hefur verið að sveiflast undir 98 dollara undanfarið.

Hermann Guðmundsson, forstjóri N1, segir miklar verðlækkanir hafa þegar átt sér stað hjá fyrirtækinu, og að þær breytingar sem orðið hafi á heimsmarkaðsverði hafi nú þegar skilað sér til neytenda. Hann segir verðið hafa í raun verið á samfelldri niðurleið síðustu sex vikurnar.

„Við erum búnir að lækka verðið núna á sex vikum um 20 krónur, þó svo að það hafi ekki verið mikið um það fjallað," bendir Hermann á og vísar til lítraverðs á 95 oktana bensíni í sjálfsölu.

Hermann segir verðlækkanirnar hafa skilað sér hratt og örugglega til neytenda.

„Við erum búnir að skila öllum þeim lækkunum sem komu fyrir helgi út í verðlagið. Svo kom lækkun seint á föstudaginn, eftir að íslenskum mörkuðunum var lokað og sú lækkun kom til framkvæmda fyrir klukkan níu á mánudag."

Hermann bendir á að á sama tíma og olíuverð hefur farið lækkandi hefur gengi krónunnar versnað. Þetta hafi óneitanlega áhrif á verð bensínlítrans.

„Þegar olían lækkar úti en krónan gefur eftir er engin inneign eftir til frekari lækkunar. Það er bara þannig," segir Hermann.

Runólfur væntir þó enn frekari lækkana. „Olíuverð hefur haldið áfram að síga í dag sem ætti að virka jákvætt fyrir neytendur." - ktg

**Þróun á bensínverði**




HEIMILD: FÍB



**Langjökull gleypti Frost**
*Langjökull gleypti tökustað spennutryllisins Frosts sem verður frumsýndur í haust.*
popp 30

**Sjaldgæft sjónarspil**
*Stjörnuáhugamenn horfa til himins í kvöld þegar Venus gengur fyrir sólina.*
tímamót 18



**Óstöðvandi í Noregi**
*Matthías Vilhjálmsson raðar inn mörkunum í Noregi og er orðinn vanur gervigrasinu.*
sport 26

**veðrið í dag**




**VÆTA** Í dag má búast við strekkingi norðvestan og vestan til og einnig allra austast. Rigning með köflum norðaustan og austan til og slydda eða snjór á hálendi. Dálítil úrkoma suðvestan til. Hiti 3-12 stig.
VEÐUR 4



**NÝKÆPTIR KÓPAR NUTU BLÍÐUNNAR** Tvær af þremur urtum í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum hafa kæpt á síðustu dögum. Landselskópar, eins og sá sem sést ásamt urtu á myndinni, vega um fimmtán kíló við kæpingu og verða á spena í fjórar til sex vikur. Þá munu þeir hafa tvöfaldað þyngd sína. Fjöldi fólks skoðaði nýju kópana í blíðunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þjónusta homma og lesbíur:

## Koma til Íslands til að gifta sig

**FERÐIR** Ferðaþjónustufyrirtækið Pink Iceland sérhæfir sig í ferðum hingað til lands fyrir samkynhneigða. Það er í eigu kærustuparsins Evu Maríu Þórarinsdóttur og Birnu Hrannar Björnsdóttur.

Í kjölfar fjölda eftirspurna ákváðu þær að taka að sér skipulagningu á brúðkaupum samkynhneigðra. Þær hafa haldið utan um brúðkaup af öllum stærðum og gerðum hingað til og eru með fjögur á döfinni í sumar. „Við ákváðum að anna eftirspurninni og vorum allt í einu orðnar brúðkaupsskipuleggjendur og farnar að hafa áhyggjur af blómaskreytingum," segir Eva María.

„Við leggjum mikið upp úr því að hafa hinsegin brag á ferðunum okkar. Til dæmis deilum við ýmsum fróðleik um samfélag hinsegin fólks hérlendis og bendum á staði sem samkynhneigðir gætu haft áhuga á." - trs / sjá síðu 30

Niðurstöður nýrrar íslenskrar rannsóknar kynntar á ráðstefnu næringarfræðinga:

# Of feitum börnum fækkar

**HEILBRIGÐISMÁL** Helmingi færri sex ára börn hér á landi eru of feit en fyrir tíu árum síðan. Þá var fimmta hvert barn á þessum aldri of feitt en nú er hlutfallið tíunda hvert barn.

Þetta kom fram í máli Ingibjargar Gunnarsdóttur á ráðstefnu Samtaka norrænna næringarfræðinga í gær. Hún kynnti niðurstöður rannsóknar á langtímaáhrifum breytinga í mataræði ungbarna.

Tveir árgangar voru rannsakaðir sem fæddir voru með tíu ára millibili. Meðal breytinga sem sjást á mataræði ungbarna milli kannana er að prótínneysla við níu mánaða aldur er lægri í seinni árganginum, að sögn Ingibjargar. Þetta skýrist af minni neyslu á kúamjólk. „Strákar sem neyttu mest af prótíni við 9 til 12 mánaða aldur voru með marktækt hærri líkamsþyngdarstuðul við sex ára aldur en drengir sem neyttu minna prótíns," segir Ingibjörg. - bþh / sjá síðu 6










**SPURNING DAGSINS**



*Þorbjörn, voruð þið búin að gera útgönguspá?*

„Nei, þetta var „force majeure“.“

Þorbjörn Þórðarson er fréttamaður á Stöð 2. Í kappræðum fréttastofunnar í gær milli forsetaframbjóðenda gengu þrír frambjóðendur á dyr í upphafi útsendingar sem Þorbjörn stjórnaði.

Íslenska tölvuleikjafyrirtækið Gamatic markaðssetur leik í gegnum Facebook:

# Dreifa ókeypis tölvuleik á íslensku

**TÆKNI** Íslenska tölvufyrirtækið Gamatic hefur í dag dreifingu á nýjum tölvuleik að nafni Samsærið. Um er að ræða ævintýraleik sem snýst um að upplýsa glæp með því að leysa þrautir. Sérstaða leiksins er sú að hann hefur verið íslenskaður að fullu og verður dreift hér á landi án endurgjalds.

Björn Sch. Thorsteinsson forstjóri Gamatic, sem sér um dreifingu tölvuleikja víða um heim, segir í samtali við Fréttablaðið að leikir af þessari tegund hafi notið mikilla vinsælda erlendis en ekki enn náð miklu flugi á Íslandi.

„Þetta er milljarðaiðnaður um allan heim, en við vildum kynna þessa tegund leikja fyrir Íslendingum. Við ákváðum því nýlega, í samráði við framleiðandann, að gefa þennan fyrsta leik. Hann er aðgengilegur í gegnum Facebook og algerlega án skuldbindinga,“ segir Björn.

Gamatic hefur borið kostnaðinn við að íslenska leikinn, en þetta er fyrsti hluti í þriggja leikja röð. Næsta útgáfa er væntanleg í haust og bráðlega verða leikirnir einnig til reiðu fyrir farsíma og spjaldtölvur. **- þj**




**RÁÐGÁTUR** Tölvuleikurinn Samsærið snýst um að leysa glæpagátu, en leikurinn hefur verið íslenskaður og verður dreift án endurgjalds.

Lögregla stöðvaði 30 bíla:

# Sektuðu fyrir nagladekkin

**LÖGREGLUMÁL** Ökumenn 30 bíla á höfuðborgarsvæðinu voru sektaðir um helgina fyrir að aka um á nagladekkjum. Notkun þeirra er óheimil á þessum árstíma.

„Þeim verður gert að greiða fimm þúsund krónur í sekt fyrir hvert nagladekk og því kemur þetta verulega við pyngjuna hjá áðurnefndum ökumönnum,“ segir í tilkynningu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Hafi öll dekk bílanna verið negld nemur sektarinnheimtan vegna þessa samtals 600 þúsund krónum. **- óká**

# Laufskrúð og byggð dregur úr vindinum

**Lækkun ársmeðalvindhraða í Reykjavík er 0,1 m/s á áratug frá 1950. Mögulega enn meiri lækkun síðustu ár, að sögn Einars Sveinbjörnssonar veðurfræðings.**

**VEÐURFAR** Aukin trjárækt og byggð hefur dregið úr vindi í Reykjavík á undanförnum áratugum. Benda mælingar til þess að lækkun ársmeðalvindhraða geti numið 0,1 m/s á áratug frá því um 1950. Vera má að síðustu 10 árin eða svo hafi lækkunin verið enn meiri. Þetta kemur fram í grein Einars Sveinbjörnssonar veðurfræðings í 1. tbl. Skógræktarritsins á þessu ári.

„Það kemur ekki á óvart að vindur skuli hafa farið minnkandi vegna aukinnar byggðar og trjágróðurs en það er ekki einfalt mál að meta það,“ segir Einar í viðtali við Fréttablaðið.

Hann kveðst þess vegna hafa lagst yfir vindmælingar í Reykjavík. „Vindmælir hefur verið fluttur að minnsta kosti einu sinni auk þess sem breytt hefur verið um hæð hans og gerð. En með ákveðinni yfirlegu má ætla að dregið hafi talsvert úr vindi. Meðalvindurinn á ári frá 1961 til 1990 í Reykjavík er 5 til 5,5 m/s yfir árið þannig að minnkun um 0,1 m/s er talsverð. Á síðustu árum hefur vindhraðinn í Reykjavík verið að fara undir 3 m/s. Það hefur gerst nokkuð oft og bendir til þess að laufskrúðið sé farið að hafa veruleg áhrif í átt til bætts skjóls. Það er hins vegar ómögulegt að greina á milli áhrifa byggðarinnar sjálfrar og trjágróðursins en hann fer að brjóta upp vindinn þegar trén eru farin að mynda gisinn skóg í heilu hverfunum.“

Að sögn veðurfræðingsins er það fyrst og fremst þegar trén eru farin að ná upp fyrir húsþök sem þau mynda skjól. „En svo verður það að vera útsjónarsemi hvers og eins garðeiganda að gróðursetja tré þar sem það kemur ekki til með að mynda skugga í garðinum eða hjá nágrannanum.“

Einar tekur það fram að ekki megi gleyma skógræktinni í Heiðmörk sem hafi vafalítið markverð áhrif í að draga úr vindi, einkum í austlægum vindáttum sem séu ríkjandi á höfuðborgarsvæðinu.

Í grein sinni segir Einar að Reykjavík teljist ekki vera vindasamur staður. Meðalvindhraði 2001 til 2010 mælist um 4,2 m/s og þykir lágt í íslensku samhengi. Til samanburðar getur hann þess að meðalvindur á ársgrundvelli á Keflavíkurflugvelli sé um 7,0 m/s. **ibs@frettabladid.is**



**Í FOSSVOGI** Skjólgott hverfi þar sem trjágróðurinn hefur vaxið upp fyrir hæð húsanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Vilja að borgarbúar varðveiti trjágróður

Brýna þarf fyrir borgarbúum að varðveita eins og kostur er þann trjágróður sem fyrir er í görðum þeirra í borginni og sinna honum þannig að hann haldi áfram að taka upp koldíoxíð úr andrúmslofti. Þetta skrifa skógfræðingarnir Arnór Snorrason og Gústaf Jarl Viðarsson í grein í Skógræktarritinu um rannsóknir sínar á kolefnisbindingu trjágróðurs í þéttbýli Reykjavíkur. Niðurstöður þeirra sýna að kolefnisbinding trjáa á þessu svæði nemur um 5.000 til 7.600 tonnum af koldíoxíði á hverju ári.



**EINN KAFBÁTANNA** Alls hafa Þjóðverjar afhent Ísrael þrjá kafbáta og munu afhenda þrjá til viðbótar á næstu fimm árum. NORDICPHOTOS/AFP

Þýskir kafbátar til Ísraels:

# Kjarnorkuvopn verða um borð

**ÞÝSKALAND** Þýsk stjórnvöld hafa frá upphafi vitað að Ísraelar myndu setja kjarnorkuvopn í kafbáta sem framleiddir eru í Þýskalandi og að stærstum hluta greiddir af þýskum stjórnvöldum.

Þetta er fullyrt í þýska tímaritinu Der Spiegel, sem vitnar bæði í þýska og ísraelska heimildarmenn.

Þetta stangast á við fyrri yfirlýsingar þýskra stjórnvalda, sem hafa ítrekað fullyrt að Ísraelar ætli ekki að setja kjarnorkuvopn í bátana. Ríkisstjórn Angelu Merkel sætir nú gagnrýni vegna málsins. **- gb**

Mega innheimta gengislán:

# Fara yfir synjun lögbannsbeiðni

**EFNAHAGSMÁL Landsbankanum verður áfram heimilt að innheimta greiðsluseðla áður gengistryggðra lána, samkvæmt niðurstöðu sýslumannsins í Reykjavík. Hann hefur hafnað lögbannskröfu Hagsmunasamtaka heimilanna og talsmanns neytenda í þá veru.**

**Farið var fram á að tekið yrði fyrir innheimtuna í ljósi þeirrar miklu óvissu sem ríkir um lánin, sem Hæstiréttur hefur dæmt ólögmæta. Ný stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna, ásamt talsmanni neytenda, mun taka ákvörðun um hvort málið verður sent fyrir héraðsdóm.** **- sh**

Jóhanna telur hægt ganga:

# Vonsvikin með umboðsmann

**ALÞINGI Ástæða er til að endurskoða og endurskipuleggja starf umboðsmanns Alþingis vegna þess hversu hægt fólki gengur að fá úrlausn sinna mála hjá embættinu. Þetta sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra á Alþingi í gær.**



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**

**Jóhanna sagði að miklu fé hefði verið varið í embættið og að þar starfaði mikill mannskapur. „Ég verð að segja eins og er að það hefur valdið mér nokkrum vonbrigðum hve hægt og seint gengur að klára mál á þeim vettvangi,“ sagði Jóhanna í svari við fyrirspurn Bjarna Benediktssonar. Þá hefði það enn fremur valdið henni miklum vonbrigðum að greiðsluaðlögun hefði ekki skilað sér hraðar til fólks.** **- sh**

Spár um ellilífeyrisaldur:

# Á vinnumarkaði til áttræðs

**BANDARÍKIN** Vesturlandabúar þurfa að vinna þar til þeir verða 70 til 80 ára. Þetta er mat Roberts Benmosch, framkvæmdastjóra bandaríska tryggingarisans AIG.

Í viðtali við Bloomberg fréttaveituna segir Benmosch að þetta sé nauðsynlegt til þess að ríki hafi ráð á ellilífeyrisgreiðslum og heilbrigðisþjónustu en einnig til þess að greiðslubyrðin verði ekki of þung fyrir yngri kynslóðirnar.

Ekki er langt síðan Fredrik Reinfeldt, forsætisráðherra Svíþjóðar, gaf í skyn að Svíar kynnu að þurfa að vera á vinnumarkaði þar til þeir yrðu 75 ára. **- ibs**


**60 ára og eldri**

*Frábær félagsskapur, aðhald og stuðningur*



- Hópþjálfun tvisvar í viku með einföldum æfingum. Lokað námskeið (4 vikur).
- Hefst 11. júní.
- Mán og mið kl. 11:00-12:00.
- Verð kr. 9.900,-

Skráning á mottaka@heilsuborg.is eða í síma 560 1010

HEILSUBORG

Faxafeni 14 • Sími 560 1010

www.heilsuborg.is



**Komdu og prófaðu!**

"Það er svo gott að koma í Heilsuborg. Ég vissi ekki hverju ég ætti von á og hvort ég ætti eitthvað erindi í Heilsuborg en strax eftir fyrsta tímann var ég ákveðin í að halda áfram."

**Margrét Eiríksdóttir**


Flataskóli í Garðabæ býður foreldrum að senda börn sín ári fyrr í grunnskóla:

# Fimm ára fá inni í Flataskóla

**MENNTAMÁL** Flataskóli í Garðabæ mun í haust bjóða foreldrum fimm ára barna upp á val um að senda barn sitt í grunnskóla einu ári fyrr en áður. Ólöf Sigurðardóttir skólastjóri Flataskóla segir ráðist í verkefnið á faglegum forsendum.

„Þetta verkefni hjá okkur í Flataskóla er fyrsta stigið í samrekstri leik- og grunnskóla sem verið er að skoða um þessar mundir,“ segir Ólöf.

Fimm ára bekkurinn fær aðstöðu í sömu álmu og sex ára börnin í fyrsta bekk grunnskólans. „Við gerum ráð fyrir nánu samstarfi og flæði milli þessara tveggja hópa.“

Foreldrar fimm ára barna í Garðabæ geta því valið hvort börnin fari áfram í leikskóla eða ári fyrr í grunnskóla. „Þetta er ein af fjölmörgum leiðum sem hægt er að fara til að auka fjölbreytni í skólakerfinu,“ segir Ólöf.

Hingað til hafa aðallega einkaskólar boðið upp á þessa þjónustu fyrir fimm ára börn en Ólöf segir marga foreldra hafa sýnt áhuga á að senda börn sín fyrr í grunnskóla. „Sumir hafa saknað þess að fá ekki þessa þjónustu í bæjarskólunum. Þeir foreldrar sem við höfum heyrt í eru spenntir fyrir þessari nýjung.“ **- bþh**



**FLATASKÓLI** Skólinn býður upp á þjónustu fyrir fimm ára börn næsta haust kjósi foreldrar að senda börnin fyrr í grunnskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

**Okkar markmið er að gera góða þjónustu betri**

Viðskiptavinir Íslandsbanka eru ánægðustu viðskiptavinir fjármálafyrirtækja samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni 2011.

Við erum stolt af þessum árangri sem er okkur mikil hvatning til að halda áfram á þeirri braut að gera góða þjónustu á öllum sviðum enn betri.

Við bjóðum góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

**GENGIÐ 04.06.2012**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 129,46 | 130,08 |
| Sterlingspund | 199,27 | 200,23 |
| Evra | 160,97 | 161,87 |
| Dönsk króna | 21,661 | 21,787 |
| Norsk króna | 21,164 | 21,288 |
| Sænsk króna | 17,876 | 17,980 |
| Japanskt jen | 1,6560 | 1,6656 |
| SDR | 195,62 | 196,78 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
223,0504

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Jóhanna Sigurðardóttir harðorð um vinnustöðvun útgerðarmanna í umræðum á Alþingi:

# Aðgerðir LÍÚ ólögleg og ósvífin árás á Alþingi

**ALÞINGI** „Þær aðgerðir sem Landssamband íslenskra útvegsmanna er að fara í núna, sem að mínu viti eru ólöglegar, eru ekkert annað en ósvífnar aðgerðir og eiga auðvitað ekki að líðast.“ Þetta sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra á þingi í gær um þá ákvörðun útgerðarmanna að halda fiskiskipaflota landsins í höfn næstu daga til að mótmæla kvótafrumvörpum ríkisstjórnarinnar.

Jóhanna sagði aðgerðirnar brjóta gegn lögum um stéttarfélög og vinnudeilur og væru sprottnar af því að útgerðarmenn óttuðust að ná ekki fram öllum sínum ýtrustu kröfum. „Vegna þess að þegar sjálfstæðismenn og framsóknarmenn stjórnuðu þá gátu þeir verið þar inni á teppi og fengið það sem þeir vildu, en þeir fá það ekki hjá þessari ríkisstjórn.“ Hún sagði aðgerðirnar enn fremur fullkomlega óþolandi, ógeðfelldar og kallaði þær ólöglega „árás á Alþingi“.

Jón Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, varði aðgerðirnar og sagði eðlilegt að útgerðarmenn tækju sér nokkra daga til að ráðfæra sig við starfsfólk sitt um næstu skref. Allt væri þetta gert í samráði við sjómenn.

Jóhanna efaðist um að ákveðið hefði verið að ráðast í aðgerðirnar í fullri sátt við sjómenn og landvinnslufólk. „Var leitað samráðs við það um þessa aðgerð? Ég er ansi hrædd um að svo sé ekki,“ sagði Jóhanna. Það væri bjargföst skoðun hennar að um pólitískt verkfall væri að ræða sem ætti ekki heima í lýðræðisþjóðfélagi. **- sh**



**SAMRÁÐ** Jóhanna Sigurðardóttir sagðist efast um að samráð hefði verið haft við sjómenn og fiskverkafólk vegna vinnustöðvunarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fyrrum ráðuneytisstjóri:

## Til mannréttindadómstólsins

**DÓMSMÁL Mál Baldurs Guðlaugssonar fyrrverandi ráðuneytisstjóra hefur verið kært til Mannréttindadómstóls Evrópu. Þetta kom fram á RÚV í gær.**



**BALDUR GUÐLAUGSSON**

**Baldur var dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir innherjasvik í febrúar og hefur þegar hafið afplánun.**

**Mannréttindadómstóllinn tekur nú málið til athugunar, en líklegt er að ákvörðun um áframhaldið liggi fyrir um mitt næsta ár.** **- þeb**

Björgunarstörf í Nígeríu:

## Talið að margir íbúar séu látnir

**NÍGERÍA, AP** Óttast er að margir íbúar í Lagos, höfuðborg Nígeríu, hafi látist þegar flugvél hrapaði þar á sunnudag.

Um borð í vélinni voru 153 manns og létu þeir allir lífið. Björgunarfólk hefur leitað í rústunum og síðdegis í gær voru lík 48 manns fundin.

Flugstjórar vélarinnar töluðu um vélartruflanir stuttu áður en vélin hrapaði í aðflugi að flugvellinum í Lagos. Þetta er versta flugslys í Nígeríu í tvo áratugi. **- gb**

**LEIÐRÉTT**

Ranghermt var í frétt í helgarblaði Fréttablaðsins um tilnefningar til Grímuverðlaunanna að Afmælisveislan hefði fengið flestar tilnefningar. Hið rétta er að Vesalingarnir hlutu flestar tilnefningar, eða níu talsins. Er beðist velvirðingar á rangfærslunum.

# Enginn sáttatónn og skip enn við bryggju

**Sjávarútvegsráðherra segir aðgerðir LÍÚ ekki koma til með að hafa áhrif. Hann hafi aldrei hafnað því að ræða við útvegsmenn. Framkvæmdastjóri LÍÚ neitar að um lögbrot sé að ræða og kallar eftir því að málið verði leyst í breiðri sátt.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Skipafloti meðlima Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) liggur enn við bryggjur landsins í mótmælaskyni við frumvörp til laga um stjórn fiskveiða og veiðigjöld. Formaður LÍÚ biður um lausn í sátt við hagsmunaaðila og sérfræðinga, en sjávarútvegsráðherra segir útvegsmenn hafa haft tækifæri til að koma sínum skoðunum á framfæri.

„Ég kannast hvorki við að hafna því að hitta útvegsmenn né ræða við þá,“ segir Steingrímur J. Sigfússon og segir útvegsmenn hafa haft fullan aðgang að ferlinu.

„Ég læt ekki stjórnast af þrýstingi af þessu tagi og læt menn hvorki njóta þess né gjalda þó þeir fari út í aðgerðir sem mér finnst sjálfum orka tvímælis.“

Um lögmæti aðgerðanna segir Steingrímur að um það megi deila. Forsætisráðherra sagði á þingi í gær að þær brytu í bága við lög. Í tilkynningu frá ASÍ er tekið undir þau sjónarmið.

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, neitar að um lögbrot sé að ræða.

„ASÍ vísar í lagagrein sem fjallar um vinnustöðvun, sem væri verkbann í okkar tilfelli. En þetta er ekki verkbann eða vinnustöðvun í skilningi laganna. Ef við förum í verkbann, sem ég vona að komi aldrei til, þá mun það snúa að sjómönnum og starfsfólki, en það er einmitt það sem við erum að reyna að koma í veg fyrir. ASÍ er að snúa hlutunum á hvolf. Ég held að þau ættu frekar að koma við hlið okkar í þessu máli til að verja hagsmuni launafólks.“

Steingrímur segir frumvörpunum alls ekki stefnt gegn hagsmunum launafólks. „Málið snýst fyrst og fremst um sameign á auðlindinni og að eðlilegt afgjald sé greitt af henni.“

Aðspurður um frekari aðgerðir af hendi LÍÚ segir Friðrik að sú ákvörðun bíði seinni tíma.

Hann segir útgerðarmenn vilja að lög um stjórn fiskveiða verði unnin í samstöðu atvinnugreinarinnar, stjórnmálaflokkanna og sérfræðinga, „á vandaðan og yfirvegaðan hátt“. **thorgils@frettabladid.is**



**BUNDNIR VIÐ BRYGGJU** Togarar lágu bundnir við bryggju í Vestmannaeyjum í gær eins og annars staðar á landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

### „Skapar glundroða og óeiningu“

Fjölmenni var á fundi landverkafólks og sjómanna í Vestmannaeyjum í gær og var þar samþykkt harðorð ályktun gegn fiskveiðifrumvörpum stjórnvalda. Þau séu „klárlega aðför að kjörum sjómanna og landverkafólks“ að mati fundarins og „skapi glundroða og óeiningu meðal þjóðarinnar“. Skoraði fundurinn á stjórnvöld að sækja Eyjar heim til að heyra sjónarmið Eyjamanna.

Pútín Rússlandsforseti:

## Vill setja lög um mótmæli

**RÚSSLAND, AP** Vladimir Pútín Rússlandsforseti segist vilja innleiða lög um mótmæli að evrópskri fyrirmynd.

Mannréttindasamtök og stjórnmálamenn í Evrópuríkjum hafa gagnrýnt Pútín og Rússa fyrir það hvernig tekið er á mótmælum í landinu. Nú eru í undirbúningi í þinginu lög sem myndu hækka hámarkssektir fyrir ósamþykkt mótmæli gríðarlega mikið.



**VLADIMIR PÚTÍN**

Pútín sagði í ræðu í gær að mótmæli væru eðlileg, en að Rússland ætti að taka upp lög margra Evrópuríkja til að taka á þeim. **- þeb**

Leiðari Læknablaðsins:

## Fást ekki hæfir heimilislæknar

**HEILBRIGÐISMÁL Heimilislæknar eru of fáir og ekki fást hæfir umsækjendur í stöður sem eru auglýstar.**

**Þetta kemur fram í leiðara eftir Þórarin Ingólfsson, formann félags íslenskra heimilislækna, í nýjasta tölublaði Læknablaðsins. Hann segir heilbrigðisyfirvöld verða að viðurkenna að kerfið hvíli á þekkingargrunni læknisfræðinnar, og við lækna eigi að hafa samráð um breytingar eins og þær sem gerðar hafi verið undanfarin ár.**

**Þá hafa ekki verið gerðir samningar við sérgreinalækna á stofum og því hafi kostnaður sjúklinga aukist. „Þess eru mörg dæmi að fólk bíður undan tilvísun til sérfræðings vegna kostnaðar. Slíkt er óásættanlegt.“** **- þeb**


HÓPKAUP.IS Í DAG

Þvottur og bón fyrir allar gerðir bíla

2.990 kr.

GILDIR 24 TÍMA

Verð 5.000 kr. | Afsláttur 40% | Afsláttur í kr. 2.010 kr.

Bíladagar þessu viku á Hópkaup.is

Bónstöð Íslands, Víkurhvarfi 4 (neðri hæð), Kópavogi.
Verð aðeins 2.990 kr. (fólksbíll), 3.300 kr. (jepplingur) og 3.600 kr. (jeppi).



HÓPKAUP
í krafti fjöldans

hópkaup.is


**VEÐURSPÁ**



**Snjólaug Ólafsdóttir** veðurfréttamaður

**KÆLING** Eftir síðustu viku er gott að kæla sig aðeins niður. Mætti þó vera mildara N- og A-til þar sem hitinn verður frá 3 stigum yfir miðjan daginn og líklegt að það snjói til fjalla. Nokkur væta í kortunum, sérstaklega N- og A- til, en skúrir eða lítils háttar rigning víða annars staðar.



**Á MORGUN** víða 5-12 m/s, hvassast V- og A-til.

**FIMMTUDAGUR** 3-10 m/s, hvassast NV-til.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 27° |
| Basel | 26° |
| Berlín | 14° |
| Billund | 15° |
| Frankfurt | 17° |
| Friedrichshafen | 18° |
| Gautaborg | 15° |
| Kaupmannahöfn | 15° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 15° |
| Mallorca | 26° |
| New York | 20° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 16° |
| París | 18° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 17° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

VITA - ferðaskrifstofa á traustum grunni

# Salan er hafin!

# Ítölsku Alparnir

## Morgunflug með Icelandair til Verona



Ljósmyndari: Randy Lincks



Fararstjórar: Einar, Anna, Evert og Örn

**Flugáætlun:**

19. janúar, 26. janúar,
2., 9., 16. og 23. febrúar.



Lilja Jónsdóttir er einn af ferðaráðgjöfum VITA og hefur áralanga reynslu af sölu skíðaferða.



**Beint morgunflug, glæsilegur farkostur.**

Vinsamlegast athugið: Einstaka sinnum kemur fyrir að farþegar VITA fljúga með Icelandair vél sem ekki er búið að setja í ný sæti og nýtt afþreyingarkerfi

### Madonna di Campiglio



**Hótel St. Hubertus** 19. - 26. jan. ★★★

Einn vinsælasti skíðastaður á Ítalíu. Þægilegar brekkur sem henta öllum!

**Verð frá 133.900 kr.***

og 15.000 Vildarpunktar

á mann í tvíbýli á Hótel St. Hubertus sem er þriggja stjörnu hótel á besta stað í Madonna.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

* Verð án Vildarpunkta 143.900 kr.

### Selva, Val Gardena



**Hótel Des Alpes** 19. - 26. jan. ★★★

Selva, Val Gardena – Stærsta skíðasvæði í Evrópu. Náttúrufegurð, nægur snjór og brekkur fyrir alla. Það er Selva!

**Verð frá 159.600 kr.***

og 15.000 Vildarpunktar

á mann í tvíbýli á Hótel des Alpes, sem er þriggja stjörnu hótel við aðal-götuna í Selva.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 169.600 kr.

### Val di Fiemme



**Hótel Shandrani** 19. - 26. jan. ★★★★

Val di Fiemme – Skíðasvæði með löngum, flottum brekkum sem kemur þér skemmtilega á óvart.

**Verð frá 161.900 kr.***

og 15.000 Vildarpunktar

á mann í tvíbýli á Hótel Shandrani, sem er glæsilegt fjögurra stjörnu hótel með öllum þægindum.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting, hálft fæði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 171.900 kr.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is

VITA er lífið

ÍSLENSKA SIA.IS/ VIT 59989 06/12

**KJÖRKASSINN**



*Átt þú íslenska lopapeysu?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 70,8% |
| NEI | 29,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Er rétt hjá LÍÚ að stöðva veiðar í viku í mótmælaskyni?*

Segðu þína skoðun á vísir.is. vísir

Ákæra á hendur fyrrverandi millistjórnanda hjá Glitni þingfest í héraðsdómi:

# Kveðst saklaus af innherjasvikum

**DÓMSMÁL** Friðfinnur Ragnar Sigurðsson, fyrrverandi millistjórnandi hjá Glitni, neitaði því fyrir dómi í gær að hafa gerst sekur um tuttugu milljóna króna innherjasvik árið 2008.

Ákæra í málinu var þingfest í Héraðsdómi Reykjaness í gær. Samkvæmt henni seldi Friðfinnur, sem var forstöðumaður millibankamarkaðar í fjárstýringu bankans, hlutabréf sín í Glitni fyrir samtals tæpar 20,2 milljónir á árinu 2008, fyrst í mars, síðan í apríl og síðast um miðjan september.

Fullyrt er í ákærunni að hann hafi í öllum tilvikum búið yfir innherjaupplýsingum um slæma lausafjárstöðu bankans í krafti stöðu sinnar. Þær hafi einkum borist honum í fjölda tilgreindra tölvuskeyta frá samstarfsmönnum hans, þar sem farið var yfir lausafjárstöðu bankans.

Þetta er annað innherjasvikamálið sem sérstakur saksóknari höfðar frá bankahruni. Það fyrra var á hendur Baldri Guðlaugssyni, fyrrverandi ráðuneytisstjóra, sem var sakfelldur fyrir 192 milljóna króna innherjasvik og dæmdur í tveggja ára fangelsi. **- sh**



**GLITNIR** Friðfinnur starfaði sem forstöðumaður millibankamarkaðar í fjárstýringu Glitnis. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Fasteignamarkaðurinn:

## 91 samningi þinglýst á viku

**FASTEIGNAMARKAÐUR Alls var 91 kaupsamningi þinglýst á höfuðborgarsvæðinu á milli 25. og 31. maí. Á vef Þjóðskrár segir að 65 samningar hafi verið um eignir í fjölbýli, 23 um sérbýli og þrír um aðrar eignir en íbúðarhúsnæði.**

**Heildarveltan var 2.848 milljónir króna og meðalupphæð á samning 31,3 milljónir króna. Fjöldi samninga sem og heildarvelta er álíka og á sama tíma í fyrra.**

**Sjö kaupsamningum var þinglýst á Suðurnesjum, sextán á Akureyri og fimm á Árborgarsvæðinu. - þj**


GERPLA

**Aðalfundur Íþróttafélagsins Gerplu verður haldinn í dag, 5. júní.**

Fundurinn fer fram í félagsaðstöðu Gerplu á annarri hæð í Versölum og hefst kl. 20:00.

Hefðbundin aðalfundarstörf
Stjórn Gerplu

**Sundnámskeið**

ÍÞRÓTTAFÉLAG FATLAÐRA REYKJAVÍK STOFNAÐ 30. 5. 1974

**Sundnámskeið fyrir börn hefst 11. júní.**
Kennt verður í Sundlaug Sjálfsbjargar, Hátúni 12.

Skráning fer fram í Íþróttahúsi ÍFR Hátúni 14 eða í síma 561-8226.

Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík

**Kort af Íslandi**
Úrval af veggkortum
Allt að 45% afsláttur



Frábær Tilboð Veggkort Ýmsar stærðir
Ferðakort
Brautarholti 8 / 105 Reykjavík / 517 7210 / www.ferdakort.is

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
Foreldrum og yfirvöldum ber að tryggja öryggi barna




**MIKILVÆGT** Halldór Ásgrímsson, framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar, fjallaði um aðgerðaáætlun nefndarinnar um betri heilsu og lífsgæði á ráðstefnunni í gær. Vigdís Finnbogadóttir er verndari ráðstefnunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Of feitum börnum fækkað um helming

**Niðurstöður rannsóknar sem kynnt var á ráðstefnu Samtaka norrænna næringarfræðinga sýna að helmingi færri sex ára börn á Íslandi eru of feit nú en fyrir tíu árum. Minni prótínneysla ungbarna er stór áhrifavaldur segir sérfræðingur.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Helmingi færri sex ára börn á Íslandi eru of feit nú samanborið við ástandið fyrir tíu árum. Þá var fimmta hvert sex ára barn of feitt en tíunda hvert barn nú.

Þetta kom fram í erindi Ingibjargar Gunnarsdóttur sem hún flutti á ráðstefnu Samtaka norrænna næringarfræðinga sem haldin var á Hotel Nordica í gær. Þar kynnti hún niðurstöður rannsóknar sinnar á langtímaáhrifum breytinga í mataræði ungbarna, sem ná til tíu ára tímabils.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru að tíðni ofþyngdar sex ára barna hefur lækkað úr 20 prósentum í 10 prósent á tíu ára tímabili. Tveir árgangar voru rannsakaðir, sá fyrri fæddur á árabilinu 1995 til 1997 og sá síðari árin 2005 til 2007.

„Meðal breytinga sem sjást á mataræði ungbarna milli kannana er að prótínneysla við níu mánaða aldur er lægri í seinni árgangnum," segir Ingibjörg. Hún segir að þetta megi skýra með því að þau drekki minna af kúamjólk. Í fyrirlestri Ingibjargar var bent á að árið 2003 voru nýjar ráðleggingar til foreldra ungbarna kynntar á Íslandi. Meiri áhersla var lögð á brjóstagjöf, ráðlagt að takmarka neyslu barnanna á venjulegri kúamjólk og sérstök stoðmjólk kynnt til sögunnar.

„Mjög háa prótínneyslu mátti útskýra, meðal annars, með mikilli neyslu á venjulegri kúamjólk, allt að tvo lítra á dag meðal 9-12 mánaða barna," segir Ingibjörg.

**Helmingi færri of feit**

**Hlutfall of feitra sex ára barna í árgöngunum tveimur.**




Aðrar rannsóknir hafa sýnt fram á að mikil prótíninntaka á fyrstu árum lífsins getur aukið hættu á offitu síðar í þroskaferli barna.

„Strákar sem neyttu mest af prótíni við 9-12 mánaða aldur voru með marktækt hærri líkamsþyngdarstuðul við sex ára aldur en drengir sem neyttu minna prótíns," segir Ingibjörg. „Fleiri áhrifaþættir gætu spilað inn í þessar niðurstöður en áhrif prótíninntöku eru áhugaverð."

Inga Þórsdóttir er aðalskipuleggjandi ráðstefnunnar. Hún segir vinnu rannsóknarhópsins frábæra. „Ísland hefur batnað á rannsóknartímabilinu. Unga fullorðna fólkið er að gera betri hluti við uppeldi barna sinna en það gerði fyrir tíu árum."

Ráðstefnan var sett í tíunda sinn í Reykjavík í gær, en hún er haldin fjórða hvert ár. Vigdís Finnbogadóttir er verndari ráðstefnunnar í ár og var hún viðstödd setninguna í gærmorgun.

**birgirh@frettabladid.is**

Neytendur kalla eftir upplýsingum um uppruna lopapeysa í verslunum:

# Merkingar geta verið villandi

**VERSLUN** „Ef það stendur íslenskar lopapeysur, merkt með íslensku fánamerki, þannig að það sé gefið í skyn að þetta sé alíslenskt, þá get ég nú tekið undir að þetta geti virkað villandi," segir Gísli Tryggvason talsmaður neytenda spurður út í vörumerkingar á lopapeysum.

„Ef þetta er bara merkt sem íslensk hönnun og framleitt úr íslenskri ull, get ég ekki fullyrt um að þetta sé eitthvað ólöglegt," segir Gísli.

„Ef upplýsingar eru gefnar eiga þær náttúrulega að vera réttar,



**GÍSLI TRYGGVASON**

fullnægjandi og þar af leiðandi ekki villandi." Hann segir almennt að neytendur geri meiri kröfur um að fá að vita hvar vörurnar séu framleiddar.

„Sumir vilja vita hvar varan er framleidd, til að vita við hvaða vinnuskilyrði og umhverfisskilyrði varan er framleidd," segir Gísli.

„Við höfum alltaf sagt að ef framleiðendur telja vöruna íslenska, þá er bara ósköp einfalt fyrir þá að segja að hvaða leyti hún er íslensk," segir Sigurður B. Halldórsson lögfræðingur hjá Samtökum iðnaðarins. Hann vildi þó ekki tjá sig um einstök tilfelli enda fá fyrirtæki sem tengjast málinu aðilar að Samtökum iðnaðarins.

Neytendastofa kannar allar ábendingar, en getur ekki gefið svör um málið að svo stöddu. **- ktg**

# Hvað er verið að segja um þig í fjölmiðlum?

Við vöktum og greinum alla umfjöllun og tryggjum þér fullkomna yfirsýn




## ALLAR FRÉTTIR Á EINUM STAÐ

Nýr notendavefur Fjölmiðlavaktarinnar veitir aðgang að öllum fjölmiðlaupplýsingum á einum stað.

SAMFÉLAGS-MIÐLAR | ÚTVARP | NETMIÐLAR | SJÓNVARP | PRENTMIÐLAR

**NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.FMV.IS**

FJÖLMIÐLAVAKTIN

FJÖLMIÐLAVAKTIN • HÖFÐABAKKA 9 • 110 REYKJAVIK • SÍMI: 550 9600

RADGJOF@FMV.IS

**VEISTU SVARIÐ?**



1. Hvaða forsetaframbjóðendur gengu út úr beinni útsendingu kappræðna hjá Stöð 2 á sunnudag?
2. Hvað skuldar Grafarvogskirkja mikla peninga?
3. Hver hefur hug á að kaupa norska vafrafyrirtækið Opera?

**SVÖRIN**

1. Andrea J. Ólafsdóttir, Ari Trausti Guðmundsson og Hannes Bjarnason. 2. Sex hundruð milljónir króna. 3. Facebook.

Kaldara loft úr norðri tekur við á landinu en það er ekki óvenjulegt í byrjun júní:

# Veðurblíðunni er lokið í bili

**VEÐUR** Veðurblíðunni er lokið í bili og við tekur kaldara loft sem berst úr norðri. Þetta segir Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur.

„Þetta er búið að standa í átta daga, byrjaði á hvítasunnudag og dagarnir voru hver öðrum líkir," segir Einar. Mjög sólríkt hefur verið á nánast öllu landinu og hlýtt, sérstaklega inn til landsins. „Hins vegar hefur verið miklu kaldara við norðaustur- og austurströndina þar sem hefur andað af hafi. Sjórinn er kaldur þannig að þar hefur ekki verið eins hlýtt og sunnan- og vestanlands."



**LEIKIÐ** Veðurblíðan var nýtt til ýmissa verka, meðal annars leikja. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Einar segir undanfarna daga einstaka fyrir þær sakir hversu lengi heiðríkja hafi verið. „Það hefur verið svokölluð fyrirstöðuhæð sem myndast þegar loftstraumurinn á norðurhveli jarðar stíflast. Í þessari hæð er ríkjandi niðurstreymi lofts, loftið er þurrt og ef það eru einhver ský til staðar þá leysast þau upp. Ekkert ósvipað og gerist á svæðunum í kringum Kanaríeyjar og í eyðimörkum, miklu sunnar."

En nú er þessu lokið í bili. Hæðin hörfar til vesturs og við tekur kaldara loft úr norðri. Vindurinn verður ákveðnari, norðanátt og norðaustanátt og kaldara loft sem reyndar er ekkert óvenjulegt fyrir fyrri part júnímánaðar. **- þeb**

Vorleiðangri Hafró lokið:

# Með kaldara móti vestanvert

**VÍSINDI** Hiti og selta umhverfis landið mældust um og yfir langtímameðaltali í vorleiðangri Hafrannsóknastofnunar.

„Hiti við vestanvert landið var heldur lægri en verið hefur síðustu árin á þessum árstíma," segir í niðurstöðum vorleiðangursins. „Almennt var styrkur næringarefna í yfirborðslögum enn hár og lítið hafði gengið á vetrarforða þeirra sem bendir til að vorblómi svifþörunga sé ekki búinn." Þá kemur fram að átumagn hafi verið nálægt langtímameðaltali. **- óká**


VELKOMIN Á BIFRÖST

HHS - heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði



HHS undirbýr nemendur fyrir atvinnumarkað þar sem gerðar eru miklar kröfur og þróun er hröð.

Námið er einnig góður undirbúningur fyrir fjölbreytilegt framhaldsnám á sviði hug- og félagsvísinda. Í því fléttast saman þrjár grunngreinar hug- og félagsvísinda sem oftast eru kenndar hver í sínu lagi. Með því að blanda saman aðferðum heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði verður til óvenjulegt og innihaldsríkt grunnnám sem gefur óvænt og gagnleg sjónarhorn.

Á Bifröst gefst nemendum kostur á að ljúka námi á skemmri tíma þar sem sumarnám er hluti reglulegs náms. Náminu má því ljúka á tveimur og hálfu ári og er boðið upp á bæði fjarnám og staðnám.

Opið fyrir umsóknir til 15. júní á bifrost.is

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY



vissir þú að...
ofdekur er ein birtingarmynd vanrækslu?

Barnaheill
Save the Children á Íslandi






**SKRIFSTOFUR JÓTLANDSPÓSTSINS Í KAUPMANNAHÖFN** Mennirnir voru sakfelldir fyrir að ætla að ráðast þar inn og drepa eins marga og þeir gætu. NORDICPHOTOS/AFP

# Tólf ár fyrir árásaráform

**Hugðust ráðast inn á skrifstofur Jótlandspóstsins í Kaupmannahöfn og drepa eins marga og þeir gætu. Virðast þó hafa ætlað að þyrma börnum og konum.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvaða hryðjuverkamál hafa dönsk stjórnvöld þurft að glíma við?

Fjórir menn voru dæmdir í tólf ára fangelsi í gær fyrir að hafa ætlað að ráðast inn á skrifstofur Jótlandspóstsins í Kaupmannahöfn í desember árið 2010.

Þrír þeirra, Munir Award, Omar Abdallah Aboelazm og Munir Ben Mohammed Dhahri, voru handteknir 29. desember í húsi skammt frá Kaupmannahöfn. Sá fjórði, Sabhi Ben Mohammed Zalouti, var handtekinn daginn eftir í Svíþjóð, þar sem hann var nýkominn yfir landamærin frá Danmörku.

Mennirnir fjórir eru allir múslímar, búsettir í Svíþjóð en ættaðir frá Túnis, Egyptalandi og Líbanon. Leyniþjónustumenn höfðu fylgst með þeim mánuðum saman.

Mennirnir neituðu sök en á upptökum úr eftirlitsvélum í Stokkhólmi má heyra þá tala saman um Jótlandspóstinn, píslarvætti og vangaveltur um það hvernig þeir gætu drepið sem flest af fólki en samt tekið eina manneskju í gíslingu. Einnig heyrast þeir velta fyrir sér hvað þeir eigi að gera við konur og börn, en þeir virðast hafa ætlað að þyrma lífi þeirra.

**Fyrsta málið árið 1993**

Á síðustu árum hafa ellefu hryðjuverkamál komið til kasta lögreglunnar í Danmörku, samkvæmt samantekt á vefsíðu Politiken.

Hið fyrsta kom upp árið 1993 þegar þrír Egyptar voru ákærðir fyrir að hafa skipulagt sprengjuárásir á tvær lestarstöðvar í Kaupmannahöfn. Þeir voru á endanum sýknaðir af tengslum við hryðjuverk, en sakfelldir fyrir íkveikju.

Sex Norðurlandabúar, þar á meðal þrír danskir ríkisborgarar, voru handteknir í Bosníu í október árið 2005 grunaðir um hryðjuverkaáform. Þrír hlutu dóm í málinu en hinir voru látnir lausir vegna skorts á sönnunargögnum.

Eftir að danska dagblaðið Jyllandsposten birti skopmyndir af Múhameð spámanni haustið 2005 hafa strangtrúaðir múslímar haft horn í síðu Dana. Þau níu hryðjuverkamál sem hafa komið upp síðan hafa flest tengst eða verið talin tengjast myndunum.

Eitt þeirra kom upp í september árið 2007 þegar átta menn voru handteknir í Kaupmannahöfn grunaðir um tengsl við al-Kaída. Tveir voru á endanum dæmdir í tólf og sjö ára fangelsi fyrir að skipuleggja sprengjuárásir.

Þrír menn voru einnig handteknir árið 2007 og dæmdir í fimm til tólf ára fangelsi fyrir að skipuleggja hryðjuverk sem áttu að beinast að Jótlandspóstinum.

**Sprengja sprakk á salerni**

Árið 2007 var bóksalinn Said Mansour dæmdur í þriggja og hálfs árs fangelsi fyrir að hvetja til hryðjuverka í Danmörku.

Í september árið 2010 var Tsjetjeninn Lors Dukajev handtekinn eftir að hann hafði ætlað að gera sprengjuárás, líklega á skrifstofur danskra dagblaða. Hann særðist sjálfur þegar sprengja hans sprakk inni á salerni hótels í Kaupmannahöfn.

Í júní á síðasta ári var maður frá Sómalíu dæmdur í tíu ára fangelsi fyrir að hafa ætlað að ráðast á skopmyndateiknarann Kurt Westergaard með öxi og hníf að vopni.

Þrír menn voru hins vegar sýknaðir árið 2010 af áformum um að drepa Westergaard vegna ónægra sönnunargagna. Í október síðastliðnum komu bandaríska lögreglan upp um áform tveggja manna í Chicago um að gera árásir á Jótlandspóstinn í Kaupmannahöfn.

Í apríl síðastliðnum voru fimm ungir vinstri róttæklingar ákærðir fyrir nokkrar íkveikjur og áform um enn fleiri íkveikjur, sem í ákærunni voru taldar tilraunir til hryðjuverka, en mál þeirra tengdist skopmyndunum af Múhameð ekki.

gudsteinn@frettabladid.is

# ÓDÝRASTA HAFRAMJÖLIÐ Í BÓNUS




BÓNUS

Á ÞRIÐJA HUNDRAÐ EURO SHOPPER VÖRUTEGUNDIR Í BOÐI

**FRÉTTASKÝRING:** Staðan á fjarskiptamarkaði

# Farsímamarkaður að ná jafnvægi

**Tíu þúsund áskriftir bættust við íslenskan farsímamarkað á síðasta ári. Hlutdeild Símans fór í fyrsta sinn niður fyrir 40 prósent og Vodafone fór niður fyrir 30 prósent. Nova og Tal bæta við sig. Samkeppnin jafnari frá næstu áramótum.**

Jafnvægi er að myndast á farsímamarkaði. Síminn og Vodafone tapa viðskiptavinum á milli ára en Nova og Tal bæta við sig. Þetta kemur fram í nýrri tölfræðiskýrslu Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) um íslenskan fjarskiptamarkað á árinu 2011. Markaðurinn samanstendur af þeim sem eru í talþjónustu og þeim sem eru með 3G-nettengla (punga).

Markaðshlutdeild Símans fór í fyrsta sinn undir 40 prósent á síðasta ári. Alls voru 153.191 manns með slíka þjónustu hjá fyrirtækinu um síðustu áramót.

Í árslok 2007 var Síminn með um 60 prósenta markaðshlutdeild og drottnandi á markaðnum. Síðan hefur viðskiptavinum fyrirtækisins fækkað um yfir 30 þúsund auk þess sem Símanum hefur ekki tekist að ná inn þeim 75 þúsund viðskiptavinum sem hafa bæst við síðan þá. Staða Símans virðist þó vera að ná nokkru jafnvægi. Viðskiptavinum hans fækkaði einungis um rúmlega fimm þúsund frá lokum árs 2009 og fram að síðustu áramótum.

Samdrátturinn hefur eðlilega haft áhrif á umfang starfsemi Símans og móðurfélags hans Skipta, sem tapaði 10,6 milljörðum króna á síðasta ári. Samhliða honum hefur verið ráðist í miklar hagræðingaraðgerðir innan samstæðunnar og í vikunni var 17 starfsmönnum sagt upp störfum. Eigandi Skipta er Klakki, sem áður hét Exista.

Hlutdeild Vodafone á farsímamarkaði er komin rétt undir 30 prósent og hefur aldrei verið lægri. Fyrirtækið hefur samt sem áður verið að bæta við sig viðskiptavinum á undanförnum árum og hefur þeim fjölgað um rúmlega sex þúsund frá árslokum 2009. Viðskiptavinunum fækkaði þó um þrjú þúsund í fyrra auk þess sem fjölgun áskrifta á markaðnum skilaði Vodafone ekki auknum viðskiptum.

### Ætla á markað í haust

Stjórn Vodafone ákvað í maí að hefja undirbúning að skráningu á markað. Stefnt er að því að hún muni eiga sér stað í september eða október. Vodafone er sem stendur að mestu í eigu Framtakssjóðs Íslands (FSÍ). Félagið hagnaðist um 227 milljónir króna í fyrra, en það gekk í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu árið 2009. Vodafone hefur samt sem áður þurft að grípa til hagræðingaraðgerða. Í janúar var til að mynda 28 manns sagt upp störfum.

Nova hélt áfram að auka við hlutdeild sína á síðasta ári. Viðskiptavinir félagsins voru 99.636 um síðustu áramót og sá 100 þúsundasti skilaði sér í hús í febrúar. Fjöldi þeirra hefur aukist um 36 þúsund á tveimur árum, sem er langmesta aukning allra farsímafyrirtækja. Markaðshlutdeild Nova er nú 25,8 prósent. Fyrirtækið skilaði 374 milljóna króna hagnaði í fyrra og er það í fyrsta sinn sem Nova skilar hagnaði frá því það hóf starfsemi í desember 2007.

Tal lagaði stöðu sína á markaðinum lítillega á milli ára. Viðskiptavinir fyrirtækisins eru nú 19.111 og fjölgaði um rúmlega tvö þúsund í fyrra. Markaðshlutdeild Tals er 5,0 prósent. Tal tapaði um 900 milljónum króna á árunum 2008 til 2010. Fyrirtækið hefur ekki skilað inn ársreikningi fyrir árið 2011. Viktor Ólason, forstjóri Tals, sagði í samtali við Fréttablaðið í febrúar að fyrirtækið hefði skilað hagnaði á því ári. Eigendur Tals eru Auður 1 fjárfestingasjóður og Kjartan Örn Ólafsson.

Fimmta fyrirtækið á íslenska farsímamarkaðinum er Alterna, sem hóf starfsemi sína vorið 2010. Viðskiptavinum þess fækkaði um tvö þúsund í fyrra og voru einungis 1.091 um síðustu áramót. Eigandi Alterna er bandaríska fyrirtækið World Cell.



**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@frettabladid.is


## Markaðshlutdeild fjarskiptafyrirtækja




HEIMILD: PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

## Lúkningargjöld samræmd á næsta ári

Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) tilkynnti í janúar síðastliðnum um þá ákvörðun sína að lúkningargjöld íslenskra símafyrirtækja, sem greidd eru þegar viðskiptavinir eins félags hringja í annað, eigi að vera í mesta lagi 4,0 krónur frá og með 1. janúar 2013. Ákvörðunin á við um öll símafyrirtækin fimm. Á undanförnum árum hafa Síminn og Vodafone þurft að rukka lægri lúkningarverð en samkeppnisaðilar þeirra.

Í tilkynningu frá PFS vegna ákvörðunarinnar sagði að breytingarnar „leiða til þess að ein meginforsendan fyrir mismunandi verði á farsímaþjónustu, þegar hringt er í annað farsímafélag, verður ekki lengur til staðar“. Stofnunin telur því að lækkun lúkningarverðs muni bæta hag neytenda á farsímamarkaði til muna.





útsala
á sturtulausnum
ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR
Hitastýrð blöndunartæki fylgja
afsláttarverð
75.210 stgr.
Verð áður 150.429
WF12-6C 87,2 x 120 sm
Hitastýrð blöndunartæki fylgja
afsláttarverð
78.900 stgr.
Verð 174.641
HF99-C2 90 x 90 sm
Hitastýrð blöndunartæki fylgja
afsláttarverð
75.230 stgr.
Verð 150.429
WF12-2C 90 x 120 sm
Ath! Takmarkað magn
afsláttarverð
45.634
stgr.
Verð áður 91.268
WF12-3 90 x 120 sm
afsláttarverð
45.634
stgr.
Verð áður 91.268
WF12-7 88 x 120 sm
afsláttarverð
40.265
stgr.
Verð áður 80.530
WF14-2 88 x 88 sm
www.i-t.is
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Forsetaslagur á forsendum Ólafs Ragnars:

# Landsfaðirinn

Fyrstu kappræður frambjóðenda til embættis forseta Íslands fóru fram á sunnudagskvöld. Í þeim steig Ólafur Ragnar Grímsson enn og aftur stórt skref í átt að því að tryggja sér starfið í fjögur ár til viðbótar þar sem aðrir þátttakendur voru fjarri því að skáka honum. Í stuttu máli fór umræðan fram á vígvelli forsetans. Og það gengur glimrandi vel hjá honum að halda henni þar, enda hefur Ólafur Ragnar margoft sýnt að hann er mjög klókur stjórnmálamaður.

Helsti keppinautur Ólafs Ragnars, Þóra Arnórsdóttir, dró sig tímabundið í hlé snemma í maí til að eignast barn. Í síðustu könnun sem gerð var áður en þetta átti sér stað mældist hún með 46,4 prósenta fylgi og rúmlega níu prósentustiga forystu á sitjandi forseta.

SKOÐUN



Þórður Snær Júlíusson

thordur@frettabladid.is

Nánast samstundis hóf Ólafur Ragnar sína kosningavegferð með því að koma fram í útvarpsþætti og lagði línurnar fyrir baráttuna. Það gerði Ólafur Ragnar þrátt fyrir að hann hefði boðað að hans barátta myndi ekki hefjast fyrr en framboðsfrestur rynni út, tæpum tveimur vikum síðar.

Í viðtalinu hjólaði forsetinn fast í Þóru, tengdi hana við Samfylkinguna, sagði eiginmann hennar hafa flutt áróðursfréttir gegn sér á RÚV, gaf í skyn að hún væri léttvægur, þögull og þægur frambjóðandi og sagði framboð hennar vera með 2007-blæ. Samhliða, og dagana á eftir, sýndi hann mátt sinn gagnvart fjölmiðlum með því að stilla þeim upp í klappliði Þóru og koma skilaboðum þannig til leiðar að þeir skyldu halda sig á mottunni gagnvart honum. Auk þess beitti forsetinn þeirri vel þekktu tækni sinni að tala niður til fjölmiðlamanna og jafnvel lítillækka þá í viðtölum. Taktíkin virkaði, enda sýna síðustu kannanir hann með rúmlega 20 prósentustiga meira fylgi en Þóra.

Áherslur Ólafs Ragnars eru að hluta til þær að nauðsynlegt sé að hann sé forseti til að verja almenning fyrir ákvörðunum ríkisstjórnar og Alþingis. Hann hafi sýnt það í Icesave-málinu að hann sé sá eini sem standi undir slíkri verklýsingu og nú, þegar Evrópusambandsógnin vofir yfir, sé sitjandi forseti, landsfaðirinn sjálfur, maðurinn til að vernda okkur fyrir þjóðkjörnum þingmönnum enn á ný.

Núverandi stjórnarskrá virðist enda veita forseta vald til að geta mótað embættið að mestu eftir eigin höfði. Ólafur Ragnar hefur allavega kosið að breyta því í annað framkvæmdarvald innan stjórnskipunar landsins við hlið ríkisstjórnar.

Óumdeilt er að stór hluti Íslendinga telur þessa túlkun hans vera í lagi vegna þess að þeir eru sammála þeim stóru ákvörðunum sem hann hefur tekið og þeim stóru skoðunum sem hann hefur viðrað. En það er líka stór hópur Íslendinga sem er ósammála því að forsetaembættið eigi að vera eins og Ólafur Ragnar hefur mótað það. Til þess hóps þarf að ná til að sigra Ólaf Ragnar.

Til að sigra hann er þó ekki nóg að leggja áherslu á mannkosti frambjóðenda. Það þarf að hjóla í forsetann. Það verður að setja fram skýra sýn á hvert hlutverk forsetans á að vera og máta hana við embættisfærslur Ólafs Ragnars. Engum mótframbjóðanda hans hefur tekist að ýta honum út úr þægindahringnum og láta hann verjast á óþekktum vígvöllum. Takist það ekki verður Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands næstu fjögur árin hið minnsta.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




4. ÍSLENSKA SÖGUÞINGIÐ
7.-10. júní 2012

**Vegleg dagskrá og opnir fyrirlestrar**

**Meðal viðfangsefna: Ísland og Evrópa, umhverfismál, stjórnlagagerð, stjórnmála- og efnahagskreppur, vesturheimsferðir, Stóra-bóla, stéttabarátta og hlutverk sögunnar í samtímanum.**

Heimsþekktir erlendir fyrirlesarar munu flytja erindi á þinginu, m.a. Geoff Eley, University of Michigan, Linda Colley og David Cannadine, Princeton University.

Skráning og upplýsingar um þingið á heimasíðunni **www.akademia.is/soguthing.**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Sniðugt

Einhverjir sprelligosar tóku upp á því að kaupa heilsíðuauglýsingu í DV í gær til að mæra Steingrím J. Sigfússon fyrir hagstjórnarafrek hans. Útgangspunkturinn var að hér væri allt í lukkunnar velstandi eftir þriggja ára valdatíð Steingríms og því væru kraftar hans best nýttir við að reisa Grikkland úr rústunum. Steingrímur hefur jú greint frá því að hann hafi hafnað boði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um að gerast sérlegur erindreki sjóðsins þar í landi. Auglýsingasmiðirnir henda Svavari Gestssyni og Indriða Þorlákssyni í púkkið og hvetja til þess að þremenningarnir fari allir til Grikklands hið fyrsta og láti ljós sitt skína þar.



### Mistök

Vonandi spillir það ekki gleðinni fyrir neinum, en hér skal upplýst að auglýsingin er háð. Einhverjum kann að þykja hún snjallt herbragð. Það leiðinlega er að auglýsingin er ómerkt og því engin leið að koma hrósi eða öðrum athugasemdum til þessara uppátækjasömu þátttakenda í þjóðfélagsumræðunni. Það hljóta að vera mistök og varla verður öðru trúað en að úr þessu verði bætt í næsta tölublaði.

### Vinir horfa til Strassborgar

Mál Baldurs Guðlaugsson, sem situr inni vegna innherjasvika, hefur verið sent Mannréttindadómstól Evrópu. Svo á eftir að koma í ljós hvort það fæst tekið þar fyrir. Annar sem íhugar að leita með mál sitt til Strassborgar er Geir H. Haarde, sem Landsdómur fann sekan um stjórnarskrárbrot í starfi forsætisráðherra. Baldur og Geir eru aldavinir og hefur tæpast órað fyrir því á Eimreiðardögum sínum að þeir mundu einn daginn standa saman í þessum sporum.



stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Ný barnalög í augsýn

Samfélagsmál



Ögmundur Jónasson

innanríkisráðherra

Á Alþingi stendur fyrir dyrum lokaafgreiðsla á frumvarpi til barnalaga. Verði frumvarpið að lögum munu grunngildi Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins vera lögfest hér á landi, m.a. um rétt barna til að tjá sig í öllum málum sem þau varða, að teknu tilliti til aldurs og þroska.

Velferðarnefnd Alþingis hefur gert afgerandi breytingar á frumvarpinu frá því að ég lagði það fram. Í fyrsta lagi telur Velferðarnefnd að dómarar eigi að hafa heimild til að dæma sameiginlega forsjá og hjá hvoru foreldri barn skuli hafa lögheimili. Þessi breyting kann að leiða til þess að fleiri forsjármál verði útkljáð fyrir dómstólum en áður. Ég hef talað fyrir annarri nálgun en hún er sú að leggja heldur áherslu á hina stórauknu og skyldubundnu sáttameðferð fyrir foreldra sem frumvarpið kveður á um. Í sáttameðferð fá foreldrar aðstoð við að tala saman og taka ákvarðanir sem báðir aðilar geta unað við. Dómsalur er hins vegar farvegur átaka, þar sem foreldrarnir reyna að finna hvor öðrum allt til foráttu til að styrkja sína stöðu í dómsmálinu. Slík átök geta reynst börnum erfið.

### Breytingar til hins verra

Alþingi hefur einnig lagst gegn tillögu minni um að taka út úr barnalögum heimild til aðfarargerðar, þ.e. að senda lögreglu inn á heimili barns til að sækja það og koma á umgengni. Tillaga mín var ekki sett fram í tómarúmi. Hún var sett fram vegna ábendinga frá mannréttindasamtökum og áhyggna sem viðraðar voru á vettvangi barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna í fyrirtöku á framkvæmd íslenskra stjórnvalda á Barnasáttmálanum. Það þurfa að vera veigamiklar ástæður fyrir því að réttlætanlegt sé að fjarlægja barn af heimili sínu með lögregluvaldi. Samkvæmt barnaverndarlögum er hægt að grípa til þess úrræðis ef barni er hætta búin á heimili sínu. Slík heimild þarf vissulega að vera fyrir hendi. En þegar kemur að ákvarðaðri umgengni er réttara að beina þvingunum gegn foreldrunum heldur en gegn barni.

Ný barnalög styrkja réttarstöðu barna og minna okkur á að samfélagið í heild sinni ber ábyrgð á velferð barna. Þær breytingar sem Alþingi hefur lagt til eru mjög til hins verra. En frumvarpið er að uppistöðu gott og verði það að lögum fagna ég því.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Hlustið þér höfðingjar

**HEILSA**



**Teitur Guðmundsson**
læknir

Undirritaður hefur um nokkurra ára skeið vakið athygli á ristil- og endaþarmskrabbameini með greinaskrifum, í umræðuþáttum og í daglegri vinnu við heilsu og forvarnir í samskiptum við einstaklinga, fyrirtæki og sveitarfélög. Því fagna ég sérstaklega þeirri ályktun aðalfundar Krabbameinsfélagsins að hvetja til skimunar á þeim mikla vágesti sem krabbamein í ristli og endaþarmi er. Það ber einnig að fagna þeirri umræðu sem fram fór í Morgunblaðinu fyrir helgi og í umræðuþætti Bylgjunnar í kjölfarið. Við skulum ætlast til þess að Alþingi afgreiði loks fjárveitingar til verkefnisins.

Ég ætla þó sérstaklega að hrósa einum umfram aðra sem hefur í fjöldamörg ár verið í fararbroddi lækna á Íslandi í meltingarsjúkdómum og verið ötull talsmaður skimunar gegn ristilkrabbameini. Hann hefur, auk þess að vera einn þeirra sem á heiðurinn af þeim klínísku leiðbeiningum, fræðsluritum og myndefni sem til er hérlendis, sameinað breiðfylkingu heilbrigðisstarfsmanna í vitundarvakningu gegn þessu meini á undanförnum árum. Þessi ágæti maður heitir Ásgeir Theodórs, sérfræðingur í lyflækningum og meltingarsjúkdómum. Hann hefur talað fyrir daufum eyrum ráðamanna en náð verðskuldaðri athygli fagfólks, sjúklinga og aðstandenda.

Vonandi erum við nú á réttri leið og munum hefja skimun á landsvísu á vegum hins opinbera og látum ekki einhverja tugi eða ríflega eitt hundrað milljónir í kostnað árlega villa okkur sýn, heldur lítum á kostina sem hljótast af því að leita og finna meinið á réttum tíma og spara þannig mun hærri fjárhæðir vegna meðhöndlunar, aðgerðar og eftirfylgni. Þá má ekki gleyma að minnast á þau lífsgæði sem einstaklingar hafa af því að þurfa ekki að undirgangast slík úrræði.

Það er þó rétt að benda á það að samkvæmt klínískum leiðbeiningum landlæknis sem hafa verið í gildi frá árinu 2002 og voru endurmetnar í lok árs 2009, kemur skýrt fram hvernig skuli standa að skimun gegn krabbameini í ristli og endaþarmi. Þá er mér ljúft og skylt að segja frá því að slíkt skimunarpróf hefur verið til sölu í öllum apótekum Lyfju í rúmt ár sem samvinnuverkefni Heilsuverndar og meltingarlækna á Landspítala og kallast greiningarpróf gegn ristilkrabbameini. Þar er leitað að duldu blóði í hægðum og samkvæmt skilgreindu verklagi er einstaklingum sem eru jákvæðir fyrir slíku vísað til fullrar ristilspeglunar sem hluta af vinnulagi greiningarprófsins.

> Því fagna ég sérstaklega þeirri ályktun aðalfundar Krabbameinsfélagsins að hvetja til skimunar á þeim mikla vágesti sem krabbamein í ristli og endaþarmi er.

En hvers vegna er svona lítið vitað um þetta?

Það er einfalt að svara því og er ástæðan sú að ekki má auglýsa læknisþjónustu samkvæmt núgildandi læknalögum, né heldur vöru sem tengist slíkri þjónustu. Þann 1. janúar 2013 mun þetta væntanlega breytast en ný lög um heilbrigðisstarfsmenn taka þá gildi. Í þessari umfjöllun skal bent á þessa staðreynd sem vonandi hefur í för með sér meiri möguleika í framtíðinni til kynningar á vöru og þjónustu heilbrigðisstarfsfólks.

Þar til ráðamenn fara fram með þeim hætti sem vísindin segja okkur og hefja skimun á landsvísu einstaklingum til hagsbóta samanber hér að ofan verður markmið okkar að vera að hafa jákvæð áhrif á lífsgæði fólks!

# Látum fordómana fjúka!

**Samfélagsmál**



**Guðrún Runólfsdóttir**
nemi

Það er löngu kominn tími á að beina athygli að þessu feimnismáli. Þetta kemur mér vissulega við sem einstaklingi þar sem ég greindist nýlega með geðhvarfasýki (bipolar disorder). Ég hins vegar ákvað fljótlega eftir greiningu að líta ekki á geðsjúkdóma sem feimnismál.

Segjum sem svo, að frænka mín greindist með krabbamein. Það yrði rætt um á milli flestra í ættinni eins og ekkert væri. Alls ekkert feimnismál þar á ferðum. En ef frænka mín hefði greinst með geðsjúkdóm af alvarlegum toga, myndi fólk almennt ekki vita hvernig það ætti að bregðast við og í raun verða ansi vandræðalegt þegar sjúkdómur hennar kæmi til tals.

Málið er að t.d. minn geðsjúkdómur og flestir aðrir eru líffræðilegir, alveg nákvæmlega eins og krabbamein. Geðraskanir eru meðal algengustu sjúkdóma sem hrjá þjóðina, einkum ungt fólk og aldraða. Þeir valda sennilega meira vinnutapi og kostnaði fyrir samfélagið en flestir aðrir sjúkdómaflokkar. Geðsjúkdómar eru svo algengir en samt er svo sorglega lítið talað um þá.

Nú er árið 2012 og það er ótrúlegt að enn séu svo miklir fordómar í gangi. Ranghugmyndir fólks um að geðdeildir séu eins og í bandarískum bíómyndum (til dæmis One Flew Over the Cuckoo's Nest). Langir hvítir gangar, einangrunarklefar, spennitreyjur og strangir læknar og hjúkkur. Þetta var það sem kom upp í huga minn áður en ég var lögð inn. En ég get fullvissað ykkur um að svo er alls ekki.

En þið þarna úti, sem eigið ástvini með geðsjúkdóma af einhverju tagi eða glímið við þá sjálf, munið að stuðningur vina og fjölskyldu er ómetanlegur. Það er líka mikil hjálp í boði á Íslandi, geðdeildir spítalanna, fyrir alla aldurshópa. Stundum eru lyf göldrum líkust og sálfræðimeðferðir gagnast fjölmörgum.

Það er hægt að lifa í sátt og samlyndi við geðsjúkdóma.

Nú er kominn tími á breytingar. Breytum viðhorfum okkar.

# Satt og ósatt um þingrof

**Forsetaembættið**



**Guðni Th. Jóhannesson**
sagnfræðingur

Í umræðum um völd forseta hlýtur rétturinn til að rjúfa þing að koma við sögu enda segir í 24. grein stjórnarskrárinnar að hann geti gert það. Hér er vandinn hins vegar sá að í stjórnarskránni segir líka að forsetinn sé ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum, láti ráðherra framkvæma vald sitt og undirskrift hans undir löggjafarmál eða stjórnarerindi veiti þeim gildi þegar ráðherra hafi einnig undirritað þau. Við gerð stjórnarskrárinnar var þó sérstaklega tekið fram að valdi til synjunar laga beitti forseti án þess að atbeina ráðherra þyrfti.

En hvað segja venjur og hefðir um þingrofsvaldið? Aldrei í sögu lýðveldisins hefur þing verið rofið að frumkvæði forseta. Enginn fyrri forseta hélt því fram að slíkur réttur væri í sínum höndum og fyrir nokkrum árum var sá sem nú situr sama sinnis: Í janúar 2009, þegar ríkisstjórn Geirs H. Haarde hrökklaðist frá völdum, viðurkenndi Ólafur Ragnar Grímsson að forseti hefði ekki sjálfstæðan þingrofsrétt. Fróðlegt væri að vita fyrir víst hvort hann hefur núna skipt um skoðun, og þá hvers vegna.

Hitt er svo annað mál hvernig forseta beri að verða við ósk forsætisráðherra um þingrof. Síðustu daga og vikur hefur Ólafur Ragnar hiklaust haldið því fram að þá hafi forseti frjálsar hendur. Bendir hann gjarnan á að árið 1950 synjaði Sveinn Björnsson ósk Ólafs Thors forsætisráðherra um þingrof og þar við sat.

Ólafur Ragnar gleymir hins vegar að nefna, viljandi eða óviljandi, að stjórn nafna hans var minnihlutastjórn sem hafði í ofanálag beðist lausnar. Þar að auki var beiðni forsætisráðherrans óformleg og borin fram í samræðum þeirra Sveins um alla mögulega kosti í stjórnarkreppu. Reyndar er ólíklegt að þingmönnum Sjálfstæðisflokks hefði líkað hugmyndin um þingrof að frumkvæði stjórnar sem hafði ekki meirihluta á þingi; þeir mundu vel andúðina sem reis þegar framsóknarmenn gripu til þess ráðs árið 1931.

Skoðanaskiptin árið 1950 hafa því þröngt fordæmisgildi. Jafnframt var það nú svo að í janúar 2009 sagði Ólafur Ragnar Grímsson að óskaði forsætisráðherra, sem nyti stuðnings meirihluta Alþingis, eftir þingrofi bæri forseta samkvæmt stjórnskipun landsins að verða við því. Aftur væri fróðlegt að heyra hvort forseta þyki eitthvað hafa breyst síðan þá.

Sömuleiðis ætti Ólafur Ragnar Grímsson að vita af löngum stjórnmálaferli sínum að þegar forystumenn stjórnmálaflokka hafa ákveðið að setjast í samsteypustjórn sammælast þeir gjarnan um að forsætisráðherrann beiti ekki þingrofsrétti sínum nema um það sé eining meðal stjórnarflokkanna. Þetta var til dæmis gert snemma árs 1980 þegar Gunnar Thoroddsen myndaði sína sögulegu ríkisstjórn. Engum datt þá í hug að einnig þyrfti að ganga úr skugga um hver afstaða forseta væri. Ólafur Ragnar, sem fylgdist vel með þróun mála, er sjálfur þar með talinn.

Svipaða sögu má segja frá árinu 1990. Þá var Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra kominn á fremsta hlunn með að rjúfa þing frekar en að hlíta því að bráðabirgðalög ríkisstjórnar hans yrðu felld á Alþingi eins og útlit var fyrir. Svo var komið að leiðtogar hinna „stóru“ flokkanna í stjórninni studdu Steingrím. Það voru alþýðuflokksmaðurinn Jón Baldvin Hannibalsson og Ólafur Ragnar Grímsson, formaður Alþýðubandalagsins. Engum þessara þriggja framámanna stjórnarinnar datt annað í hug en að forseti bæri að undirrita þingrofsbeiðnina. Var þó óvíst hvort hún nyti meirihluta á Alþingi. Enn væri fróðlegt að heyra frá forseta hvað hefur breyst síðan hann var í eldlínunni hinum megin. Við verðum helst að geta treyst orðum þjóðhöfðingjans.



# Nýr Landspítali – Leiðréttingar Ingólfs

Nýr Landspítali

Guðlaugur Gauti Jónsson
arkitekt



Ingólfur Þórisson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Landspítalans, skrifar grein í Fréttablaðið þann 1. júní sl. með nafninu Guðlaugur Gauti leiðréttur. Ég leitaði logandi ljósi að leiðréttingum Ingólfs en fann ekki. Greinin gefur þó tilefni til að gera betur grein fyrir þáttum sem skipta máli.

**Eru allir að tala um sama verkið?**
Í fyrsta lagi er gott að hafa á hreinu að þegar ég fjalla um áformaðar framkvæmdir við nýja Landspítalann þá á ég við báða áfangana eins og þeim er lýst í drögum að greinargerð og skilmálum með deiliskipulaginu. Það er eini mátinn til að meta samanlögð áhrif nýja spítalans á umhverfið.

Sumir hafa gripið til þess að tala um 1. áfanga eingöngu, eins og Ingólfur gerir, eða jafnvel hluta af 1. áfanga eins og velferðarráðherra hefur gert. Það læðist reyndar að manni grunur um blekkingar þegar ráðherra segir án frekari skýringa að áætlaður framkvæmdakostnaður verði 45 milljarðar en það gerði hann í ávarpi til ársfundar Landspítalans. Samkvæmt upplýsingum sem ég aflaði mér frá velferðarráðuneytinu er hér átt við að 1. áfangi án bygginga sem HÍ hyggst byggja á lóðinni, án endurbóta á eldra húsnæði og án tækjakaupa muni kosta 45 milljarða. Full starfhæfur fyrsti áfangi verður miklu dýrari en þetta og öll framkvæmdin mun vart kosta minna en 100 milljarða.

**Skiptir umferð og mengun máli?**
Það er rétt hjá Ingólfi að mér verður tíðrætt um umferð og mengun. Samkvæmt drögum að Greinargerð um samgöngur frá janúar 2012 er ætlað að ferðum til og frá svæðinu muni fjölga um allt að 12.000 vegna þessa verkefnis (bls. 11). Þetta hefur í för með sér aukna mengun á svæðum sem nú þegar búa við mengun yfir viðmiðunarmörkum í margar vikur á ári.

Bílastæðum sem standa notendum spítalans til boða við lok 1. áfanga mun hins vegar fækka um 400 frá því sem nú er. Nú þegar leggja notendur spítalans undir sig fjölda stæða utan lóða spítalans (bls. 10). Þegar bílastæðum fækkar, notendum fjölgar og strangri notkunarstýringu (gjaldtöku) hefur verið komið á munu bílastæði í götum umhverfis lóðina verða notuð í enn ríkara mæli.

Árdegis og síðdegis munu myndast biðraðir í götum og við gatnamót umhverfis spítalann (bls. 12). Það er nærtækt að draga þá ályktun að fjöldi ökumanna muni reyna að komast hjá þessum töfum með því að stytta sér leið gegnum nærliggjandi íbúðahverfi. Um þetta hefur ekki verið fjallað svo ég viti.

**Hefur staðarvalsgreining verið unnin?**
Ingólfur segir að erlendir sérfræðingar hafi í tvígang unnið hagkvæmnismat fyrir væntanlega framkvæmd. Ég hef bent á að hagkvæmnismat eitt og sér sem unnið er eftir á fyrir einn valkost um staðsetningu hefur takmarkað gildi. Hagkvæmnismat þarf að vera hluti af ítarlegri staðarvalsgreiningu þar sem borin eru saman umhverfisleg, félagsleg, tæknileg og hagræn áhrif margra valkosta um staðsetningu. Ég stend í þeirri meiningu að það hafi ekki legið fyrir hagkvæmnismat þegar 2002 skýrslan um staðsetningu spítalans var gerð og staðsetningin ákveðin. Í skýrslunni stendur m.a. eftirfarandi (bls. 14):

> Það er nærtækt að draga þá ályktun að fjöldi ökumanna muni reyna að komast hjá þessum töfum með því að stytta sér leið gegnum nærliggjandi íbúðahverfi.

„Gerð er lausleg áætlun um heildarkostnað við nýjan spítala í samræmi við þá tillögu White arkitekta, sem nefnd hefur verið Hringbraut II. Í henni er miðað við að meginstarfsemi spítalans verði á suðurhluta lóðarinnar á svæði milli núverandi og fyrirhugaðrar legu Hringbrautar.“

**Má bera stærð spítalans saman við Smáralind?**
Ég held að ég hafi fyrstur manna notað Smáralind til viðmiðunar um byggingarmagnið sem áætlað er að reisa á lóð Landspítalans. Ég get fallist á að sú bygging er talsvert frábrugðin fyrirhuguðum byggingum Landspítalans. Þess vegna notaði ég líka annað viðmið í grein minni sem er Fellahverfi ásamt allri Mjóddinni. En það er erfitt um vik því í raun eru ekki til á Íslandi nægilega stórar byggingar til að nota til samanburðar við nýja Landspítalann. Samanlögð stærð Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar með öllum tengigöngum og brottfararskálum er t.d. ekki nema 55 þús. ferm. Það er innan við 20% af því byggingarmagni sem á að koma fyrir á lóð Landspítalans.




# Foreldrafirring er alvarlegt ofbeldi

Samfélagsmál

Heimir Hilmarsson
formaður Félags um foreldrajafnrétti



Í fréttum RÚV, 2. júní sl., var frétt með fyrirsögninni „Foreldrafirringarheilkennið ekki til“ og vitnað í Hrefnu Friðriksdóttur, formann nefndar á vegum innanríkisráðuneytis sem fjallaði um barnalög, sem sagði ekki vísindalega sannað að sjúkdómshugtakið foreldrafirringarheilkenni (Parent Alienation Syndrome) væri til.

Hér verður því ekki haldið fram að um sjúkdóm sé að ræða, en benda má á að 95 ár liðu frá því að kenningar um Tourette komu fyrst fram, þar til þær urðu vísindalega sannað sjúkdómshugtak, en fyrstu kenningar um PAS eru 27 ára.

**Vald lögheimilisforeldra**
Hvaða nafn sem gefa má því andlega ofbeldi sem felst í tilefnislausum umgengnistálmunum, neikvæðri innrætingu, heilaþvotti eða kúgun á börnum, þá hjálpum við engum með hártogunum um það hvaða nafn á að gefa slíku ofbeldi eða afleiðingum þess fyrir börn.

Engu skiptir hvort afleiðingar þessa andlega ofbeldis sem foreldri beitir barn heiti foreldrafirringarheilkenni, áfallastreituröskun eða eitthvað annað því hér er um gróft andlegt og tilfinningalegt ofbeldi á börnum að ræða sem framið er fyrst og fremst í skjóli þess valds sem lögheimilisforeldri hefur yfir barni. Barn á allt sitt undir þessu foreldri og þarf að treysta því fyrir öryggi, velferð, fæði, klæði og öllu lífi sínu og er því algjörlega varnarlaust gagnvart ofbeldinu. Barn sem þolir alvarlegt andlegt ofbeldi af þessu tagi getur hvorki tjáð jákvæðar tilfinningar sínar í garð þess foreldris sem það má ekki að hitta, né borið hönd fyrir höfuð sér í ofbeldisfullu umhverfi lögheimilisins.

**Lögin eru ónothæf**
Í meistararitgerð Maríu Júlíu Rúnarsdóttur frá 2009, þar sem fjallað er um foreldrafirringu sem eina tegund tálmunar á umgengni, kemur fram að foreldrafirring er raunverulegur vandi og vel þekktur í íslenskum umgengnis- og forsjármálum. Jafnframt kom fram í rannsóknarritgerðinni að mikið vanti upp á að íslensk lög og verklagsreglur geti mætt þeim vanda þegar foreldri sem fer með lögheimilisvald beitir umgengnistálmunum og því ofbeldi sem þeim fylgir.

Í ritgerðinni koma fram sterk ummæli fagfólks sem tengist deilum foreldra í umgengnis- og forsjármálum: Þriggja félagsmálastjóra, þriggja fulltrúa sýslumanna, fjögurra sálfræðinga, starfsmanns barnahúss, fjögurra lögmanna og tveggja dómara. Nær allir þekktu til einkenna foreldrafirringar eins og þau eru skilgreind í kenningum hennar og voru sammála um að þetta er mjög alvarlegt ofbeldi gegn börnum. Í máli þeirra kom fram að:

- Úrræði sem lög leyfa í dag vegna tálmunarmála eru ónothæf. Algert úrræðaleysi ríkir.
- Skilgreina þarf foreldrafirringu sem andlegt ofbeldi í barnaverndarlögum.
- Skilgreina þarf tálmunarmál sem barnaverndarmál og meðhöndla þau eins og hvert annað ofbeldismál gegn börnum.
- Núverandi sáttameðferðarúrræði eru máttlaus.
- Skylda þarf foreldra til sáttameðferðar.
- Stytta þarf viðbragðstíma og málsmeðferð.
- Nauðsyn er á foreldrafræðslu um inntak foreldraábyrgðar og forsjár.
- Tálmunarmál eiga oft upptök sín í deilum um peninga (t.d. viðbótarmeðlag).
- Nauðsynlegt er að gefa dómurum heimild til að dæma sameiginlega forsjá.
- Horfast þarf í augu við þann veruleika, að til eru mæður sem beita börn sín ofbeldi.
- Hægt þarf að vera að færa forsjá tímabundið eða alfarið frá lögheimilisforeldri í tálmunarmálum, enda þurfi að koma börnum burt úr ofbeldinu.
- Auka þarf umræðu um umgengnistálmanir.
- Tálmunarmál verði að færa frá sýslumönnum til dómstóla.

Afleiðingar foreldrafirringar geta haft skelfilegar afleiðingar á líf barns fram á fullorðinsár. Vitað er um mál þar sem barn reyndi sjálfsmorð í kjölfar slíks ofbeldis. Einnig þekkist að börn hafni foreldri sem beitti slíku ofbeldi þegar þau komast til vits og ára.

**Lögvarið ofbeldi**
Ofbeldi hefur verið hluti af jafnréttisumræðunni um nokkurt skeið og þá er iðulega talað um „kynbundið ofbeldi“ í þeim skilningi að karlar eru þar gerendur, konur þolendur og börn óbeinir þolendur. Lög um líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi eru nokkuð skýr og ströng viðurlög við slíku ofbeldi í hegningarlögum. En í lögunum er hvergi minnst á andlegt ofbeldi, nánast eins og það sé ekki til.

> Er virkilega til sá Íslendingur sem vill áframhaldandi lögverndun og refsileysi þeim lögheimilisforeldrum til handa, sem beita börn sín alvarlegu andlegu ofbeldi?

Og þá má spyrja: Er andlegt ofbeldi ekki til? Hvers vegna er talað um „kynbundið ofbeldi“? Beita kvenkyns Íslendingar aldrei ofbeldi? Hafa sumir rétt til að beita ofbeldi um fram aðra? Hverjir? Svarið við þeirri spurningu gæti verið, að þeir sem beita ofbeldi sem ekki hefur verið skilgreint í lögum sem refsivert ofbeldi, hafi rétt löggjafans til þess að beita slíku ofbeldi.

Er virkilega til sá Íslendingur sem vill áframhaldandi lögverndun og refsileysi þeim lögheimilisforeldrum til handa, sem beita börn sín alvarlegu andlegu ofbeldi? Er til fólk sem óskar þess að íslensk börn séu áfram varnarlaus í höndum slíkra foreldra? Viljum við m.ö.o. að sumir foreldrar hafi leyfi löggjafans til að beita börn sín ofbeldi? Eða viljum við að hver einasti Íslendingur, og börn þar með talin, njóti verndar frá ofbeldi?

# Geta allir grætt á Húnavallaleið?

Vegagerð

Jón Þorvaldur Heiðarsson
lektor við Háskólann á Akureyri



Möguleg stytting Hringvegarins um 14 km fram hjá Blönduósi hefur verið kölluð Húnavallaleið. Leiðin tekur af einn hættulegasta kafla Hringvegarins í Langadal. Austur-Húnvetningar hafa lagst gegn henni, sérstaklega Blönduósingar. Telja þeir að þeir tapi á því að Hringvegurinn verði ekki í gegnum bæinn vegna minni þjónustusölu og fleira. Segjum sem svo að það sé rétt þó um það megi deila.

Ekki er víst að allir skilji hvað gróðinn er gríðarlegur af styttingunni. Þeir sem græða (vegfarendur), græða miklu meira en þeir sem tapa (Húnvetningar). Í tilfelli sem þessu þar sem nettógróðinn er feikilegur á að vera hægt að bæta þeim upp skaðann sem tapa með því að þeir fái hluta gróðans. Og allir eiga að geta verið ánægðir! En hvernig á að bæta Húnvetningum upp hugsanlegt tap? Hér er ein hugmynd af mörgum mögulegum.

Vegstyttingin er hátt í jafnmikil og í tilfelli Vaðlaheiðarganga, umferð er þó minni en kostnaður við framkvæmdina ekki nema brot af kostnaði við Vaðlaheiðargöng. Ef ríkið gerði styttinguna en rukkaði veggjald á nýrri brú yfir Blöndu í 25 ár myndi verkefnið auðveldlega þola að hluti veggjaldsins færi til samfélagsverkefna í héraðinu. Ef t.d. 100 kr. af veggjaldinu rynnu í nýsköpunarsjóð sem eingöngu stæði íbúum í Austur-Húnavatnssýslu til boða þá þýddi það að hægt væri að úthluta úr þeim sjóði til nýsköpunarverkefna um 100.000 kr. á degi hverjum, 35 m.kr. á ári. Líklega myndi verkefnið þola 200 kr. af veggjaldinu eða 200.000 kr. á dag, 70 m.kr. á ári. Þar sem oft er krafist mótframlags þegar sótt er í rannsókna- og nýsköpunarsjóði á landsvísu væri líklega hægt að auka fé til nýsköpunar á svæðinu um enn hærri upphæð en þetta.

> Slíkur sjóður yrði hlutfallslega gríðarlega sterkur, Skagfirðingar myndu líta öfundaraugum til vesturs en ekki öfugt.

Hvað þýddi þetta fyrir Blönduós og A-Hún.? Þar yrði kjörið að eiga heima fyrir þá sem eru frumkvöðlar. Í fyrsta lagi myndu heimamenn sem eru hugmyndaríkir og atorkusamir ekki fara burt af svæðinu. Í öðru lagi myndi héraðið soga til sín atorkusamt fólk sem myndi stofna fyrirtæki m.a. í ferðamennsku.

Einnig er hægt að hugsa sér fjárfestingarsjóð sem legði fé í atvinnurekstur í héraðinu. Á 25 árum kæmu inn í þann sjóð kannski 850 m.kr. miðað við hundraðkallinn, 1.700 m.kr. miðað við 200 kallinn. Ef sjóðurinn væri eingöngu ávaxtaður á meðan hann væri að byggjast upp yrði hann líklega langt yfir 2 milljörðum króna eftir 25 ár. Hvað er hægt að gera fyrir 2 milljarða í A-Hún.? Vonandi fjárfesta í arðsamri atvinnustarfsemi sem stækkaði sjóðinn enn frekar. Vinna að erlendri fjárfestingu á svæðinu og margt fleira. Slíkur sjóður yrði hlutfallslega gríðarlega sterkur, Skagfirðingar myndu líta öfundaraugum til vesturs en ekki öfugt.

Yrði þetta hættulegt fordæmi? Fordæmið yrði vegstytting með mikilli arðsemi með veggjaldi þar sem byggðir í varnarbaráttu teldu sig skaðast. Þannig verkefni eru fá á Íslandi og líklega allt í lagi að ræða hvort sama ætti við í slíkum tilfellum.

Því miður hefur umræðan um þessa framkvæmd aldrei snúist um það að allir geti grætt. Samt er algjörlega öruggt að slík útfærsla er til.



Vitra Arkitekt WC
8.990,-
án setu
Glæsilegt úrval af gæða hreinlætistækjum á góðu verði í Bæjarlind 6, Kópavogi
NAPOLI hitastýrð blöndunar-tæki fyrir sturtu ásamt stöng, barka og brúsu
12.900,-
10.900,-
Vitra Slope
Bol-834 80x48x18cm þykkt 0,8mm
11.990,-
CERAVID baðkar 170x75 cm
19.900,-
20.990,-
Vitra
Grand Scandinavia m. setu
NIZA innrétting með spegli.
Hvít og wengue *
24.900,-
Spænsk hönnun og framleiðsla.
44x25x44 cm, spegill 35x80 cm
* blöndunartæki ekki innifalin
PARIS innrétting með handlaug og spegli. Hvít, wengue og sebra
19.900,-
Spænsk hönnun og framleiðsla.
45x30x35 cm, spegill 45x65 cm
Sturtuglerþil á baðkar
19.990,-
Mikið úrval
3.690,-
2.190,-
1.490,-
Superlight sturtuhaus með ljósi sem breytist eftir hitastigi
14.900,-
Moon sturtuhaus
9.900,-
Látúns sturtubarki 1,5m
790,-
VITA handklæðaofn kúptur króm 50x80 cm
14.890,-
einnig fáanlegir í hvítu á enn lægra verði. Margar stærðir.
MILAN sturtuhorn 90x90 cm með botni og vatnslás (einnig til 80x80)
22.900,-
NAPOLI hitastýrt sturtusett
26.900,-
NAPOLI handlaugartæki
2.990,-
CERAVID SETT
WC - kassi, hnappur og hæglokandi seta.
Þýsk gæðavara.
35.990,-
Flísa&Bað
MARKAÐURINN
Bæjarlind 6, Kópavogi, sími 517 6067. Opið mán. - fös. 10-18, laugard. 11-16.

# Tökum gestasprettinn

Samfélagsmál

Jakob Frímann Magnússon
framkvæmdastjóri Miðborgarinnar okkar



Það er gott að fá gesti í heimsókn. Það rekur okkur til hreingerninga og tiltektar. Orðið gestasprettur vísar til þeirra skyndiþrifa sem jafnan eru undanfari gestakomu. Miðborgin er vettvangur tæplega eitt þúsund rekstraraðila og um níu þúsund íbúa. Auk þess sækja tugþúsundir miðborgina heim vikulega, á sumum helgum allt að eitt hundrað þúsund manns, og eru gestir þá iðulega eigi einhamir, í stífu föruneyti Bakkusar konungs. Skrautlegt er jafnan um að litast eftir útihátíðir helganna í miðborginni. Fnæsandi vélsópar gera sitt besta, en það dugir skammt.

### Það eru að koma gestir!

Í ár eigum við von á um 700.000 þúsund erlendum gestum til viðbótar við alla þá innlendu. Flestir þeirra sækja miðborgina heim. Hún er í raun fjölsóttasti og mesti álagsblettur Íslands. Mörgum blöskrar útgangurinn á miðborginni, jafnvel þó vélsóparnir hafi lokið sínu.

Nú er mál að taka höndum saman; við heimafólkið að vanda okkur og huga betur að umgengninni og vélsópaverktakarnir að gerast einbeittari og grípa til handkústanna þar sem þörf krefur. Loks þurfa rekstraraðilarnir að sammælast um hreinni torg og fegurri borg því slíkt eykur líkur á endurteknum heimsóknum og blómlegri viðskiptum til langframa. Í nágrannalöndunum er það sjálfsögð og viðtekin venja að rekstraraðilar hefji starfsdaginn á að grípa kústinn og fægiskófluna til að fegra eigin stétt og sitt nánasta umhverfi. Þetta þurfum við að innleiða hér.

### Gestasprettur í vikulokin

Nú á föstudaginn 8. júní hefst hreinsunarátakið Gestasprettur. Kústum og fægiskóflum verður með táknrænum hætti dreift meðal rekstraraðila í miðborginni, málningarpenslum þar sem við á. Áður en 700.000 erlendu gestina ber að garði er hvatt til þess að rekstraraðilar og íbúar sameinist í frísklegu hreinsunarátaki með atfylgi Miðborgarinnar okkar og Reykjavíkurborgar. Afraksturinn í formi ruslapoka verður síðan fjarlægður af stéttarbrúnum á laugardag 9. júní, sunnudag 10. júní og mánudag 11. júní.

Í kjölfarið ættum við að efna til viðvarandi vitundarvakningar og gera síðan með okkur miðborgarsáttmála er spegli sameiginlega ábyrgð okkar allra á því að standa vörð um hreinleika og reisn miðborgarinnar okkar fögru. Hún er í senn sameign allra Íslendinga og mikilvæg fyrsta vísbending um menningarstig sem blasir við ört fjölgandi gestum okkar.

Gleðilegt sumar. Láttu ekki þitt eftir liggja!

# Er barnið þitt með fælni?

Fælni

Íris Stefánsdóttir
sálfræðingur



Nú þegar sumarið er komið halda börnin út í sumarævintýrin með sól í hjarta og bros á vör. Við gerum sennilega flest ráð fyrir því að svona gangi þetta fyrir sig, að börn leiki glaðleg og frjálsleg úti á sumrin. Þannig er því sjálfsagt farið með flest börn en ekki öll.

Meðal þeirra barna sem fá ekki fyllilega notið sín til jafns við önnur börn á sumrin eru þau sem sýna yfirþyrmandi hræðsluviðbrögð við skordýrum sem fara á kreik á þessum árstíma. Það er nóg fyrir sum börn að heyra suð í býflugu, þá hljóða þau upp yfir sig, fara jafnvel að gráta og flýja í öruggt skjól. Stundum þvertaka þessi börn fyrir að fara á þá staði sem þau vita að býflugur eða önnur skordýr halda sig. Í alvarlegustu tilvikunum treysta börn sér vart út að leika á sumrin af ótta við þessi smádýr.

Þau fara því á mis við margt af því sem sumarævintýrin hafa upp á að bjóða. Þetta vandamál nefnist á sálfræðimáli fælni. Í daglegu tali er oft talað um fóbíur. Fælni er algengasta kvíðavandamálið meðal barna og er talið að um það bil 2-4% barna glími við fælni. En hvað er fælni og hvernig lýsir hún sér hjá börnum? Fælni er yfirþyrmandi, óraunhæfur og þrálátur ótti sem beinist að tilteknum hlutum og aðstæðum. Barn sem glímir við fælni forðast yfirleitt að mæta þessum hlutum og aðstæðum eða upplifir mikla vanlíðan þegar það er í návist þeirra. Algengt er að fælni barna beinist að dýrum (aðallega býflugum, hundum), myrkri (geta ekki sofið ein á nóttunni), blóði og sprautum, lækna- og tannlæknastofum, lyftum, vatni, háum stöðum. Einnig eru dæmi um að fælni beinist að því að kafna, kasta upp, smitast af sjúkdómum, að fuglum, músum, óveðri, jarðgöngum, brúm, fólki í búningum, ferðast með farartækjum eins og flugvélum, skipum og bílum.

Engin einhlít skýring liggur að baki fælni eða öðrum kvíðavanda hjá börnum. Oftast er um samspil erfða og umhverfis að ræða. Þannig er talið að tilhneiging til kvíða geti erfst en að ýmsir þættir í umhverfi barna, eins og hegðunarmynstur og uppeldisaðferðir foreldra eða annarra í kringum þau geti styrkt þessa eðlislægu tilhneigingu. Þar sem foreldrar eru mikilvægustu fyrirmyndir barna sinna má búast við að þau takist á líkan hátt við heiminn og þeir. Ef foreldri er með fælni og forðast aðstæður, getur barnið lært að höndla hræðslu og kvíða á þennan hátt.

Uppeldisaðferðir og hvernig foreldrar bregðast við óöryggi og hræðslu barna sinna getur átt þátt í að viðhalda fælni og kvíða. Þar sem foreldrar leitast við að vernda börn sín fyrir óþægilegum hlutum er hætt við að sumir bregðist við fælni barns með ofverndun og hlífi því við aðstæðum sem það sýnir kvíða gagnvart, þótt þær séu hættulausar. Það sem hins vegar gerist er að barnið fær ekki tækifæri til að koma sér í aðstæðurnar sem kennir því að ekkert slæmt kemur fyrir það. Einnig geta áföll í sumum tilvikum ýtt undir að fælni þróast (t.d. að verða bitinn af hundi).

Atferlismeðferð hefur reynst afar áhrifarík við fælni hjá börnum. Í mörgum tilvikum er fælnin meðhöndluð í einni tveggja til þriggja klukkustunda lotu, eftir að matsviðtal hefur átt sér stað. Mikilvægasti þáttur meðferðar er að láta barnið takast á við það sem það óttast í nógu litlum skrefum, þannig að kvíðinn verði aldrei of mikill. Þannig væri barn með kóngulóafælni látið horfa á kónguló í glerbúri úr fjarlægð þar til það hefur vanist því. Þar á eftir myndi barnið vera látið færa sig örlítið nær, þar til að það hefði vanist því að halda utan um glerbúrið. Að lokum ætti það að vera tilbúið að setja höndina ofan í búrið o.s.frv. Þessi aðferð er ótrúlega skjótvirk og árangursrík og mikilvægt að grípa snemma inn í þar sem fælni getur varað svo áratugum skiptir ef ekkert er að gert.

# Mínir fordómar og annarra

Forsetaembættið

Jakobína Ingunn Ólafsdóttir
stjórnsýslufræðingur



Samkvæmt fræðimannaáliti Rósu Erlingsdóttur og Hrafnhildar Ragnarsdóttir blasir kynjuð staðalmynd karlrembunnar Ólafs Ragnars Grímssonar við og er sú karlremba annað hvort alveg eins eða næstum því eins og karlremburnar sem réðust á Vigdísi Finnbogadóttur. Hrafnhildur telur að karlrembustig forsetans sé eitthvað „sem ekki má svo auðveldlega ræða“.

Hrafnhildur Ragnarsdóttir víkur að hugarástandi mínu þegar ég skrifa pistil undir fyrirsögninni „Fordómar úr Kvennahreyfingu Samfylkingarinnar“ og fullyrðir að mér hafi verið „mikið niðri fyrir“ þegar ég skrifaði umræddan pistil. Það sem ég gagnrýndi meðal annars í pistlinum var orðanotkun eins og „engum dylst“ og „ljóst er“. En þar sem Hrafnhildur hélt því fram að Rósa skrifaði umrædda grein sem fræðimaður þá fannst mér fræðimaðurinn taka sér heldur mikið forræði fyrir sannleikanum án þess þó að byggja á gögnum eða sterkum rökum.

Ég hef almennt mikið álit á konum en tel að þessar tvær séu mörgum konum fremri enda ekki á færi margra að greina hugarástand mitt þar sem ég sit heima við tölvuna og glamra á takkaborðið. Reyndar minnist ég þess ekki að mér hafi verið mikið „niðri fyrir“ en hugsanlega býr Hrafnhildur yfir tækni til þess að greina hugarfar mitt að því leyti sem ég skynja það ekki sjálf.

Ef ég væri nú jafn kolvitlaus og margir þeir stjórnmálamenn og auðmenn sem vaða uppi í samfélaginu þá myndi ég sennilega nota peningavaldið og fara í mál við Hrafnhildi fyrir að bera út óhróður um hugarástand mitt á opinberum vettvangi. En þar sem ég er bara venjuleg kona og tel að hugsanlega sé þetta tilraun Hrafnhildar til þess að gera kynjaða greiningu á orðræðu minni ætla ég að láta málið niður falla en ráðlegg Hrafnhildi að gera þetta ekki að ævistarfi.

Ég vil samt leiðrétta þá rangfærslu að ég átti mig ekki á að greinin hafi ekki verið skrifuð í nafni Kvennahreyfingar Samfylkingarinnar. Ég kannast ekki við að hafa skrifað það. Ég tala hins vegar um fordóma úr Kvennahreyfingu Samfylkingarinnar og geri grein fyrir því enda sitja báðar konurnar sem ég nafngreini í stjórn Kvennahreyfingar Samfylkingarinnar.

Hrafnhildur lýkur pistli sínum með snúningi þegar hún telur það vott um fordóma að ég vilji „ekki sjá konu í embætti forseta Íslands sem er teflt fram af körlum sem hyggja á að nýta sér kynjaða vitund kvenna til þess að koma annarri konu í forsetaembættið sem hlýðir kalli valdhafanna.“ Hún telur það undarlegan málflutning þegar ég lýsi því hvernig forseta ég vil ekki sjá og tekur sér það bessaleyfi að túlka það þannig að ég sé að gera lítið úr forsetaframbjóðandanum Þóru Arnórsdóttur og hennar skoðunum.

Hrafnhildur gefur til kynna að henni finnist ég hafa vondar skoðanir eða allavega fordómafullar. Hrafnhildur þarf að virða mér það til vorkunnar að ég hef ekki gengið í stjórnmálaskóla Samfylkingarinnar né heldur annarra stjórnmálaflokka. Það kann því að vera að mér fipist sporin í pólitískum rétttrúnaði.







FÓLK
KYNNINGARBLAÐ



## SUMARLEGUR EFTIRRÉTTUR

**Ferskur ananas er sérlega góður grillaður. Skerið ananasinn í sneiðar, penslið með legi sem gerður er úr smávegis fljótandi hunangi og límónusafa. Skellið bitunum á grillið í um það bil 3 mínútur á hvorri hlið. Berið fram með vanilluís og karamellusósu.**



# UPP ÚR SÓFUNUM!

**BARÁTTUGLAÐUR** *Snorri Már Snorrason greindist með Parkinsonsveikina fyrir átta árum. Snorri hjólar nú hringveginn, yfir 1400 kílómetra, til að koma því áleiðis að hann stjórni lífi sínu en ekki sjúkdómurinn.*

Þótt fólk greinist með sjúkdóm þarf það ekki endilega að gerast sjúklingar. Ég hef enn ekki mátað mig í það hlutverk og gef hvergi eftir,“ segir Snorri Már Snorrason hönnuður og útivistargarpur. Snorri lagði upp í Skemmtiferð í fyrradag og ætlar ótrauður að hjóla hringinn þrátt fyrir að hafa greinst með Parkinsonsveikina fyrir átta árum.

„Sjúkdómurinn byrjaði með kraftleysi og skjálfta í hægri handlegg. Við tók langt greiningarferli sem tók af allan vafa. Í því er meðal annars tekin ísótópamynd af höfðinu en um 75 prósent dópamínfruma í heila eru dauðar þegar fyrstu einkenni láta á sér kræla,“ útskýrir Snorri sem var aðeins 39 ára þegar hann greindist.

„Ég fékk ekki áfall en ákvað að taka strax á þessu. Vitaskuld var Parkinsonsveikin ekki á stefnuskránni og mörgum bregður mjög við tíðindin því þetta er erfitt og mikið mál að koma með slíkan sjúkdóm heim til sín. Það breytir lífi fjölskyldunnar og vissulega pakki að vera allt í einu með ólæknandi sjúkdóm. Framtíðarplönin verða ekki eins háleit og maður ætlaði sér og starfsævin trúlega ekki eins löng og til stóð í upphafi,“ segir Snorri.

Að sögn Snorra eru Parkinsonssjúklingum gefin tíu góð ár eftir greiningu. Átta ár eru síðan hann sjálfur greindist.

„Birtingarmyndir Parkinsonsveikinnar eru fimmtíu til sextíu talsins. Því er útilokað að segja til um hvernig fer hjá hverjum og einum. Þar spilar inn í hvernig tekið er á sjúkdómnum og hversu heppinn maður er með spil á hendi. Sumir skjálfa eða titra, eins og ég geri, á meðan aðrir stirðna og frjósa þannig að þeir geta ekki hreyft sig,“ útskýrir Snorri sem er hættur að geta skrifað rétthendis þar sem hægri hliðin er orðin klaufskari en áður. „Það truflar mig ekki andlega. Ég er enda sannfærður um að hreyfing styrki andlegu hliðina. Veikin bitnar heldur ekki á vinnu

**HÖRKUTÓL Á HJÓLI**
Snorri hlakkar til að hjóla um fagra Austfirðina en segir leiðina frá Akureyri til Egilsstaða verða mest krefjandi. Þá hjólar hann tvo daga upp í móti en fær samfylgd bróður síns og bróðursonar.
MYND/STEFÁN

FRAMHALD Á SÍÐU 2




Opið virka daga í sumar frá kl. 9 -18 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is

Fínlegur

teg REBECCA - saumlaus, slétt skálin mótar fallega og heldur við, fæst í DD,E,F,FF,G skálum á kr. 10.850,-
Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga
Vertu vinur

praxis
...þegar þú vilt þægindi
Vatteraðir jakkar - 14.500 kr.


Fást í 5 litum, lime, svörtu, rauðu, kongabláu og fjólubláu
Erum einnig með gott úrval af bómullarbolum og mikið úrval að vinnufatnaði kíkið á praxis.is
Boníto ehf. • Praxis
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2878 • www.praxis.is • soo.dk
Opið mán. – fös. kl. 11–17. Lokað Laug.

OUTLET SKÓR
aðeins 4.900 kr.
Stráka skór
St. 21–26

aðeins 8.500 kr.
Herra skór
St. 41–45

aðeins 9.900 kr.
Shape Ups dömu skór
St. 36–41

aðeins 4.900 kr.
Stelpu skór
St. 21–26

aðeins 7.900 kr.
Dömu skór
St. 36–41

OUTLET-SKÓR | FISKISLÓÐ 75 | 101 REYKJAVÍK
Opið: mán-fös 13-18 & lau 12-16 sími: 514 4407

# PASSA ÞARF BÖRNIN Í SÓLINNI

**Sólin er sérstaklega varasöm fyrstu árin.**

**SÓLIN ELDIR HÚÐINA**

Sólin kætir og gleður en hún er líka varasöm. Óhófleg geislun á húðina getur meðal annars valdið freknum, litabreytingum, öldrunarbreytingum, frumubreytingum, hrukkum, frumubreytingum og húðkrabbameinum. Sólarvörnin skiptir því miklu og eins getur reynst nauðsynlegt að klæða sólina af sér og leita í skugga. Það skiptir miklu máli að verja börnin fyrir sólinni, þar sem meirihluti þeirrar geislunar sem fólk verður fyrir, eða um það bil 80 prósent, verður á fyrstu tuttugu árum ævinnar.

Heimild: www.landlaeknir.is



# UPPSKRIFT ALPHA DAILY VIRKAR

*HP Heilsa kynnir Jón Ármann Steinsson hefur notað Alpha Daily-drykkinn í þó nokkurn tíma og þakkar honum það að vera laus við þursabit sem plagaði hann.*

Jón Ármann Steinsson, hönnuður og rithöfundur, er laus við þursabit eftir að hafa drukkið Alpha Daily. „Hún móðir mín mælti með þessu við mig og gamla konan vissi greinilega hvað hún söng því eftir að hafa drukkið mikið af Alpha Daily á stuttu tímabili þá var ég laus við þursabitið. Ég lenti í ákveðnum vítahring eftir að ég fékk þursabit einu sinni, þá fór ég að hreyfa mig á rangan máta og fékk þursabitið aftur og aftur. Alpha Daily mýkti upp alla vöðva þannig að það var eins og þeir væru hlýir að innan,“ segir Jón Ármann.

Hann segir drykkinn einnig slá á svengdartilfinningu og hefur hann því grennst. „Ég tek kúra og drekk þá mikið af Alpha Daily á stuttum tímabilum. Þá get ég jafnvel sleppt úr máltíðum og narta ekki eins mikið á milli mála.“

Eplaedik, sem er meginuppistaðan í Alpha Daily, hefur verið notað í gegnum aldirnar til að bæta heilsuna. „Þessi drykkur er í eðli sínu gamall. Fólk hefur í gegnum aldirnar verið að blanda drykkinn sjálft en í dag er svo mikið af kemískum efnum í öllu að það er erfitt fá rétta virkni úr honum. Alpha Daily hins vegar er blanda eftir gömlu uppskriftinni sem virkar,“ segir Jón Ármann.

Drykkurinn er í glerflöskum sem má skila til HP Heilsu, Smiðjuvegi 38 í Kópavogi, og fá áfyllingu. Ef sex flöskum er skilað inn fæst áfylling á heildsöluverði.

Alpha Daily-drykkurinn fæst á eftirtöldum stöðum: Hagkaupum, Víði, Fjarðarkaupum, Kosti, Melabúðinni, Heilsuhúsinu, Lifandi markaði, Garðheimum og Blómavali.




FRAMHALD AF FORSÍÐU



minni því ég færði mig yfir í vinstri hönd og sé eftir að hafa ekki fært músina til vinstri fyrir löngu því það er svo miklu eðlilegra í vinnu.“

Skemmtiferð Snorra er ekki fjársöfnun heldur hvatning til almennings um að hreyfa sig meira.

„Víst er erfitt að hjóla hringinn en miðað við hversu margir geta ekki hreyft sig og vildu gjarnan vera með mér er ferðin auðvitað eintóm skemmtun. Þótt fólk sé heilbrigt í dag er ekki víst að heilsan endist. Því er ávinningurinn mun dýrmætari en peningar takist mér að hjálpa einhverjum að standa upp úr sófanum og byrja að hreyfa sig.“

Snorri er í betra líkamsformi en margir heilbrigðir jafnaldrar hans.

„Við megum ekki sjúkdómsvæðast og verðum að hugsa um heilsuna í stað sjúkdómsins. Það viðhorf skiptir miklu því heilbrigðir einstaklingar geta lagst í kör og orðið sjúklingar af því einu. Því er ekki í boði annað en að halda áfram og bjóðist ekkert betra en sjúkdómurinn verður að hámarka öll lífsgæði sem bjóðast.“

Parkinsonsveikinni fylgir svefnleysi og allt að 40 prósent Parkinsonsjúklinga þjást af þunglyndi.

„Ég sef sjaldnast heila nótt en hreyfing og útivera hjálpa mér að sofa. Líkamleg þreyta er betri en andleg og ég vil ná henni fram. Ég er svo þannig gerður að ég velti mér ekki upp úr ljótu dögunum en á náttúrlega mína bömmerdaga. Þá átti ég líka fyrir. Maður getur verið rasssíður einn daginn en ekki má kenna sjúkdómnum um allt.“

Snorri bloggar um dagleiðir sínar á hverjum degi. Best er að fara á heimasíðu Parkinsonsamtakanna www.parkinson.is og þaðan á heima- og Facebook-síðu Snorra.

„Ég hvet sem flesta til að fylgjast með og slást í hópinn hvar sem ég verð á ferð. Mér er mikils virði að sjá einhvern bíða mín við afleggjara til að hjóla með mér spöl. Margir sitja jafnvel fyrir mér, sem er yndislegt. Það þarf enginn að vera feiminn; ég verð svo glaður við samfylgdina. Það þarf heldur ekki að hjóla 100 kílómetra með mér; það er nóg að hjóla einn eða minna, eða bara segja halló. Þá veit ég að fólk tekur hvatningu minni um að hreyfa sig meira og að það kunni að meta það að vera heilbrigður og hreyfi sig í virðingarskyni við þá sem geta það ekki.“

thordis@365.is

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Jónína María Hafsteinsdóttir**
**jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson**
**sverrirbs@365.is,** s 512 5432
**Elsa Jensdóttir**
**elsaj@365.is** s. 512-5427

www.lyfja.is

ESTĒE LAUDER




Verð með afslætti kr. 7.496,-

Við gefum
**25% afslátt** af
Daywear Sheer Tint og
Daywear BB creme
í dag þriðjudag og
miðvikudag,
Í Lyfju Lágmúla,
Smáratorgi og Selfossi

*meðan birgðir endast




Verð með afslætti kr. 5.242,-

LYFJA
- Lifið heil

KUNG FU
FYRIR BÖRN
OG UNGLINGA
-WU SHU ART



ÍTR NÁMSKEIÐ
DREKINN
WUSHU FÉLAG REYKJAVÍKUR
Skeifunni 3j · Sími 553 8282
www.heilsudrekinn.is

# MALBIKUN

**Kynningarblað**
Þjóðvegir
Rannsóknir
Heimkeyrslur
Jarðgöng
Þróunarvinna

ÞRIÐJUDAGUR **5. JÚNÍ 2012**


# Við elskum malbik

Malbikunarstöðin Hlaðbær - Colas hefur séð um malbikun nánast allra jarðgangna sem gerð hafa verið á landinu síðustu tuttugu ár. Gunnar Örn Erlingsson, verkefnastjóri hjá MHC, kynnir fyrirtækið.



Gunnar Örn Erlingsson, verkefnastjóri hjá MHC, segir fyrirtækið hafa stóraukið þróunarstarf í malbiksframleiðslu. MYND/PJETUR

**Hver er forsaga fyrirtækisins?** „Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas (MHC) byggir á grunni gamla verktakafyrirtækisins Hlaðbæjar hf. sem stofnað var 1964. Fyrirtækið verður því brátt hálfrar aldar gamalt. Um miðjan níunda áratuginn hafði danska Colas fyrirtækið áhuga á að hasla sér völl hér á landi og keypti þá Hlaðbæ ásamt því að reisa á þeim tíma fullkomna verksmiðju til framleiðslu á malbiki. Nýtt fyrirtæki var stofnað árið 1987 sem fékk nafnið Hlaðbær-Colas.“

***Hver eru helstu verkefni Colas á Íslandi ?*** „Okkar sérsvið er framleiðsla malbiks og biktengdra afurða til vegagerðar ásamt því að leggja út malbik. Starfsfólk Hlaðbæjar-Colas er stolt af því að nánast öll jarðgöng sem gerð hafa verið síðustu 20 ár eru malbikuð af okkur og sama má segja um stærstu flugvallaverkefni undanfarna áratugi. Við segjum hér hjá Hlaðbæ-Colas að ekkert verkefni sé of smátt eða of stórt fyrir okkur.“

***Er malbik ekki bara malbik?*** „Ó, nei. Það eru til ótrúlega margar mismunandi gerðir malbiks sem spanna vítt notkunarsvið. Allt frá ódýru burðarlagsmalbiki upp í hágæða malbik með íblöndunarefnum eins og fjölliðum sem bæta styrk þess þar sem mikið mæðir á. Það er ekki verið að nota sama efnið á innkeyrslu við einbýlishús og á gámavinnusvæði á höfninni. Það er mikil vinna sem liggur að baki þróun mismunandi slitlaga. Hins vegar er grunnurinn einfaldur. Segja má að malbik samanstandi af jarðbiki sex prósent og steinefnum 94 prósent.“

***Er einhver þróun í malbiki?*** „Já svo sannarlega, við höfum, í kjölfar samdráttar í malbiksframleiðslu í kreppunni, nýtt tímann vel og stóraukið allt þróunarstarf. Við höfum meðal annars skoðað hvernig við getum endurnýtt efni sem fellur til sem annars er urðað. Einnig höfum við leitað leiða til þess að auka arðsemi fjárfestinga verkkaupans með því að hámarka endingartíma slitlagsins. Eins og sést á vegum landsins hefur fjármagn til vegamála verið skorið gríðarlega niður og er ástand sumra vega slæmt.“

***Þú nefndir endurvinnslu, hvað fáist þið einkum við í þeim efnum?*** „Við höfum síðastliðin 5 ár tekið á móti malbiksafgöngum. Þetta eru mörg þúsund tonn á ári. Endurunnið malbik má nota í allt malbik sem við framleiðum. Einnig höfum við hannað malbik sem inniheldur brotið flöskugler. Rétt er að nefna að við höfum verið í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og Nýsköpunarmiðstöð Íslands varðandi ýmsa þróun á slitlögum, til dæmis glermalbikið og súpermalbik.“

> **Starfsfólk Hlaðbæjar-Colas er stolt af því að nánast öll jarðgöng sem gerð hafa verið síðustu 20 ár eru malbikuð af okkur.**

***Bíddu við, súpermalbik?*** „Já, við höfum verið að þróa svokallað PMA-malbik og ætlum út í frekari þróun í þessa veru og viljum blanda súpermalbik í sumar sem verður besta malbik sem nokkru sinni hefur verið búið til á Íslandi. Innihaldið er leyndarmál. Einnig erum við að þróa bindiefnið í klæðningarnar (sem eru notaðar á vegum utan höfuðborgarsvæðisins) sem byggir á þeirri reynslu sem við höfum aflað okkur í gegnum áðurnefnda vinnu.“

***Eitthvað sem þú vilt bæta við í lokin?*** „Við elskum malbik!“



## STÆRSTIR Í EINKAREKSTRI

Hlaðbær-Colas hf. er stærsta einkarekna malbikunarfyrirtækið á Íslandi. Stærsti keppinauturinn er í eigu Reykjavíkurborgar.



## LEIÐANDI Í NÝJUNGUM

MHC er leiðandi á sínu sviði á Íslandi, í nýjungum og þróun á malbiki og biktengdum afurðum.



## ENDURVINNSLA OG ÞRÓUN

MHC er í fararbroddi við endurvinnslu og hefur m.a. þróað slitlag úr 100% endurunnu malbiki og flöskugleri.



## PMA-MALBIK

PMA-malbik stendur fyrir „polymer modified asphalt“ og þýðir fjölliðubætt malbik. Fjölliður eru langar plast/gúmmí-keðjur sem ganga í efnasamband við bikið.

# Þjóðhagslega hagkvæmar rannsóknir

Malbikunarsetrið heyrir undir Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Þar eru gerðar prófanir á malbiki og endingu þess. Óskar Örn Jónsson, forstöðumaður Mannvirkjarannsókna og þróunar, segir það mikilvægt að auka endingu malbiks og hagkvæmni í vinnslu.

Malbikunarsetrið var sett á fót árið 2009 á Nýsköpunarmiðstöð Íslands í samstarfi við Vegagerðina og framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar. Fjárfest var í tækjabúnaði sem uppfyllir Evrópustaðla um prófanir og framleiðslu malbiks sem opnaði möguleika á endurhönnun íslensks malbiks með það að markmiði að auka endingu þess. Óskar Örn Jónsson, forstöðumaður mannvirkjarannsókna og þróunar hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands er með yfirumsjón með rannsóknum Malbikunarsetursins.

## Hvað er malbik?

Í malbik er almennt notuð jarðolía sem búið er að eima öll léttari efni úr, líkt og bensín, dísel og steinolíu. Um 85% af rúmmáli malbiks er fylliefni sem vegur 95% af þyngd þess. „Í blönduna eru notaðar mismunandi gerðir steina, en hlutfall lítilla steina á móti stórum ræður töluverðu um gæði malbiksins. Einnig eru ýmis íblöndunarefni sem herða malbikið. Svo eru önnur efni til að auka þjálni svo ekki þurfi að hita malbikið eins mikið við lagningu. Það minnkar uppgufun rokgjarnra efna sem er umhverfisvænna.“

## Mælingar og próf

Óskar segir ýmsar prófanir fara fram á rannsóknarstofunni. „Til dæmis mælum við stífni efnis og endingu. Við erum líka að reyna að finna leiðir til að lækka hitastig við lagningu og draga þannig úr mengandi liðum í ferlinu með mismunandi íblöndunarefnum í malbikið.“ Harka malbiks er mæld með því að láta stálkúlur berja á malbiksplatta eftir ákveðnum stöðlum. Svo er slitið mælt á yfirborðinu. Einnig eru hörkumælingar gerðar á steinunum sem notaðir eru í malbikið. Þá eru þeir settir í tromlu ásamt stálkúlum sem snýst í hringi. Eftir ákveðinn tíma er tromlan stöðvuð, stærð steinanna mæld og ákvarðast harkan út frá því hversu mikið þeir rýrna í tromlunni. „Svo erum við með vél sem líkir eftir bíl sem ekur á malbiki. Þá er útbúinn malbiksplatti sem gúmmíhjól gengur fram og aftur á, af fyrirfram gefnum þunga í ákveðinn tíma. Þannig er hægt að gera tilraunir á endingu og þoli malbiksins inni á rannsóknarstofu á skemmri tíma en við raunaðstæður. Þessar prófanir eru samkvæmt evrópustaðli og samanburðarhæfar við erlendar rannsóknir.“

## Hagkvæmni

„Þetta snýst í raun um það að nota heppileg fylli- og íblöndunarefni til að tryggja góða endingu. Þar að auki er mikilvægt að þróa aðferðir við framleiðslu og lagningu sem auka hagkvæmni. Það er kostnaðarsamt að leggja malbik og halda því við. Því verri sem efnin eru þeim mun örar þarf að skipta um.“ Hlutverk Malbikunarsetursins er því þjóðhagslega mikilvægt. Af þeim sökum eru sveitarfélög, Vegagerðin og fyrirtæki í góðu samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands. „Við erum til að mynda með tilraun í gangi á nýju malbiki á Bústaðaveginum í samvinnu við Malbikunarstöðina Hlaðbæ-Colas. Svo erum við einnig að rannsaka möguleika á því að blanda saman uppfræstu efni við nýtt malbik og ná þannig að endurvinna malbikið sem annars færi til spillis.“



Notuð er vél sem líkir eftir akstri bíls á malbiksplatta til að kanna endingu malbiksins.



Hér má sjá hvernig malbikið slitnar og gefur undan álaginu frá hjólinu.



Óskar Örn Jónsson er í forsvari fyrir Malbikunarsetrið sem opnað var 2009.



## *Stuð og tár á malbikinu*

Malbiki fylgir kitlandi frelsistilfinning. Að bruna laus úr öllum viðjum kallar á viðeigandi tónlist í eyrun, hvort sem það er óbeislað rokk eða tregafyllri söngvar sem valda geðshræringu. Hér rifjast upp þekktar lagasmíðar sem allar eiga þjóðvegi að yrkisefni.

### Þjóðvegur 66
**flutt af KK**

Í fjarlægð þeim sýndist fjöllin blá, fundu hvorki sjálfan sig né eitthvað sem þau þrá á þjóðvegi 66.

### Þjóðvegurinn
**flutt af Brimkló**

Svo er ekið af stað og ekki áð um sinn. Ég ætla að glíma í allan dag við þjóðveginn.

### Vegir liggja til allra átta
**flutt af Ellý Vilhjálms**

Vegir liggja til allra átta, enginn ræður för.

### Hit the Road, Jack
**flutt af Ray Charles**

Hit the road, Jack and don't you come back no more.

### King of the road
**flutt af Roger Miller**

Trailer for sale or rent, rooms to let, fifty cents. No phone, no pool, no pets, I ain't got no cigarettes.

### Take Me Home Country Roads
**flutt af John Denver**

Almost heaven, west Virginia. Blue ridge mountains, Shenandoah River.

### The Long and Winding Road
**flutt af Bítlunum**

The long and winding road, that leads to your door, will never disappear, I've seen that road before. It always leads me here, lead me to your door.

### Road to Hell
**flutt af Chris Rea**

This ain't no technological breakdown. Oh-no, this is the road to hell.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Sverrir Birgir Sverrisson sverribs@365.is s. 512 5432. **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.





Unnið að viðgerð á Reykjavíkurflugvelli. Járnnet er lagt undir malbikið til að auka burðarþol. MYND/PJETUR SIGURÐSSON

# Engin verkefni óviðkomandi Höfða

Verkefni Malbikunarstöðvarinnar Höfða eru fjölbreytt. Markaðssvæði stöðvarinnar nær frá Hvammstanga til Víkur í Mýrdal.

Malbikunarstöðin Höfði hf. hefur um margra ára skeið framleitt og lagt malbik. Malbikunarstöðin byggir á grunni tveggja eldri fyrirtækja sem voru í eigu Reykjavíkurborgar. Um er að ræða grjótmulningarstöð sem sett var á fót árið 1925 og malbikunarstöð sem stofnuð var árið 1930. Halldór Torfason, framkvæmdastjóri Höfða, segir fyrirtækið því búa yfir gríðarlega mikilli reynslu sem skili sér í gæðum framleiðslunnar og vandaðri vinnu starfsfólks. „Fyrirtækin tvö voru þekkt undir nafninu Malbikunarstöð Reykjavíkur en árið 1996 var stofnað nýtt hlutafélag undir nafninu Malbikunarstöðin Höfði hf. sem hóf síðan formlega starfsemi 1. janúar 1997.“

Verkefni Höfða eru fjölbreytt og markaðssvæðið er stórt. Halldór segir Höfða vinna að malbikunarverkefnum sem ná til Hvammstanga í norðri og Víkur í Mýrdal í austurátt. „Engin verkefni eru óviðkomandi Höfða. Við sinnum bæði stórum sem smáum verkefnum. Af stærri verkefnum má nefna að árið 2011 vorum við með yfirlagnir fyrir Vegagerðina á suður- og suðvestursvæði. Um var að ræða stærsta verkefni síðasta árs hjá okkur. Árið þar á undan vorum við með stórt verkefni fyrir Vegagerðina auk þess sem við sáum um stóran hluta malbikunar fyrir Reykjavíkurborg.“ Stærstu viðskiptavinir Höfða í dag eru Vegagerðin, Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög. Höfði vinnur einnig mörg smá og stór verkefni fyrir fyrirtæki og einstaklinga.



## Fjölbreytt verkefni

Verkefni malbikunarstöðvarinnar geta verið ansi fjölbreytt. Þessa dagana er unnið að viðgerð á flugvélastæði á Reykjavíkurflugvelli. „Þar leggjum við járnnet til að auka burðarþolið. Það er ekki algengt að slíkt sé gert hér á landi. Þungar vélar fara hér yfir og járnnetið kemur í veg fyrir að malbikið springi undan þeim.“ Yfirlögn malbiks er vertíðarbundin starfssemi og því hefur Höfði sinnt ýmsum öðrum verkefnum yfir háveturinn.



Halldór Torfason, framkvæmdastjóri Höfða. MYND/ÚR EINKASAFNI

Fyrirtækið sér til dæmis um vetrarþjónustu fyrir Reykjavíkurborg en í henni felst meðal annars hálku- og snjóruðningur. Fyrir vikið hefur Höfði getað haldið starfsmönnum sínum í vinnu allt árið og ekki þurft að grípa til uppsagna. Hjá Höfða starfa nú um 30 manns allt árið en þeim fjölgar nokkuð yfir sumartímann á meðan á malbikunarvertíðinni stendur.



Malbikunarstöðin Höfði sér hér um malbikun á Reykjavíkurflugvelli. MYND/PJETUR SIGURÐSSON

## Öflugt þróunarstarf

Starfsemi Höfða byggir á öflugu rannsóknar- og þróunarstarfi. Fyrirtækið hefur meðal annars tekið þátt í norrænu starfi innan Norræna vegasambandsins.

„Við höfum einnig tekið þátt í ýmsu rannsóknasamstarfi við Vegagerðina gegnum árin. Það var unnið í samvinnu við stofnun sem hét Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins en er í dag komin til Nýsköpunarmiðstöðvarinnar. Fyrir árið 1990 var nagladekkjanotkun miklu meiri hérlendis. Þá tókum við þátt í frumkvöðlastarfi sem fólst meðal annars í því að innleiða notkun á slitsterkari steinefnum en þá voru notuð. Einnig var samsetning malbiksblöndunnar þróuð, hvoru tveggja með það að markmiði að auka slitstyrk og þar með endingu á malbiki.“

Höfði tók einnig þátt í þróunarverkefni með Lýsi og Vegagerðinni fyrir tveimur árum síðan. Verkefnið fólst í að þróa nýja tegund af asfalt-blöndu sem notuð er til að klæða þjóðvegakerfið. „Þar blönduðum við fiskiolíu saman við malbikið en áður var White spirit notað sem er ekki sérstaklega umhverfisvæn vara og gott að losna við hana.“



### BUNDIÐ SLITLAG

**Hringvegurinn liggur** um alla landshluta nema Vestfirði og miðhálendið. Þjóðvegurinn er 1332 kílómetra langur og að mestu leyti lagður með bundnu slitlagi. Nýjasti kafli þjóðvegarins sem lagður var bundnu slitlagi er um ellefu kílómetra kafli í Skriðdal, sunnan Egilsstaða. Hann var opnaður fyrir umferð haustið 2010 en framkvæmdum lauk þar sumarið 2011. Enn er þó eftir að leggja 27–28 kílómetra kafla á Austurlandi. Um er að ræða kafla á Breiðdalsheiði í Breiðdal og í Berufirði. Ökumenn geta þó ekið á bundnu slitlagi kringum landið ef keyrt er um Fagradal og suðurfirði Austfjarða, að undanskildum vegspottanum um Berufjarðarbotn.



### FYRSTA LJÓSMYNDIN

**Malbik hefur** verið notað í fleira en vegi því fyrsta varanlega ljósmyndin, sem vitað er um, var tekin með hjálp nokkurs konar malbiks. Það var franski vísindamaðurinn Joseph Nicéphore Niépce sem smurði malbikinu á svokallaðar pjáturplötur (málmplötur sem samanstanda að mestu leyti af tini) sem hann lýsti síðan með hjálp „pinhole“-myndavélar eða camera obscura. Malbikið sem ljósið féll á harðnaði en restina mátti þvo af með ákveðinni lausn. Þá stóð eftir plata sem hægt var að nota til að prenta. Myndataka þessi tók átta klukkustundir.



### VILJA BREIÐARI VEGI

**Tæplega þriðjungur** aðspurðra vilja breikka vegi eða tvöfalda akreinar, samkvæmt nýrri viðhorfskönnun sem Maskína hefur unnið fyrir Vegagerðina. Þá vilja um 17 prósent bæta vegina eða slitlagið, um 13 prósent bæta mokstur og 10 prósent auka hálkuvarnir. Fyrir tveimur árum vildu meira en 4 af hverjum tíu auka hálkuvarnirnar. Þetta kemur fram á vef Vegagerðarinnar.

Um 66 prósent aðspurðra segjast vera örugg á þjóðvegum landsins, 18 prósent hvorki né en rúm 16 prósent telja sig óörugg. Þetta er svipað og í síðustu könnunum. Þeim fækkar sem telja að kantstikur og yfirborðsmerkingar séu fullnægjandi en 24 prósent telja þær ófullnægjandi. Heldur færri en áður telja hálkuvarnir fullnægjandi en heldur fleiri eru ánægðir með snjómoksturinn.

## UMFERÐ Á ÞJÓÐVEGI EITT

Sextán lykilteljarar eru staðsettir á þjóðvegi eitt og mæla umferð ökutækja allt árið um kring. Flestir þeirra eru staðsettir á Norðurlandi eða fimm talsins. Tveir teljarar eru á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt Vegagerðinni er mesta umferð ársins yfir sumarmánuðina þrjá; júní, júlí og ágúst. Rúmlega þriðjung umferðar ökutækja á þjóðvegi eitt má rekja til þess tímabils. Janúarmánuður er rólegasti mánuður ársins en umferð þyngist í febrúar, mars, október og nóvember. Vor- og haustmánuðir eru meðalmánuðir. Ef höfuðborgarsvæðið er undanskilið var mesta umferð ökutækja í fyrra á Vesturlandi yfir sumartímann. Teljarar Vegagerðarinnar eru staðsettir á Vesturlandi við Hvalfjarðargöng, Hafnarfjall og á Holtavörðuheiði. Minnsta umferð yfir sumartímann var á Austurlandi.






**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

Óskum eftir fólki í úthringistarf á kvöldin, föst laun og bónusar. Uppl. gefur Bjarni í síma 662-6163 eða bjarni@tmi.is

**Móttaka gesta - næturvörður**
Íbúðar hótel í miðborg reykjavíkur óskar eftir að ráða næturvörð í móttöku, um er að ræða framtíðarstarf, hugsanlega sumarstarf. vinsamlegast sendið umsóknir til mottaka@apartmentk.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Loftorka ehf**
**Óskar eftir vönum bílstjórum á trailer og vörubíl**
**Upplýsingar í síma 565 0875 / 892 0525**

**Málarar óskast til starfa**
**Óska eftir að ráða vana málara.**
**Áhugasamir hafið samband í síma 861 0006**

**Snyrtivöruverslunin**
Zebra leitar eftir snyrti/förðunarfræðingi í helgarstarf. 25 ára aldurstakmark og 100% íslenska skilyrði. Umsóknir skilist í verslun eftir 15:00.

Vantar múrara vinsamlegast hafi samband við Þorbjörn S.863 2134.

# TILKYNNINGAR

## Fundir

HESTAMANNAFÉLAGIÐ GUSTUR

Boðað er til félgasfundar í Hestamannfélaginu Gusti, þriðjudaginn 5. júní kl. 20. í Helgukoti í Glaðheimum. Nánar á www.gustarar.is Mjög áríðandi að félagsmenn mæti, Stjórnin.

## Einkamál

Óska eftir að kynnast konu á aldrinum 50-60 ára. uppl. í síma 8929512.

## Námskeið



*Sumarönn í kundalini jóga og námskeið í jógasal Ljósheima.*

**Stundaskrá sumarsins tók gildi 1.júní!**
Námskeið sem hefjast í júní:
**Hugleiðslunámskeið (hefst 5.júní).*
**Jógakrakkar 6-10 ára (hefst 6.júní).*
Opnir tímar í kundalini jóga og meðgöngujóga í allt sumar í jógasal Ljósheima í Borgartúni 3, 4.hæð.
Bjóðum alla fyrri og nýja iðkendur velkomna.
Skráning á ljosheimar@ljosheimar.is.
***Nánar á www.ljosheimar.is.***

## Útboð

# ÚTBOÐ

**Rangárþing Eystra óskar hér með eftir tilboði í verkið**

## Íþróttamiðstöð Vallarbraut 16 Hvolsvelli
**Tengibygging**

Verkið felst í að grafa fyrir, byggja upp og fullklára tengibygginguu milli núverandi sundlaugarbyggingar og íþróttahúss. Byggingin er 400m$^2$ að gólfflatarmáli staðsteypt á þremur hæðum; kjallari og tvær hæðir með innréttingum, raflögnum, pípulögnum og loftræsingu. Einnig felst í verkinu að breyta og byggja ofan á núverandi stigahús á milli sundlaugarbyggingar og íþróttahúss samtals 80m$^2$ að gólfflatarmáli.

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| Gröftur | 560 m$^3$ |
| Steypumót | 1300 m$^2$ |
| Steypa | 190 m$^3$ |
| Þakvirki | 215m$^2$ |
| Léttir innveggir | 80m$^2$ |
| Frágangur gólfa | 480m$^2$ |
| Raflagnir, pípulagnir og loftræsing | 480m$^2$ |

**Verklok eru 31. maí 2013.**

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi en senda skal tölvupóst á: irg@mannvit.is til að fá gögnin afhent.

Tilboð verða opnuð á Skrifstofu Rangárþings Eystra, Hlíðarvegi 16, 860 Selfossi fimmtudaginn 28. júní 2012 klukkan 14:00.

MANNVIT

Mannvit hf. | Eyravegi 29 | 800 Selfossi | Sími: 422 3700 | www.mannvit.is

## Atvinna

Póst dreifing

# Þjónustufulltrúi

Póstdreifing leitar að þjónustufulltrúa til starfa á dreifingardeild. Um framtíðarstarf er að ræða.

**Í starfinu felst meðal annars:**
- Símsvörun og móttaka ábendinga vegna dreifingar
- Úthringikannanir
- Samskipti við blaðbera
- Bréfaflokkun og pökkun á dreifingarefni
- Önnur tilfallandi verkefni

**Viðkomandi einstaklingur verður að búa yfir:**
- Mikilli þjónustulund
- Góðri almennri tölvuþekkingu
- Jákvæðni og drifkrafti

Vinnutími er 13-18 virka daga og annan hvorn laugardag frá 7-12. Viðkomandi þarf að hefja störf fljótlega.

Allar nánari upplýsingar um starfið gefur Dagný Ragnarsdóttir, deildarstjóri dreifingardeildar í síma 585 8330.

Umsóknir um menntun og starfsferil skulu berast fyrir 10. júní næstkomandi á netfangið dagny@postdreifing.is

Póstdreifing er öflugt dreifingarfyrirtæki sem sér meðal annars um dreifingu á Fréttablaðinu ásamt öðru dreifiefni. Hjá fyrirtækinu starfar samheldinn hópur einstaklinga með fjölbreytta reynslu og menntun.

Póstdreifing ehf | Suðurhraun 1 | 210 Garðabær | www.postdreifing.is | s: 585 8300


**Fasteignasala Mosfellsbæjar**
KJARNA - ÞVERHOLTI 2
• 270 MOSFELLSBÆ
• SÍMI: 586 8080
• FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

**Ólafsgeisli 20 - 113 Reykjavík**




**Opið hús í dag, þriðjudag, frá kl. 17:30 til 18:00**
Sérlega glæsileg 166,3 m2 neðri sérhæð með bílskúr á frábærum útsýnisstað við Ólafsgeisla í Grafarholti. Eignin er mjög falleg og vel umgengin. Glæsilegar innréttingar og gólfefni. Parket og náttúruflísar eru á gólfum. Mjög glæsilegt útsýni er frá húsinu. Örstutt er út í náttúruna og á golfvöllinn. **Eignin getur verið laus til afhendingar við kaupsamning. Lækkað verð! Hagstæð áhvílandi lán! V. 44,9 m.**

**STÓRBORG fasteignasala**
*Stefán Hrafn Stefánsson hdl. löggiltur fasteignasali*

***Heiðarhjalli***
*Glæsileg sérhæð til sölu*



*Vorum að fá í einkasölu glæsilega ca. 180 fm sérhæð með innbyggðum bílskúr ( 154 fm+ 26 fm) í þessu fallega tvíbýlishúsi efst í suðurhlíðum Kópavogs. Íbúðin er öll sérhönnuð og t.d. með sérsmíðuðum innréttingum, hurðum, skápum, vönduðu parketi og marmaraflísum á gólfum. Nýtískuleg íbúð í sérflokki. Glæsilegt útsýni. Ekkert áhvílandi.* ***Verð 47.9 millj.***
***Stefán Hrafn sýnir eignina s: 895-2049.***


*Stefán Hrafn Hdl. lögg. fasteignasali*

*Kirkjustétt 4 • 113 Reykjavík • Sími 534 8300 • stefan@storborg.is*

**HÖFÐI FASTEIGNASALA**
Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Faxnr. 533-6055
www.hofdi.is

**Blönduhlíð 17,**
**4ra herb. kjallaraíb.**




**Opið hús í dag kl. 17-18.**
Einstaklega falleg og rúmgóð 107,3 fm. 4ra herb. íbúð í kjallara með sér inngangi. Íbúðin er talsvert endurnýjuð Falleg og gróin lóð og góð staðsetning í Hlíðunum. Verð kr. 24,9 millj. **Uppl. Runólfur á Höfða s. 892 7798. - Opið hús í dag kl - 17-18.**

**Tækifæri fyrir byggingaraðila**



**Óbyggt fjölbýlishús í Mosfellsbæ,** þar sem gert er ráð fyrir 18 íbúðum. Búið að steypa upp bílakjallara og hluta 1. hæðar. Áhugaverð tækifæri fyrir byggingaraðila. **Tilboð óskast. Uppl. veitir Runólfur á Höfða s. 892 7798.**



**BYLGJAN 25 ÁRA 989**
**Heimir & Kolla**
**vakna með þér í bítið**
Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00
Þráinn á tökkunum og Gissur með fréttirnar

# tímamót

timamot@frettabladid.is



41 **MARK WAHLBERG** kvikmyndaleikari á afmæli í dag.

*„Baltasar veit nákvæmlega hvað hann vill fá út úr leikurunum og hvernig hann á að ná því fram.“*

STJÖRNUSKOÐUNARFÉLAG SELTJARNARNESS: SETUR UPP SJÓNAUKA UM LANDIÐ

## Sjaldgæft sjónarspil Venusar

„Þetta er einn sjaldgæfasti atburður sem stjörnufræðiáhugafólk getur orðið vitni að,“ segir Sævar Helgi Bragason, formaður Stjörnuskoðunarfélags Seltjarnarness, og á við göngu Venusar fyrir sólina í kvöld. Reykjavík er eina borgin í heiminum þar sem sólin sest og rís aftur á meðan þvergangan stendur yfir. Nú er því lag að grípa tækifærið og láta þetta fyrirbæri ekki fram hjá sér fara því 235 ár eru þangað til að þessi undraverði atburður sést aftur, frá upphafi til enda, frá Íslandi.

Þvergangan byrjar klukkan 22.04 og stendur yfir í rúmar sex klukkustundir, eða frá því að reikistjörnuna ber fyrst við skífu sólar og þar til hún er komin út fyrir skífuna aftur. Á þeim tíma sést Venus sem lítill svartur blettur sem hylur þrjú prósent sólskífunnar og færist löturhægt yfir hana. Þvergöngunni svipar til sólmyrkva en þar sem Venus er miklu lengra frá jörðinni en tunglið sýnist hún miklu smærri og ferðast mun hægar yfir.

„Heppnir einstaklingar geta upplifað þetta sjónarspil tvisvar á ævi en enginn núlifandi maður mun sjá það aftur,“ segir Sævar.

Félagið er vel undirbúið vegna atburðarins og hefur sent tengiliði sína víða um land með sjónauka og sólarsíur til að auðvelda áhugasömum að fylgjast með.

„Félagið okkar er stærst á þessu sviði á Íslandi og eru skráðir meðlimir rétt rúmlega 300. Þetta hefur verið vaxandi áhugamál á síðustu árum og erum við með systrafélög úti á landi. Félagið í Vestmannaeyjum var stofnað á þessu ári og á Akureyri árið 2010.




**FORMAÐURINN** Sævar segir mikilvægt að setja upp sólmyrkvagleraugu til að sjá fyrirbærið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þar munu tengiliðir frá okkur sem og á Þingeyri, Húsavík og í Fjallabyggð á Dalvík bjóða upp á fræðslu um sólina ásamt sólarskoðun í gegnum sjónauka og með myrkvagleraugum, en aldrei skal horft á sólina án hlífðarbúnaðs. Í Reykjavík munum við safnast saman í Perlunni upp úr níu og ef veður leyfir verðum við þar fram undir morgun.“

Sævar hvetur sem flesta til að verða vitni að þessum stórmerka stjörnufræðilega atburði. Hann brýnir fyrir fólki að ekki sé hægt að upplifa þvergönguna án sólmyrkvagleraugna því birta sólarinnar yfirgnæfi allt og geti verið skaðleg sjóninni. Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu félagsins Stjornufraedi.is.

hallfridur@frettabladid.is

---

✝



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**ANNA FRIÐRIKSDÓTTIR (DÚDDA)**

lést á Dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri laugardaginn 2. júní sl.

**Anna Lilja Sigurðardóttir**
**Inga Hrönn Sigurðardóttir** **Eiríkur Óskarsson**
**barnabörn og langömmubörn.**

---

✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**KRISTÍN INGVARSDÓTTIR**
**Hrafnistu í Reykjavík,**

lést fimmtudaginn 31. maí. Jarðsett verður í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Ingvar Sveinsson** **Hanna Elíasdóttir**
**Ólafía Sveinsdóttir** **Agnar Ármannsson**
**Guðbjörg Sveinsdóttir** **Garðar Eyland Bárðarson**
**Björn Sveinsson** **Bergþóra María Bergþórsdóttir**
**Kristín Sveinsdóttir** **Stefán Ísfeld**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**

---

✝



Ástkær sonur okkar, bróðir, mágur og frændi,

**JÓHANN ÞÓR GUÐMUNDSSON**
**Fannarfelli 12, Reykjavík,**

lést á heimili sínu miðvikudaginn 16. maí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug.

**Guðmundur Jóhannsson** **Elísabet Vigfúsdóttir**
**Vignir Guðmundsson** **Jadvyga Usvaltiene**
**Ásthildur Guðmundsdóttir** **Hafsteinn Benediktsson**
**Ingvar Guðmundsson** **Sólveig Þorsteinsdóttir**
**Helga Guðmundsdóttir**
**og frændsystkini.**

---

✝



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**INGÓLFUR EINARSSON**
**frá Snjallsteinshöfða,**
**Karlagötu 7,**

verður jarðsunginn frá Grensáskirkju föstudaginn 8. júní klukkan 13.

**María Eggertsdóttir**
**Jóhann Teitur Ingólfsson**
**Halldóra Ingólfsdóttir** **Kjartan Birgisson**
**Hildur Kjartansdóttir**
**María Kjartansdóttir**

---

✝



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**ERLA STEINGRÍMSDÓTTIR**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja mánudaginn 28. maí. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 7. júní kl. 13.00.

**Jón Brynjólfsson**
**Margrét Sigmundsdóttir**
**Hallgrímur Sigmundsson** **Ingibjörg Ingimarsdóttir**
**Jón Víkingsson**
**Brynjar Víkingsson** **Anna Haukdal Jónsdóttir**
**Vilfríður Víkingsdóttir** **Guðmundur Ingi Einarsson**

---

✝



Áskær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ELÍN JÓNA JÓHANNSDÓTTIR**
**Boðahlein 8, Garðabæ,**

lést aðfararnótt sunnudagsins 3. júní. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju mánudaginn 11. júní kl. 13:00.

**Símon Þór Waagfjörð**
**Kristín Sigríður Vogfjörð**
**Jónína Waagfjörð** **Gunnar S. Sigurðsson**
**Jóhanna Waagfjörð** **Páll K. Pálsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**SVEINBJÖRN ÓLAFSSON**
**rennismiður,**

lést á Hrafnistu Hafnarfirði, miðvikudaginn 30. maí. Útför verður gerð frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 5. júní kl.15.

**Borghildur Þorláksdóttir**
**María Sveinbjörnsdóttir** **Steen Jörgensen**
**Trausti Sveinbjörnsson** **Ingveldur Einarsdóttir**
**Margrét Ólöf Sveinbjörnsdóttir** **Þórir Steingrímsson**
**Ásta Sveinbjörnsdóttir**
**Ólöf Þóra Sveinbjörnsdóttir**
**Erla Sveinbjörnsdóttir** **Grétar Páll Stefánsson**
**börn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær sambýliskona mín, móðir okkar, dóttir, tengdamóðir, fósturmóðir og systir,

**EYBJÖRG B. HANSDÓTTIR**
**heimilislæknir,**
**Sjávargötu 36, Álftanesi,**

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi sunnudaginn 3. júní 2012. Útför verður auglýst síðar.

**Einar Trausti Kristinsson**
**Stefanía Sunna Ragnarsdóttir** **Sverrir Örn Einarsson**
**Sigrún Alda Ragnarsdóttir** **Sindri Andrésson**
**Kristján Ingi Ragnarsson**
**Brynjar Freyr Ragnarsson**
**Lilja Kristín Einarsdóttir**
**Elínborg Þuríður Björnsdóttir**
**fósturdætur og systkini.**

---

✝



Faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**GUÐMUNDUR STEFÁNSSON**
**Skipholti,**
**Hrunamannahreppi,**

sem lést á Kumbaravogi sunnudaginn 27. maí, verður jarðsunginn frá Hrunakirkju laugardaginn 9. júní kl. 14.00.

**Sigrún Guðmundsdóttir** **Jónas Guðgeir Hauksson**
**Úlfar Guðmundsson** **Brigitte Brugger**
**Sigþrúður Guðmundsdóttir** **Gunnar M. Sandholt**
**Karl Guðmundsson** **Valný Guðmundsdóttir**
**og barnabörn.**

---

✝



Innilegustu þakkir færum við þeim fjölmörgu sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**HALLDÓRS IBSEN**
**Hrafnistu, Hafnarfirði.**

Sérstakar þakkir til starfsmanna deildar 2-B fyrir frábæra umönnun. Guð blessi ykkur öll.

**Brynjar Halldórsson** **Jutta Halldórsson**
**Eygló H. Ibsen**
**Tómas Ibsen** **Laufey Danivalsdóttir**
**Snorri Halldórsson** **Ólöf I. Davíðsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**BRANDUR FRANKLÍN KARLSSON**
**Bröttuhlíð 16, Hveragerði,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi miðvikudaginn 30. maí. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 6. júní kl. 13.00.

**Björn J. Brandsson** **Katrín Jónsdóttir**
**Anna B. Brandsdóttir** **Sigfús Gunnbjörnsson**
**Katrín K. Brandsdóttir** **Valdimar Aðalsteinsson**
**Karl V. Brandsson** **Inga Lára Ísleifsdóttir**
**Halldóra Brandsdóttir** **Guðlaugur Magnússon**
**Hjördís G. Brandsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**AUÐUR D. PÁLSDÓTTIR**
**Neðstaleiti 4,**

lést af slysförum þann 19. maí síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Ágúst Atli Guðmundsson**
**Páll Ágústsson** **Ragnheiður Högnadóttir**
**Hörður Ágústsson** **Elínborg Gísladóttir**
**Þórhallur Ágústsson** **Valgerður Bjarnadóttir**
**Atli Ágústsson** **Bryndís Dagsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
ÍSLENSKIR TÓMATAR Í LAUSU
359 KR.KG
íslenskt grænmeti
ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR
KIRSJUBERJA-TÓMATAR 250 GR
295 KR.
ÍSLENSK PAPRIKA PÖKKUÐ
798 KR.KG
GARÐYRKJUSTÖÐIN GUFUHLÍÐ
íslensk gúrka
ÍSLENSKAR AGÚRKUR 350 GR
149 KR STK.
Jordbær
STRAWBERRIES
JORDGUBBAR
1200 g
498
KR. 1.2 KG.
FROSIN JARÐARBER
GERÐU ÞINN ORKU
ÁVAXTADRYKK HEIMA
- ÚRVAL AF FROSNUM ÁVÖXTUM Í BÓNUS
Mango
498
KR. 1 KG.
FROSNIR MANGÓBITAR
20.000 DÓSIR
Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI
ENERGY DRINK SUGAR FREE
ENERGY DRINK
69
KR. 250ML
95
KR. 500 ML
ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í B
KJARNAFÆÐI
Einiberjakryddað Lúxus Lambalæri
1379
KR. KG
KJARNAFÆÐI EINIBERJAKRYDDAÐ LAMBALÆRI
Coca-Cola
Coca-Cola light
Coca-Cola zero
79
KR. DÓSIN
ÍSL. LAX Á GRILLIÐ
norðanfiskur
FROSINN
1898
KR. KG.
NORÐANFISKUR LAX GRILL-KRYDDAÐUR BEINHR. M.ROÐI
ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS
KS
FROSIÐ LAMBA KJÖT
798
KR. KG
KS FROSINN LAMBABÓGUR
NICKY
398
KR. 3 RL.
NICKY
3 ELDHÚS RÚLLUR
FROSINN
1898
KR. KG
NORÐANFISKUR ÍSLENSKUR LAX
FROSINN BEINHR. M.ROÐI
1495
KR. KG
FROSIÐ LAMBA KJÖT
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM
NICKY
3 Free Rolls
12 Rolls for the Price of 9
898
KR. 12 RL.
NICKY
WC PAPPÍR 12 RÚLLUR
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** ló, **6.** drykkur, **8.** mas, **9.** gilding, **11.** eldsneyti, **12.** kambur, **14.** samband, **16.** hæð, **17.** fiskur, **18.** skammst., **20.** sjó, **21.** sundfæri.

**LÓÐRÉTT**
**1.** bumba, **3.** umhverfis, **4.** alls, **5.** nögl, **7.** verkfæri, **10.** viður, **13.** slagbrandur, **15.** gagnsær, **16.** keraldi, **19.** einnig.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** kusk, **6.** öl, **8.** mal, **9.** mat, **11.** mó, **12.** burst, **14.** félag, **16.** ás, **17.** áll, **18.** möo, **20.** sæ, **21.** uggi.

**LÓÐRÉTT: 1.** vömb, **3.** um, **4.** samtals, **5.** kló, **7.** laufsög, **10.** tré, **13.** slá, **15.** glær, **16.** ámu, **19.** og.






# Grátið í vinnunni

**BAKÞANKAR** Erlu Hlynsdóttur



Launahæsti starfsmaður Facebook kom með nokkuð óvenjulega játningu þegar hún hélt nýverið ræðu fyrir útskriftarnema í Harvard: „Ég hef grátið í vinnunni. Ég hef sagt fólki að ég hafi grátið í vinnunni.“

**SHERYL** Sandberg er framkvæmdastjóri Facebook. Hún telur það gera sig mannlegri í augum samstarfsmanna sinna að þeir þekki bæði veikleika hennar og kosti, og að þeir geti þannig frekar fundið til samúðar með henni. Sandberg mælir sannarlega með því að gráta í vinnunni. En af hverju ættum við að hlusta á hana? Ein möguleg ástæða: Hún er með tuttugu sinnum hærri laun en Mark Zuckerberg.

**ÉG** er líka með játningu. Ég hef grátið í vinnunni. Ég hef sagt fólki að ég hafi grátið í vinnunni. Einu viðbrögðin sem ég fékk voru undrandi og vandræðalegir karlmenn sem höfðu ekki hugmynd um hvort eða hvernig þeir áttu að hughreysta mig.

**Í** eitt skiptið vann ég við að skúra tröppur í bílastæðahúsi. Þangað mætti ég einu sinni í viku með skúringarfötuna. Það næsta sem ég gat kallað samstarfsmenn voru tveir karlmenn yfir sextugu sem sögðu mér gjarnan, rúmlega tvítugri, að ég þyrfti að drífa í að eignast börn áður en það væri of seint fyrir mig.

**ÞAR** sem ég var, og er, á barneignaraldri þá gerist margt ógurlega merkilegt í líkama mínum um það bil einu sinni í mánuði. Akkúrat þá get ég líka verið alveg ógurlega viðkvæm. Á þeim stundum verð ég ekki bara klökk yfir Aðþrengdum eiginkonum heldur bókstaflega fer að háskæla.

**ÞAÐ** var á slíkum degi sem ég var að skúra inni í vaktherbergi hjá mönnunum þegar annar þeirra segir að honum finnist vond lykt af skúringasápunni sem ég notaði. Hann vissi ekki hvað hann átti í vændum.

**MÉR** fannst þetta (auðvitað) hin mesta móðgun og niðurlæging, jafnvel þó ég réði engu um hvaða sápu yfirmenn mínir keyptu. Ég hélt áfram að skúra, færði til stóla og reyndi að ná kaffiblettum af gólfinu við eldavélina. Brátt byrjuðu tárin að streyma. Ég saug upp í nefið og þurrkaði tárin laumulega, en þeir sáu alveg hvað var í gangi. Litla skúringastelpan var að gráta.

**ELDRI** mennirnir tveir horfðu vandræðalegir hvor á annan, ég greip af þeim orðið og sagði þeim að þetta væri allt í lagi. Ég væri bara svona pínulítið viðkvæm þennan daginn. Þeir störðu bara áfram, orðlausir.

**JÁ,** ég hef grátið í vinnunni og ég barasta mæli ekkert sérstaklega með því.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Góu Sumarleikur
Í allt sumar er möguleiki á vinningum í sælgætisöskjum frá Góu
Yfir 5.000 vinningar!
Wii leikjatölvur
46" Samsung 3D sjónvarp
Samsung spjald-tölvur
Fjöldi gómsætra vinninga frá KFC og Taco Bell og alls konar nammi frá Góu
Samsung Gio GSM
Allar gerðir rúsínuaskja frá Góu eru með í leiknum.
Athugaðu hvort vinningur leynist í Góu-öskjunni þinni. Ef það er númer í öskjunni, skaltu setja það inn í sumarleikinn á Facebook-síðu Góu (www.facebook.com/goa.is). Þá veistu strax hvað þú hefur unnið.
Allir sem skrá sig gætu svo átt von á risavinningum til viðbótar á FM957 í allt sumar.
Sinalco
Góa Stofnað 1968
PIPAR\TBWA • SÍA • 121175

# menning

menning@frettabladid.is

**MYNDLISTARMAÐURINN TEDDI,** Magnús Theodór Magnússon, opnar einkasýningu á höggmyndum í Perlunni í dag sem stendur til 30. júní. Teddi hefur valið tré sem sinn efnivið. Þau koma úr öllum áttum, hafa ólíka áferð, lit og lögun, allt frá rekaviði að úrvals harðviði.

## Gjörningar Leikhúss listamanna

Leikhús listamanna heldur sumargjörningakvöld í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld, þriðjudaginn 5. júní, klukkan 21. Gestalistamaður kvöldsins er hinn tékkneski Jan Fiurasek, sem er daufbumbur.

Aðrir listamenn sem koma fram eru Ásdís Sif Gunnarsdóttir, Margrét Bjarnadóttir, Saga Sigurðardóttir, Ingibjörg Magnadóttir, Ragnar Kjartansson, Jón Þór Finnbogason, Ragnar Ísleifur Bragason og Ástrós Elísdóttir. Þá verður einnig sýnt atriði eftir Snorra Ásmundsson sem er staddur erlendis, en aðrir listamenn sýna eftir leiðbeiningum Snorra fyrir hans hönd. Kynnir er Ármann Reynisson, vinjettuhöfundur og listunnandi.

Leikhús listamanna var stofnað í Klink og Bank árið 2004 af þeim Snorra, Ásdísi, Ragnari Kjartanssyni, Ingibjörgu og fleira listafólki úr hinum ýmsu áttum sem sviðsettu verk sín, rétt eins og nú. Síðan hafa fleiri bæst í hópinn.



**GJÖRNINGAR** Leikhús listamanna hefur verið starfandi síðan 2004.
MYND/INGVAR HÖGNI RAGNARSSON



**GÓÐUR LEIKUR** „Leikrit Hallgríms H. Helgasonar um þessa tvo í raun einmana menn er sneisafullt af snjöllum tengingum," segir gagnrýnandi Fréttablaðsins.

## Skemmtilegur trúðleikur

Leikhús ★★★☆☆

**Trúðleikur**

**Höfundur:** Hallgrímur H. Helgason, **leikstjóri**: Halldór Gylfason, **leikarar:** Benedikt Karl Gröndal og Kári Viðarsson, **ljósahönnun:** Friðþjófur Þorsteinsson, **ljós og hljóð:** Ægir Þórsson, **búningar:** Hulda Skúladóttir

**Sýnt í Frystiklefanum á Rifi**

Það glitrar á jökulinn fyrir ofan gamla frystihúsið sem nú er orðið að leikhúsi á Rifi á Snæfellsnesi, það bærist ekki hár á höfði, sumarið er komið og úti ríkir algjör friður. Inni í leikhúsinu er spenna í lofti enda frumsýning í uppsiglingu. Gestir bíða glaðir í fremri sal og svo er opnað inn í það allra heilagasta og hver einasti áhorfandi verður að klofa yfir tjaldstæði á útihátíðinni Finnskir dagar. Þar eru tvö tjöld og fjórar lappir stingast út úr öðru þeirra og bjórdósir beyglaðar liggja eins og skeljar á strönd og agnarlítið útileguborð ásamt enn minni stólum standa fyrir framan annað tjaldanna.

Á veggspjaldi til hliðar sést dagskráin og það er greinilega að koma að innkomu trúðanna á þessari hátíð. Allt í einu ekur risakaggi beint á húsið og inn þeytist annar trúðanna. Út úr þessum risakagga kemur svo annar trúðurinn sem Benedikt Karl Gröndal leikur. Kári í hlutverki hins skríður svo út úr tjaldinu og hefst þá leit þeirra að þeim sjálfum og tilganginum með því að vera trúður. Kári Viðarsson leikur hinn unga og brothætta sem ögrar hinum og þeir kollveltast í ýmsum stöðum og þykjustuleikjum. Hápunktur samleiks þeirra er þó þegar trúður Kára bregður sér í hlutverk forstjóra sem er að taka á móti atvinnuleitandi mönnum og skipar hinum í alls kyns hlutverk til að sanna að hann sé hæfur í væntanlegt starf.

Benedikt Kári Gröndal er útskrifaður úr The Commedia School og lék í ferðasýningu fyrir börn í Danmörku í fyrrasumar og hefur sömuleiðis leikið í „Grindvíska Atvinnuleikhúsinu". Hann býr yfir mikilli tækni trúðafræðanna, fimur sem fiskur og sprenghlægilegur apandi eftir Magnúsi Scheving. Það ætlaði allt að rifna úr hlátri þegar hann þóttist fastur í glerbúri og var við það að kafna úr eigin prumpufýlu. Kári Viðarson, leikhússtjóri Frystiklefans, er hér með sína þriðju sýningu á staðnum, áður kynnti hann okkur fyrir hetjunni Bárði fyrir tveimur árum og svo Axlar-Birni í fyrra og ekki bregst honum bogalistin að þessu sinni heldur. Halldór Gylfason, föðurbróðir Kára, leikstýrir og leggur mikið upp úr nálægðinni við trúðana. Friðþjófur Þorsteinsson hannar lýsingu og er hún skemmtileg. Leikrit Hallgríms H. Helgasonar um þessa tvo í raun einmana menn er sneisafullt af snjöllum tengingum og margt í samskiptum þeirra botnar í ýmsu sem gerst hefur hér á landi. Manni varð hugsað til margra þekktra tvíeykja í bókmenntum og bíómyndum, og hvernig annar nær valdi yfir hinum er sérlega vel gert.

Rif á Snæfellsnesi er fallegur bær þar sem hafið og himininn umkringja þennan máttuga jökul og það er víst óhætt að benda fólki á að þessi vel gerða fjölskyldusýning gleður jafnt unga sem aldna.

**Elísabet Brekkan**

**Niðurstaða:** Skemmtilegur trúðaleikur, aðeins of lengi í gang, en sprenghlægilegur í lokin.

Laugarneskirkja auglýsir eftir tónlistarstjóra í hlutastarf með reynslu af kórstjórn, kunnáttu í orgel- og píanóleik og innsýn í ólíkar tónlistarhefðir. Umsóknarfrestur er til 15. júní 2012 og viðkomandi hefði þurft að geta hafið störf í september. Áhugasamir hafi samband við formann sóknarnefndar, Egil Heiðar Gíslason, á netfangið egill@heima.is.

**Sóknarnefnd Laugarneskirkju**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 05. júní 2012**

### Tónleikar

**12.00** Barítónsöngvarinn Hrólfur Sæmundsson og píanóleikarinn Antonía Hevesi spila á hádegistónleikum í Hafnarborg. Tónleikarnir bera yfirskriftina Auðnuleysingjar og aðalsmenn og fluttar verða aríur úr nokkrum af frægustu óperum tónbókmenntanna.

### Sýningar

**17.00** Myndlistamaðurinn Teddi, eða Magnús Theodór Magnússon, opnar sína sjöundu einkasýningu á höggmyndum í Perlunni. Sýningin stendur til 30. júní og aðgangur er ókeypis.

### Málþing

**09.00** Umboðsmaður barna stendur fyrir málstofu í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands um það hvernig hægt sé að gera Barnasáttmálann að leiðarljósi í starfsemi og ákvörðunartöku hjá ríki og sveitarfélögum. Málstofan fer fram á ensku og norrænum tungumálum og er öllum opin. Aðgangur er ókeypis, en tilkynna þarf þátttöku á netfangið ub@barn.is eða í síma 552 8999.

**16.00** Minjasafn Reykjavíkur og Hið íslenska bókmenntafélag efna til málstofu og opnunar sýningar í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur í tilefni útkomu tveggja binda í ritröðinni Kirkjur Íslands.

### Tónlist

**21.00** Minor Times og Duo Harpverk leika á Café Rosenberg. Aðgangseyrir er kr. 500.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**



KOSTENDUR GOLFÞÁTTANNA Á STÖÐ 2 SPORT Í SUMAR ERU EIMSKIP ÖRNINN Gull Síminn KPMG SECURITAS
FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR SÍMANS

*Nýtt tákn um gæði*

Kauptu þennan í dag. Settu gamla bílinn uppí nýjan Ford Focus á hagstæðu verði í dag.

## Nýjasta spartæknin í Ford Focus heitir á útlensku EcoBoost

*Komdu í kaffi. Kynntu þér spartækni Ford.*



## Lífið er egóbúst

**Ford Focus með EcoBoost**
**Sumartilboðið frá 3.450.000 kr.**
Mánaðargreiðsla frá 28.808 kr.*
Hlutfallstala kostnaðar 10,03%

Kraftmikill
**Focus með EcoBoost**
6 gíra beinskiptur
125 hestöfl

Eldsneytisnotkun
**Focus með EcoBoost**
Frá 4,2 lítrum á 100 km
í langkeyrslu

*Þú færð Focus einnig sem skutbíl.*
*Komdu, reynsluaktu Ford.*

**Notaða Ford vantar á söluskrá**
Settu eldri Ford
uppí nýjan

Frítt í stæði
**Focus með EcoBoost**
Minni útblástur
$CO_2$: 114 g/km

Spyrðu um
verksmiðjuábyrgð
í allt að 5 ár

# Opið í dag

*Komdu og skoðaðu Ford*
*milli kl. 9 - 17 í dag,*
*Bíldshöfða 6*

**Settu gamla bílinn uppí nýjan**

*Tökum allar tegundir*
*bíla uppí nýja*

brimborg
***Öruggur staður til að vera á***

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | ford.is

* *Miðað er við óverðtryggðan grænan Ergo bílasamning til 7 ára og uppítökubíl að verðmæti 1.700.000 kr. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.*

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁSBÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075



ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR



| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| SNOW WHITE | 4, 7, 10(P) |
| MEN IN BLACK 3 3D | 5.45, 8, 10.15 |
| THE FIVE-YEAR ENGAGEMENT | 5, 8, 10.25 |
| LORAX 3D - ISL TAL | 4 |

SMÁRABÍÓ midi.is HÁSKÓLABÍÓ



SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| SNOW WHITE AND THE... | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| SNOW WHITE AND THE... LÚXUS | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| MIB 3 3D | KL. 3.30 - 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| MIB 3 2D | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| THE DICTATOR | KL. 3.30 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| LORAX - ÍSLENSKT TAL 2D | KL. 3.30 | L |

facebook./smarabio • facebook./haskolabio

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| MOONRISE KINGDOM ÓTEXTUÐ | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| SNOW WHITE AND THE HUNTSMAN | KL. 6 - 9 | 12 |
| MIB 3 3D | KL. 6 - 9 | 10 |
| GRIMMD:SÖGUR AF EINELTI | KL. 5.45 | 10 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 10.40 | 16 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| SNOW WHITE AND THE... | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| MIB 3 3D | KL. 8 - 10 | 10 |
| THE DICTATOR | KL. 6 | 12 |

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI

SAMBÍÓIN SAMbio.is



SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| SNOW WHITE AND HUNT.. | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| SNOW WHITE AND HU.. VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | VIP |
| THE RAVEN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| THE DICTATOR | KL. 6 - 8 | 2D | 12 |
| THE LUCKY ONE | KL. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 10:50 | 2D | 16 |
| DARK SHADOWS | KL. 5:40 - 10 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 8 | 3D | 10 |
| UNDRALAND IBBA M/ ÍSL TALI | KL. 6 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| RAVEN | KL. 10:10 | 2D | 16 |
| THE AVENGERS | KL. 5:10 | 3D | 10 |
| THE LUCKY ONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| UNDRALAND IBBA ÍSL TAL | KL. 6 | 2D | L |
| SAFE | KL. 8 - 10:10 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 6 - 9 | 10 |
| SAFE | KL. 8 - 10 | 16 |
| UNDRALAND IBBA | KL. 6 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| SNOW WHITE AND HUNT.. | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| THE RAVEN | KL. 10:30 | 2D | 16 |
| MEN IN BLACK 3 | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 10 |
| THE DICTATOR | KL. 6 - 10:40 | 2D | 12 |
| DARK SHADOWS | KL. 8 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 5:20 - 8 | 3D | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE RAVEN | KL. 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| THE LUCKY ONE | KL. 5:50 - 8 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 10:10 | 2D | 16 |
| DARK SHADOWS | KL. 5:40 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 6 - 9 | 3D | 10 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| SNOW WHITE AND THE HU.. | KL. 8 | 2D | 12 |
| THE RAVEN | KL. 10:40 | 2D | 16 |
| SAFE | KL. 8 - 10 | 2D | 16 |
| MEN IN BLACK 3 | KL. 5:40 | 3D | 10 |
| UNDRALAND IBBA ÍSL TAL | KL. 6 | 2D | L |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMBIO.IS


# Flótti frá hörðum raunveruleika

„Ætli þetta hafi ekki verið í fæðingu í 25 ár," segir læknirinn og lagasmiðurinn Arnar Ástráðsson sem hefur gefið út sína fyrstu plötu, State of Mind. Á henni eru tíu danslög og rómantísk lög eftir Arnar.

„Síðan ég var krakki hef ég verið að semja. En það var ekki fyrr en ég kom lagi í Söngvakeppni Sjónvarpsins í fyrra að hjólin fóru að snúast fyrir mér," segir Arnar. Þá söng Erna Hrönn Ólafsdóttir lag hans Ástin mín eina og syngur hún einmitt líka á nýju plötunni ásamt Hjálmfríði Þöll Friðriksdóttur og Trine Jepsen, sem er þekkt dönsk söngkona. Roland Hartwell spilar á fiðlu og Arnar á píanó.

Arnar hefur starfað sem læknir í Danmörku með hléum í fimmtán ár og vinnur hann á heila- og taugaskurðdeild Ríkisspítalans í Kaupmannahöfn. Nokkuð algengt er að læknar semji tónlist í frístundum sínum. Nýjasta dæmið er Helgi Júlíusson sem gaf út hina vel heppnuðu reggíplötu Kominn heim í janúar þar sem Valdimar Guðmundsson var gestasöngvari. „Þetta er kannski einhver flótti frá hörðum raunveruleikanum í starfinu," segir Arnar, spurður út tónlistariðkun lækna. „Það hafa margir læknar verið tónlistarmenn eða tónskáld í gegnum tíðina," segir hann og nefnir Sigvalda Kaldalóns sem gott dæmi. „Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á tónlist. Ég ætlaði kannski frekar að verða tónlistarmaður en svo var öruggari atvinnuvegur að fara í læknisfræðina." Í mestu uppáhaldi hjá honum eru Sasha, Robert Miles, Bítlarnir, ABBA og Sigur Rós.

State of Mind verður dreift af Warner Music í Skandinavíu en Arctic Rock gefur plötuna út hérlendis.

- fb



**FYRSTA PLATAN** Arnar Ástráðsson hefur gefið út sína fyrstu plötu, State of Mind.
MYND/VALDIMAR SVERRISSON

# Fínir Hljómskálafélagar

★★★☆☆

**Tónleikar**
Hljómskálinn

**Listahátíð - Harpa Eldborg, 2. júní**

Þeir Hljómskálafélagar eru allt í öllu í opinbera poppinu þessi misserin. Þeir byrjuðu á sjónvarpsþáttaröð í haust. Hún var frábær og setti ný viðmið í tónlistarþáttagerð fyrir sjónvarp á Íslandi. Síðan gerðu þeir jólaþátt, páskaþátt og þátt um Íslensku tónlistarverðlaunin. Á laugardaginn settu þeir svo saman tónleikadagskrá fyrir Listahátíð sem var eina íslenska poppatriðið á dagskrá hátíðarinnar í ár.

Öll þessi verkefni hafa þeir Sigtryggur Baldursson, Guðmundur Kristinn Jónsson og Bragi Valdimar Skúlason leyst með miklum ágætum og tónleikarnir í Eldborg voru engin undantekning. Húshljómsveit Hljómskálans er viðhafnarútgáfa af Hjálmum, en á tónleikunum fengu þeir fjölmarga söngvara til að stíga á svið, meðal annarra Megas, Ágústu Evu, Valdimar og Egil Sæbjörnsson.

Á dagskránni voru ný og gömul lög og nokkur þeirra laga sem sérstaklega hafa verið samin fyrir sjónvarpsþættina. Tónleikarnir fóru rólega af stað og í byrjun var hljómburðurinn í salnum slæmur, a.m.k. þar sem ég sat á ellefta bekk. Sérstaklega var bassasándið vont. Maður hafði smá áhyggjur af því að þetta yrði sundurklippt og fullt af kynningum þar sem tónleikunum var sjónvarpað beint, en þær áhyggjur voru óþarfar; tónleikaformið var tekið fram yfir sjónvarpsþáttaformið og tónlistin fékk að hljóma án truflana.

Þegar leið á lagaðist sándið og tónlistaratriðin urðu sterkari. Á meðal toppanna voru lögin tvö sem Jimi Tenor flutti ásamt Hjálmum (það verður spennandi að heyra plötuna sem þeir eru að vinna að saman) og míníópera Óttars Proppé, Röggu Gísla og Sigtryggs, sem samanstóð af lögum af Diskóeyjunni og af plötunni Í sjöunda himni með Glámi og Skrámi. Mjög skemmtilegt. Það var líka frábært að heyra Magnús Þór Sigmundsson og Jónas Sigurðsson taka smellinn Ef ég gæti hugsana minna og hápunkturinn var svo þegar Pálmi Gunnarsson söng kraftmikla útgáfu af laginu Hvers vegna varst'ekki kyrr. Tónleikunum lauk svo með því að Unnsteinn Manúel og Björn Jörundur sungu lagið Frelsið. Á heildina litið fín skemmtun.

**Trausti Júlíusson**



**HLJÓMSKÁLINN** Sigtryggur Baldursson og Megas stigu báðir á svið í Hörpunni.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Niðurstaða:** Listahátíðardagskrá Hljómskálans í Hörpu tókst prýðilega.


# FJÖLMENNUM Á MA-HÁTÍÐ



MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI

Árleg MA-hátíð verður haldin í Íþróttahöllinni á Akureyri laugardaginn 16. júní

Miðapantanir á **www.bautinn.muna.is** til 13. júní en tekið verður við greiðslu og miðar afhentir í Höllinni 15. og 16. júní klukkan 13.00-17.00.

Miðaverð er 10.800 kr. og 6.300 kr. fyrir eins árs stúdenta.

Húsið verður opnað klukkan 18.00. Fordrykkur hefst kl.18.00 og borðhald kl. 19.00. Hljómsveitin **Í svörtum fötum** leikur fyrir dansi. Miðar á dansleik verða seldir við innganginn eftir klukkan 23.00, verð 4.000 kr.

Afmælisárgangar eru hvattir til að fjölmenna. Samkvæmisklæðnaður.



**25 ára júbílantar MA – stúdentar 1987**
**ma1987.muna.is**

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ ★ PARADÍS

**ÞRIÐJUDAGUR: TYRANNOSAUR** 18:00, 20:00, 22:00 ■ I AM SLAVE 18:00, 20:00 ■ CORIOLANUS 20:00, 22:10 ■ JANE EYRE 17:30 ■ IRON SKY 20:00, 22:00 ■ *SVARTUR Á LEIK (ENG. SUBS)* 17:40, 22:00

6. JÚNÍ: **SUMARTÍÐ** (L'Heure d'été) eftir OLIVIER ASSAYS!

**ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ:** 950 kr. miðinn!

# 13 mínútur klipptar út

Kínversk yfirvöld klipptu þrettán mínútur út úr grínhasarnum Men in Black III. Öll atriði það sem persónur af asísku bergi brotnar komu við sögu voru klippt út áður en myndin kom í bíó. Þar á meðal var skotbardagi á milli geimvera á kínverskum veitingastað og atriði þar sem Kínverjar missa minnið. Yfirvöldin telja að atriðin sýni Kínverja í slæmu ljósi og ákváðu að klippa þau út. Frumsýning Men in Black III gekk eins og í sögu í Kína. Engin erlend mynd hefur áður þénað jafnmikið á frumsýningarhelgi sinni þar.



**KLIPPT ÚT** Kínverjar klipptu þrettán mínútur út úr myndinni.

# Johnny Depp heiðraður

Hjartaknúsarinn Johnny Depp fékk afhent kynslóðarverðlaunin á MTV-hátíðinni í Los Angeles. Þessi heiðursverðlaun fékk hann fyrir framlag sitt til kvikmyndaiðnaðarins. Steven Tyler og Joe Perry úr rokksveitinni Aerosmith afhentu honum verðlaunin.

Meðal annarra sem hafa orðið sama heiðurs aðnjótandi eru Reese Witherspoon, Sandra Bullock, Tom Cruise og Jim Carrey. Kvikmyndin The Hunger Games var sigurvegari kvöldsins með fern verðlaun og þar á eftir kom gamanmyndin Bridesmaids með tvenn.



**VERÐLAUNAÐUR** Johnny Depp heldur á MTV-heiðursverðlaununum. NORDICPHOTOS/GETTY



**VINSÆL** Hin sænska Loreen sigraði Eurovision keppnina í ár, fáum að óvörum.

# Óvíst hvaða borg fær Euro

**Eins og fór líklegast fram hjá fæstum fór hin sænska Loreen með sigur af hólmi í Eurovision söngvakeppninni þetta árið. Úrslitin komu fáum á óvart og trónir hún á toppi fjölda vinsældalista víðs vegar um Evrópu.**

**Eins og venja er mun sigurlandið halda keppnina að ári og kemur það því í hlut nágranna okkar Svía. Þeir eru engir grænjaxlar þegar kemur að Eurovision því þetta er í fimmta skiptið sem keppnin verður haldin þar. Enn er ekki búið að ákveða hvaða borg mun hýsa hana en valið virðist standa á milli Stokkhólms og Gautaborgar.**

**Dagsetning keppninnar hefur þó verið staðfest og verður aðalkeppnin haldin þann 13. maí 2013.**



**NÝTT LAG** Ummi hefur sent frá sér lagið Sumarið er komið aftur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Ummi gefur út sumarlag

Tónlistarmaðurinn Ummi Guðjónsson hefur sent frá sér lagið Sumarið er komið aftur. Þetta er annað lagið sem hann gefur út af væntanlegri plötu sinni sem kemur út síðar á þessu ári.

„Sumarið er komið aftur varð til við mjög litla fyrirhöfn, þetta var bara augnablikið þegar fyrstu sólargeislar sumarsins teygðu sig inn í svefnherbergið. Ég man eftir að hafa vaknað við það, sest upp í rúminu, teygt mig í gítarinn og munnhörpuna og 10 mínútum seinna var lagið komið,“ segir Ummi, sem er búsettur í London.



# sport

sport@frettabladid.is



**MARAÞONHLAUP** Frjálsíþróttasambands Íslands fer fram á fjórum stöðum á landinu í kvöld. Hlaupið er í Reykjavík, á Akureyri, á Ísafirði og á Egilsstöðum en ræsing er klukkan 18. Um boðhlaupskeppni er að ræða þar sem sjö hlauparar skipa eitt lið en markmiðið með hlaupinu er að afla fjár fyrir Ólympíuhóp Íslands í frjálsum íþróttum.

# Besti grasvöllur Noregs eyðilagður

**Matthías Vilhjálmsson hefur farið á kostum það sem af er tímabili með Start í Noregi. Matthías, sem er í láni hjá norska liðinu frá FH, hefur skorað sjö mörk í tíu leikjum Start sem situr í öðru sæti deildarinnar þegar fjögurra vikna frí er farið í hönd. Ekkert annað en sæti í efstu deild kemur til greina hjá félaginu.**



**LÍÐUR BEST Á GRASINU** Matthías grætur gamla grasið á Kristiansand-leikvanginum sem var á dögunum skipt út fyrir gervigras. Hann er þó farinn að sætta sig við að spila á gervigrasi eins og er algengt í Noregi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**FÓTBOLTI** „Ég hef verið að spila frammi hjá Start. Hjá FH var ég í aðeins meira varnarhlutverki en hér get ég einbeitt mér að vítateignum sem mér finnst ég vera góður í,“ segir Matthías um ástæðu þess hvers vegna svo vel gangi hjá honum í markaskorun í Noregi.

Matthías, sem ættaður er frá Ísafirði, spilaði sem framherji upp alla yngri flokka sem er sú staða sem hann kann best við.

„Ég leitaðist eftir því að komast að hjá félagi þar sem ég fengi að spila sem framherji. Hjá FH höfðum við fyrir tvo mjög góða framherja svo ég vissi að ég fengi ekki að spila þá stöðu mikið þar.“

Athygli vakti að Matthías og Guðmundur Kristjánsson, leikmaður Breiðabliks, skyldu fara að láni til liðs í næstefstu deild í Noregi. Frammistaða þeirra hefur ekki farið framhjá áhugafólki um knattspyrnu og menn hafa velt fyrir sér styrkleika deildarinnar.

### Komnir á gervigras

„KR, FH og þessi helstu lið myndu pluma sig vel í þessari deild. En þar sem þetta er atvinnumennska eru menn yfirleitt í betri þjálfun. Þá er umgjörðin flottari, blaðamenn mættir á æfingar og svo-leiðis. FH og KR gætu alveg unnið þessi lið í bikarleikjum heima og heiman en heilt yfir eru þessi topplið hérna þó mjög góð lið.“

Start ætlar sér stóra hluti og ekkert feimnismál að liðið ætlar upp í efstu deild.

„Markmiðið hefur verið opinberað í fjölmiðlum, eiginlega bara of oft. Við ætlum að vinna þessa deild. Menn fara ekkert í grafgötur með það. Þetta er á réttri leið en það er nóg eftir,“ segir Matthías en bætir við að sorgardagur hafi verið hjá félaginu í síðustu viku. Þá var grasinu á leikvangi félagsins skipt út fyrir gervigras.

„Þetta var einhver pólitísk ákvörðun hér í Kristiansand því það er víst svo dýrt fyrir félagið að halda grasinu úti en það þarf víst að borga okkur Gumma laun,“ segir Matthías glettinn og bætir við að um besta gras í Noregi hafi verið að ræða. Hann segist þó orðinn vanur gervigrasinu.

„Það eru bara örfá lið í deildinni sem spila á grasi og það sama er uppi á teningnum í úrvalsdeildinni. Við erum búnir að væla lengi yfir gervigrasinu hjá Stjörnunni en það eru fleiri grasvellir á Íslandi heldur en í Noregi,“ segir Matthías sem segir þó alls ekki hægt að kvarta yfir gervigrasinu í Noregi.

„Flestallt sem ég hef spilað á hingað til hefur verið mjög fínt. Flestir leikvangarnir eru glænýir og þeir eru duglegir að skipta um gervigras,“ segir Matthías.

Matthías flutti til Noregs í febrúar og hefur verið fjarri konu og barni síðan, sem hann segir hafa verið erfitt.

„Þú getur rétt ímyndað þér það. En þau kíktu til mín í heimsókn um daginn og flytja svo út til mín í júlí. Maður lifir þetta af,“ sagði Matthías.

Líf atvinnumannsins getur verið einmanalegt og alls ekki gefið að sama stemning myndist í leikmannahópum eins og í félögunum hér á landi. Matthías ber þó liðsfélögum sínum hjá Start vel söguna.

„Hópurinn er nánari en ég bjóst við. Hann er lítill með mörgum ungum strákum. Við höfum kynnst vel og félagsskapurinn er góður,“ segir Matthías.

### Vill komast í landsliðið

Matthías var ekki valinn í landsliðshóp Íslands fyrir leikina gegn Frakklandi og Svíþjóð í síðasta mánuði. Hann heyrði ekkert frá Lars Lagerbäck í aðdraganda leikjanna en telur reyndar að þeir Guðmundur hafi ekki verið gjaldgengir í leikina hvort eð var þar sem leikið var í deildinni á sama tíma.

„Við vorum búnir að sætta okkur við að vera ekki í þessum hóp og stefnum bara á næsta leik. Markmiðið er að sjálfsögðu alltaf að spila með landsliðinu,“ segir Matthías sem er kominn til Íslands í tíu daga frí. Hann ætlar sér að æfa með FH í fríinu, fái hann leyfi, en Matthías fylgist vel með gangi mála FH frá Noregi.

„Að sjálfsögðu. Við erum með tippkeppni í gangi og horfum á Pepsi-mörkin á kvöldin,“ segir Matthías sem leiðir í tippkeppninni, með naumindum þó. Matthías verður í herbúðum norska liðsins til áramóta. Þá snýr hann aftur í Hafnarfjörðinn en hann framlengdi við FH um eitt ár áður en hann hélt í víking.

„Mér fannst það sanngjarnt gagnvart þeim enda hafa þeir sinnt mér vel.“ kolbeinntumi@365.is

> Þetta var einhver pólitísk ákvörðun hér í Kristiansand en það þarf víst að borga okkur Gumma laun.
>
> **MATTHÍAS VILHJÁLMSSON**
> LEIKMAÐUR START



**JOEY BARTON** Alltaf í vandræðum og látum. NORDICPHOTOS/GETTY

Vandræðin elta Barton:

## Barton barinn í Liverpool

**FÓTBOLTI** Ráðist var á knattspyrnumanninn Joey Barton fyrir utan skemmtistað í Liverpool í gær. Lögreglan hefur tvo menn á þrítugsaldri í haldi vegna árásarinnar.

Í yfirlýsingu frá lögreglunni í Liverpool segir að 29 ára karlmaður hafi fengið áverka í andlitið fyrir utan skemmtistað í miðbæ Liverpool. Tveir 21 árs karlmenn hafi verið handteknir og séu í gæslu lögreglunnar.

Queens Park Rangers, vinnuveitandi Barton, sendi sömuleiðis frá sér yfirlýsingu í morgun. Þar segir meðal annars:

„Joey Barton lenti í atviki í miðbæ Liverpool í morgunsárið. Barton var á leið sinni heim ásamt kærustu sinni þegar tveir menn höfu að syngja niðrandi söngva og slógu Barton. Lögreglan mætti strax á svæðið og handtók einn mann. Barton ákvað að leggja ekki fram kæru og yfirgaf svæðið skömmu síðar. Félagið mun ekki tjá sig frekar um málið.“

Barton notaði að sjálfsögðu Twitter til þess að tjá sig um málið. Þar sagðist hann ekki ætla að kæra þar sem lögreglan hefði þarfari hlutum að sinna. Hann þakkaði henni einnig hjartanlega fyrir fagmannleg vinnubrögð.

- ktd

**Hádegisfundur ÍSÍ 6. júní í E-sal íþr.miðst. í Laugardal**

ÍSÍ býður upp á hádegisfund um próteinbætiefni og notkun þeirra hjá 18 ára drengjum. Unnur Björk Arnfjörð fer yfir rannsókn sína þessa efnis frá kl. 12-13.
**Öllum opið án endurgjalds.**
Sjá einnig á **www.isi.is**




Michael Laudrup:

## Orðaður við Swansea

**FÓTBOLTI** Swansea er enn í stjóraleit en eins og kunnugt er hætti Brendan Rodgers hjá félaginu til þess að taka við Liverpool. Nú er Daninn Michael Laudrup orðaður við félagið.

Swansea var upprunalega í viðræðum við Graeme Jones, aðstoðarþjálfara Wigan, en ekkert varð úr þeim viðræðum.

Aðrir sem hafa verið orðaðir við starfið eru Ian Holloway, Gus Poyet og Jose Ramon Sandoval, þjálfari Rayo Vallecano.

Nafn Laudrup er nýtt í umræðunni en hann þjálfaði síðast lið Mallorca á Spáni og hefur verið orðaður við mörg lið síðustu misseri.

Umboðsmaður Laudrup segist ekkert hafa heyrt frá Swansea en enskir fjölmiðlar telja sig hafa heimildir fyrir því að Swansea sé spennt fyrir Laudrup.

- hbg

Þór/KA vann toppslaginn í Pepsi-deild kvenna:

# Norðanstúlkur sterkari

**FÓTBOLTI** Þór/KA vann uppgjör toppliðanna í Pepsi-deild kvenna í gær. Þær lögðu Blika 2-1.

„Þetta var alls ekki nógu gott og þetta er líklega einn lélegasti leikur sem ég hef séð liðið spila,“ sagði Rakel Hönnudóttir, fyrrum fyrirliði Þórs/KA.

„Ég er auðvitað himinlifandi að við fengum ekki á okkur mark og skoruðum tvö gegn þessu sterka liði Blika. Ég tel líka að við eigum sitthvað inni varðandi bæði form og spilamennsku og ég er því mjög ánægður,“ sagði þjálfari Þórs/KA, Húsvíkingurinn Jóhann Kristinn Gunnarsson, eftir leikinn.



**FÓRU TÓMHENTAR HEIM** Fanndís og félagar í Breiðablik sóttu engin stig norður. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

„Það er hugarfarið sem skiptir máli í svona leikjum og liðið sem vill vinna meira gerir það.“ - hþh






## ÚRSLIT

### Pepsi-deild kvenna:

**ÍBV-Fylkir** **3-0**
1-0 Kristín Erna Sigurlásdóttir (28.), 2-0 Anna Þórunn Guðmundsdóttir (81.), 3-0 Svava Tara Ólafsdóttir (83.)

**Þór/KA-Breiðablik** **2-0**
1-0 Katrín Ásbjörnsdóttir (11.), 2-0 Sandra María Jessen (36.)

**Selfoss-Afturelding** **4-3**
1-0 Melanie Adelman (10.), 1-1 Carla Lee (19.), 2-1 Valorie O'Brien (30.), 3-1 Valorie O'Brien (36.), 3-2 Aldís Mjöll Helgadóttir (47.), 3-3 vantar markaskorara (55.), 4-3 Katrín Rúnarsdóttir (78.).

**Stjarnan-FH** **2-0**
1-0 Ásgerður Stefanía Baldursdóttir (63.), 2-0 Inga Birna Friðjónsdóttir (78.).

**KR-Valur** **1-2**
0-1 Elín Metta Jensen (2.), 0-2 Elín Metta Jensen (4.), 1-2 Guðrún María Johnson (77.).

*Upplýsingar um markaskorara: Urslit.net*

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Þór/KA** | **5** | **4** | **1** | **0** | **11-3** | **13** |
| Stjarnan | 5 | 4 | 0 | 1 | 10-5 | 12 |
| **Breiðablik** | **5** | **3** | **1** | **1** | **12-4** | **10** |
| ÍBV | 5 | 3 | 0 | 2 | 11-7 | 9 |
| **Valur** | **5** | **2** | **1** | **2** | **10-9** | **7** |
| Selfoss | 5 | 2 | 1 | 2 | 11-18 | 7 |
| **Fylkir** | **5** | **1** | **2** | **2** | **3-7** | **5** |
| FH | 5 | 1 | 1 | 3 | 7-9 | 4 |
| **KR** | **5** | **0** | **2** | **3** | **6-10** | **2** |
| Afturelding | 5 | 0 | 1 | 4 | 4-12 | 1 |



**Á SKOTSKÓNUM** Elín Metta skorar annað marka sinna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Pepsi-deild kvenna:

# Valur vann í Vesturbænum

**FÓTBOLTI** Áhorfendur höfðu varla tyllt sér á KR-vellinum þegar Elín Metta Jensen kom Valskonum á bragðið. Tveimur mínútum síðar var framherjinn stórefnilegi aftur á ferðinni og allt útlit fyrir stórsigur bikarmeistaranna í Vesturbænum. Þrátt fyrir stórsókn Vals leiddi liðið aðeins 2-0 í hálfleik.

Eftir tíðindalítinn síðari hálfleik minnkaði varamaðurinn Guðrún María Johnson muninn og um leið kviknaði vonarneisti hjá heimakonum. Í viðbótartíma fengu KR-konur svo dauðafæri til þess að jafna metin en Brett Maron varði skot Helenu Sævarsdóttur af stuttu færi með tilþrifum. Kærkominn sigur Vals en KR enn án sigurs í deildinni. - ktd




## > Stöð 2 kl. 22.00

## Girls

*Glæný þáttaröð sem slegið hefur í gegn á HBO-sjónvarpsstöðinni undanfarnar vikur. Þættirnir fjalla um vinkvennahóp í New York og áhorfendur fá að fylgjast með aðstæðum þeirra, samskiptum við hitt kynið, baráttunni við starfsframann og fleira. Skvísurnar eru allar á þrítugsaldri og fyrir hópnum fer Hannah Horvarth sem leikin er af Lenu Dunham, sem er jafnframt hugmyndasmiður þáttanna, handritshöfundur og framleiðandi þáttanna.*



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KJARTAN GUÐMUNDSSON HORFIR TIL FÖSTUDAGSINS

# Ekki þessi leiðindi



Þegar ég var pínulítill fannst mér leiðinlegast í heimi að fara í Hagkaup með foreldrum mínum, enda óþolandi að þurfa að þreyja þorrann mínútum saman meðan Epla-Jógi, Sana-Sol og trefjajógúrt fylltu innkaupakörfurnar. Svo tóku leiðindin við eitt af öðru. Nálega alla skólagönguna voru stærðfræðitímarnir hættulega nærri því að drepa mig úr leiðindum, ef ég mætti á annað borð. Snemma fylltist ég líka óbeit á því að neyðast til þess að ræða við blindfullt fólk án þess að hafa drukkið sjálfur. Líklega hefur það verið á svipuðum tíma og ég uppgötvaði hin hrollvekjandi leiðindi sem felast í því að skafa rúðurnar á bílnum á veturna.

Hin síðari ár hafa leiðinlegustu stundir lífs míns líklega flestar verið á biðstofum. Sérstaklega er leiðinlegur sá ósiður, og í raun bölvaði dónaskapur, að bjóða ekki upp á annað lesefni á slíkum stöðum en Lifandi vísindi og golfblöð á þýsku. Það er líka leiðinlegt að ryksuga og fara í heimabankann sinn á netinu eftir að auðkennislyklarnir alræmdu tóku völdin.

En ég held að mér finnst ekkert jafn leiðinlegt og sú staðreynd að liðin sem eigast við í sjálfum opnunarleik Evrópukeppninnar í knattspyrnu, sem hefst næsta föstudag og hefur alla burði til að verða frábær skemmtun, séu Pólland og Grikkland. Boring!

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Sveiflan sem sigraði heiminn **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Fyrr og nú **14.00** Fréttir **14.03** Sker **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Fuglarnir **15.25** Fram og aftur **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Okkar á milli **20.00** Leynifélagið **20.30** Í heyranda hljóði **21.30** Kvöldsagan: Egils saga **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Djassvisjón Evrópu **23.05** Faðir minn, fanginn á Mön **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.05 EM stofa** (4:5) (e)
**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Teitur**
**17.31 Með afa í vasanum**
**17.43 Skúli skelfir**
**17.55 Einmitt þannig sögur** (Just So Stories)
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 2012** (6:6) (Twenty Twelve)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 EM stofa** (5:5)
**20.35 Konurnar í Túnis** (Kvinnorna i Tunis) Sænsk heimildamynd. Þegar arabíska vorið hófst í Túnis stóðu margar konur við götuvígin. Síðan á fyrstu dögum byltingarinnar í janúar 2011 hefur fréttamaðurinn Christian Catomeris fylgst með fjórum þessara hugrökku kvenna sem hafa áratugum saman barist fyrir lýðræði og mannréttindum.
**21.05 Kalt kapphlaup** (3:4) (Kaldt kapplöp) Norskur heimildamyndaflokkur.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Hafinn yfir grun: Rauða Dalían** (1:3) (Above Suspicion II: The Red Dahlia) Bresk sakamálamynd í þremur hlutum. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.10 Aðþrengdar eiginkonur** (21:23) (Desperate Housewives VIII) (e)
**23.55 Kastljós** (e)
**00.20 Fréttir**
**00.30 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** (17:23)
**08.30 Oprah**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (69:175)
**10.15 The Wonder Years** (3:24)
**10.40 The Middle** (16:24)
**11.05 Two and a Half Men** (19:22)
**11.35 Total Wipeout** (4:12)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** (20:24)
**13.25 American Idol** (1:40)
**14.45 American Idol** (2:40)
**15.25 Sjáðu**
**15.55 iCarly** (25:25)
**16.20 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 Friends** (20:24)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Simpsons** (9:22)
**19.45 Arrested Development** (15:22)
**20.05 Two and a Half Men** (15:24)
**20.30 The Big Bang Theory** (6:24)
**20.50 How I Met Your Mother** (9:24)
**21.15 White Collar** (14:16)
**22.00 Girls** (1:10) Gamanþættir um vinkvennahóp á þrítugsaldri sem búa í draumaborginni New York. Þeir fjalla um aðstæður þeirra og samskiptin við hitt kynið.
**22.30 Eastbound and Down** (1:7) Önnur gamanþáttaröðin um föllnu hafnaboltastjörnuna Kenny Powers sem var hent út úr meistaradeildinni og hrökklaðist aftur á æskuslóðir sínar og fór að kenna leikfimi.
**23.00 The Daily Show: Global Edition**
**23.25 New Girl** (16:24)
**23.50 2 Broke Girls** (4:24)
**00.15 Grey's Anatomy** (24:24)
**01.00 Gossip Girl** (16:24)
**01.45 Pushing Daisies** (13:13)
**02.30 Entourage** (6:12)
**03.00 Damages** (11:13) (12:13) (13:13)
**05.35 Breaking Bad** (6:13)

## SPORT *besta sætið*

**07.00 NBA: San Antonio - Oklahoma**
**17.50 Þýski handboltinn: Kiel - Gummersbach**
**19.10 NBA: San Antonio - Oklahoma**
**21.00 Tvöfaldur skolli** Logi Bergmann og Þorsteinn Hallgrímsson skoða golfíþróttina frá ýmsum sjónarhornum.
**21.30 Winning Time: Reggie Miller vs NY Knicks** Heimildamynd um frábæran leik Reggie Miller gegn New York Knicks í undanúrslitum Austurdeildarinnar árið 1995.
**22.45 Pepsi-deild kvenna: KR - Valur**
**00.30 NBA: Miami - Boston** BEINT

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.55 Man. City - Liverpool**
**19.40 England & Sweden (Group D)** Ítarleg kynning á liðunum sem keppa í úrslitakeppni EM í sumar.
**20.10 Premier League World**
**20.40 Arsenal - Stoke**
**22.25 Newcastle - Man. Utd.**

## EXTRA

**19.35 The Doctors** (128:175)
**20.15 Monk** (12:16)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Smash** (14:15)
**22.35 Game of Thrones** (10:10)
**23.30 Silent Witness** (6:12)
**00.15 Supernatural** (16:22)
**01.00 Twin Peaks** (22:22)
**01.50 Monk** (12:16)
**02.35 Íslenski listinn**
**03.00 Sjáðu**
**03.25 The Doctors** (128:175)
**04.05 Fréttir Stöðvar 2**
**04.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**15.00 Eldhús sannleikans** (4:10) (e)
**15.20 Innlit/útlit** (2:8) (e)
**15.50 Life Unexpected** (5:13) (e)
**16.35 90210** (19:22) (e)
**17.25 Dr. Phil**
**18.05 Got to Dance** (14:17) (e)
**18.55 America's Funniest Home Videos** (32:48) (e)
**19.20 According to Jim** (11:18) (e)
**19.45 Will & Grace** (20:25) (e)
**20.10 Necessary Roughness** (9:12) Bráðskemmtilegur þáttur um sálfræðinginn Danielle sem á erfitt með að láta enda ná saman í kjölfar skilnaðar. Hún tekur því upp á að gerast sálfræðingur fyrir ruðningslið með afbragðsgóðum árangri.
**21.00 The Good Wife** (19:22) Sérstakri rannsóknarnefnd er komið á laggirnar til að grandskoða skotárás á lögregluna. Alicia hefur þó miklar efasemdir varðandi formann nefndarinnar.
**21.50 Unforgettable** (7:22) Bandarískir sakamálaþættir um lögreglukonuna Carrie Wells sem glímir við afar sjaldgæft heilkenni sem gerir henni kleift að muna allt sem hún hefur séð eða heyrt á ævinni. Einstæður faðir er drepinn og Carrie reynir að komast til botns í málinu.
**22.35 Jimmy Kimmel** (e)
**23.20 In Plain Sight** (6:13) (e)
**00.05 Necessary Roughness** (9:12) (e)
**00.55 The Good Wife** (19:22) (e)
**01.45 Unforgettable** (7:22) (e)
**02.35 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** The Memorial Tournament 2012 (1:4) **11.10** Golfing World **12.00** Golfing World **12.50** Inside the PGA Tour (22:45) **13.20** Ryder Cup Official Film 1999 **15.00** The Memorial Tournament 2012 (2:4) **18.00** Golfing World **18.50** PGA Tour - Highlights (21:45) **19.45** Wells Fargo Championship 2012 (4:4) **22.00** Golfing World **22.50** US Open 2009 - Official Film **23.50** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **21.00** Bæjarstjórnarfundur

## BBC entertainment

**06.10** Keeping Up Appearances **07.15** QI **07.45** My Family **08.15** The Queen's Diamond Jubilee **11.50** EastEnders **12.20** Deal or No Deal **13.00** The Queen's Diamond Jubilee **15.00** QI **16.30** Come Dine With Me **17.20** The Graham Norton Show **18.10** QI **19.10** The Best of Top Gear **20.00** The Graham Norton Show **20.45** Little Britain **21.45** Live at the Apollo **22.29** The Best of Top Gear **23.20** QI **23.50** Live at the Apollo **00.35** The Graham Norton Show **01.20** Little Britain **02.20** Live at the Apollo **03.05** QI

## DR 1

**10.10** Horisont **11.05** Ha' det godt **11.35** Aftenshowet **12.30** Pigeliv **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Jamies kokkeskole **14.00** Kasper & Lise **14.10** Timmy-tid **14.20** Masha og bjørnen **14.30** Lille Nørd **15.00** Hun så et mord **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Det søde liv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Bonderøven **18.30** Bag Facaden **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Wallander. Mordere uden ansigt **21.40** OBS **21.45** Verdens børn er blevet voksne

## NRK 1

**06.30** 22. juli-rettssaken **15.00** NRK nyheter **15.15** Grønn glede **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** Kjendisbarnevakten **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Grønn glede **18.15** Munter mat **18.45** Extra-trekning **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Frå Lark Rise til Candleford **20.30** Venuspassasjen **21.00** Kveldsnytt **21.15** Venuspassasjen **04.00** Venuspassasjen **05.00** Morgennytt

## SVT 1

**09.30** Mästarnas mästare **10.30** En idiot på resa **11.20** Simon & Garfunkel **12.35** Brott i sol **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** The Big C **15.25** Dom kallar oss skådisar **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Sidenvägen på 30 dagar **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Student 92, tjugo år senare **19.00** Malmöpolisen **20.00** Dox **21.20** Rapport **21.25** Kulturnyheterna **21.30** Snatch **23.10** Rapport **23.15** Djursjukhuset

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Tooth Fairy**
**10.00 Her Best Move**
**12.00 Unstable Fables**
**14.00 Tooth Fairy**
**16.00 Her Best Move**
**18.00 Unstable Fables**
**20.00 The Illusionist**
**22.00 Underworld: Rise of the Lycan**
**00.00 Aliens**
**02.15 Notorious**
**04.20 Underworld: Rise of the Lycan**
**06.00 Quantum of Solace**

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |



Eirberg

# BETRA LOFT BETRI LÍÐAN






## Airfree lofthreinsitæki

- Eyðir frjókornum og öðrum ofnæmisvöldum
- Vinnur gegn myglusveppi og ólykt
- Eyðir bakteríum og vírusum
- Hljóðlaust og sjálfhreinsandi
- Hæð aðeins 27 cm

**Verð frá: 22.750 kr.**



## NoseBuddy® Nefskolunarkannan

Gott ráð gegn kvefi og frjókornaofnæmi

**Skolar nefið með saltvatni virkar vel gegn:**

- Ryki og bakteríum
- Áhrifum loftmengunar
- Kinn- og ennisholubólgum

**Verð: 3.975 kr.**




**Verslaðu á vefnum › Frí sending að 20 kg › 1 árs skilaréttur**

í sumar er opið virka daga frá kl. 9 - 18 • Eirberg ehf. • Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

**SUMARFRÍIÐ**



*„Í sumar ætla ég að spila með hljómsveitinni úti um allar trissur og draga kærustuna í sjósund.“*

Haraldur Ari Stefánsson, skemmtikraftur og meðlimur hljómsveitarinnar Retro Stefson.

# Langjökull gleypti tökustað Frosts

„Þegar við vorum að „skjóta“ í janúar hurfu búðirnar undir lokin. Við urðum að skilja eftir fimm tjöld og þau voru fyrst núna að koma undan vetrinum,“ segir Ingvar Þórðarson, einn af framleiðendum spennutryllisins Frosts sem verður frumsýndur í haust.

Ýmislegt gekk á við tökur á Frosti uppi á Langjökli í janúar. Meðal annars þurfti tökuliðið að skilja eftir fimm tjöld, sem hvert kostar 150 þúsund krónur, vegna veðurs. „Þegar við vorum búin og ætluðum að taka allt niður eftir tökur hurfu tjöldin. Jökullinn gleypti þau,“ segir Ingvar. Hann er mjög ánægður með að þau séu núna komin í leitirnar, ekki bara vegna verðmætanna heldur líka vegna þess að mikilvægt er að skilja við náttúruna eins og hún var áður en tökurnar hófust. „Þetta snýst um að bera virðingu fyrir náttúrunni. Það er númer eitt, tvö og þrjú.“

Hellir, þar sem atriði í myndinni voru einnig tekin upp, er aftur á móti horfinn og hefur ekki fundist aftur þrátt fyrir að sumarið sé komið. „Jökullinn gæti sýnt hann aftur eftir hundrað ár eða bara aldrei. Þessir jöklar eru magnað fyrirbæri. Það getur hvað sem er leynst á þeim.“ **- fb**



**ÁNÆGÐUR HJÁ TJÖLDUNUM** Ingvar Þórðarson hjá tjöldunum sem fundust aftur, mörgum mánuðum eftir að tökum lauk.




Landsmót hestamanna Reykjavík 2012

25.06 – 01.07

Það styttist í ævintýrið!

Ógleymanleg skemmtun. Bestu gæðingar landsins etja kappi og helstu kynbótastjörnur landsins koma fram. Troðfull dagskrá með landsþekktum skemmtikröftum, kvöldvökum og fjölskyldustemningu. Á keppnissvæðinu er glæsilegur barnagarður.

Miðasala á www.landsmot.is

Landssamband hestamannafélaga

Landsmót hestamanna · National Horse Show of Iceland




**ENTOMBED** Sænsku dauðarokkararnir eru á leiðinni til landsins í þriðja sinn.

ALEXANDER HELLID: HEF VERIÐ HÁLFA ÆVINA Í HLJÓMSVEITINNI

# Sænskir dauðarokkarar í þriðja skipti til landsins

Ein þekktasta dauðarokkssveit heims, Entombed, spilar í þriðja sinn hér á landi á Gauknum laugardagskvöldið 9. júní.

Gítarleikarinn Alexander Hellid hlakkar mikið til að stíga á svið á Íslandi á nýjan leik. „Þegar við vorum beðnir um að koma til Íslands í þriðja sinn var það of freistandi fyrir okkur til að hafna því,“ segir Alex eins og hann er kallaður. „Í þetta sinn verðum við fimm á sviðinu. Síðast var ég eini gítarleikarinn en núna getum við spilað fleiri lög, sem ætti að vera gaman fyrir tónleikagesti.“

Hin sænska Entombed gaf út sína níundu hljóðversplötu, Serpent Saints – The Ten Amendments, árið 2007 og hefur síðan þá verið dugleg við að spila úti um allan heim. „Við höfum ekki haft tíma til að taka upp nýja plötu en stefnum að því í sumar eða haust. Við viljum gefa út nýtt efni í janúar eða febrúar á næsta ári,“ segir Alex.

Entombed var stofnuð árið 1987 og hét upphaflega Nihilist. Fyrsta platan kom út 1989 en eftir að sú næsta kom út var tónlistarstefnan death n'roll fest við hljómsveitina. „Við vildum ekki láta kalla tónlistina okkar þessu nafni. Sjálfum er mér alveg sama en þetta hljómar samt dálítið væmið. En nafnið festist við okkur eftir aðra plötuna vegna þess að við fórum að spila meira í anda hljómsveita sem eru í uppáhaldi hjá okkur eins og Kiss og Alice Cooper.“

Alex er einn tveggja meðlima Entombed sem hafa verið í sveitinni frá upphafi, eða í 25 ár. „Maður verður eiginlega hræddur að hugsa um að maður hefur verið í bandinu meira en hálfa ævina,“ segir hann. Spurður hvað sé best við að vera í Entombed nefnir hann sköpunarferlið. „Hvort sem það eru stuttermabolirnir sem við búum til, höldum góða tónleika eða gefum út plötu, þá skiptir sköpunin mestu máli fyrir mig.“

Tónleikarnir á Gauknum verða tvennir. Þeir fyrri verða fyrir alla aldurshópa og hefjast klukkan 17. Hinir hefjast kl. 21. Um upphitun sjá Sólstafir, Gone Postal, Reykjavík! og Bootlegs.

**freyr@frettabladid.is**

# Hinsegin brúðkaup á Íslandi

„Það eru komnar bókanir fyrir fjögur brúðkaup núna í sumar og við erum að fá fyrirspurnir lengra fram í tímann, til dæmis um eitt vetrarbrúðkaup í febrúar,“ segir Eva María Þórarinsdóttir, annar eigandi Pink Iceland, sem býður upp á brúðkaupsþjónustu fyrir samkynhneigða ferðamenn.

Ferðaþjónustufyrirtækið Pink Iceland var stofnað af kærustuparinu Evu Maríu og Birnu Hrönn Björnsdóttur í mars árið 2011 og sérhæfir það sig í ferðum fyrir samkynhneigða. Fljótlega fór fyrirtækinu að berast beiðnir um skipulagningu á hinsegin brúðkaupum. „Við ákváðum að anna þeirri eftirspurn og vorum allt í einu orðnar brúðkaupsskipuleggjendur og farnar að hafa áhyggjur af blómaskreytingum,“ segir Eva María og hlær. Eftirspurnin hefur verið mikil og þær hafa tekið að sér brúðkaup af öllum stærðargráðum. „Við höfum bæði verið með brúðhjónin tvö ein og svo er stærsta brúðkaupið okkar núna í sumar 80 manna,“ segir Eva María en hún er lærður ferðamálafræðingur og með gráðu í viðburðastjórnun svo hún þekkir þennan bransa.

Brúðkaupsgestir eru af öllum stærðum og gerðum og mikið til gagnkynhneigt fólk líka. „Við leggjum mikið upp úr því að hafa hinsegin brag á ferðunum okkar. Til dæmis deilum við ýmsum fróðleik um samfélag hinsegin fólks hérlendis og bendum á staði sem samkynhneigðir gætu haft áhuga á. Að sjálfsögðu eru gagnkynhneigðir þó velkomnir í ferðirnar okkar líka,“ segir Eva María, en vinsælt hefur verið að gestir fari í ferðir á vegum Pink Iceland í kringum brúðkaupin, jafnvel í boði brúðhjónanna. **- trs**



**PINK ICELAND** Kærusturnar Eva María og Birna Hrönn eru farnar að bjóða upp á aðstoð við skipulagningu brúðkaups samkynhneigðra á Íslandi í gegnum fyrirtæki sitt Pink Iceland. MYND/ALISA KALYANOVA



www.dominos.is sími 58·12345
Domino's Pizza
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
DOMINO'S
1.000KR.
Þegar þú sækir miðstærð af pizzu
með þremur áleggstegundum.
PANTAÐU
Á NETINU!
Á vefnum okkar, dominos.is,
getur þú skoðað matseðilinn,
pantað og fylgst með pizzunni
frá pöntun til afhendingar!
GÆÐI
ALLA
LEIÐ!
Hawaiian: Skinka og ananas

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Útvarpsþátturinn Snorri með Orra frá hádegi alla virka daga
X 97.7


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Mið-Ísland skólar Borgarleikhúsið

Uppistandarinn **Ari Eldjárn** og félagar í grínhópnum Mið-Íslandi kenna og þjálfa starfsfólk Borgarleikhússins í uppistandi á svokallaðri Fráviku sem stendur þar yfir þessa vikuna. Er þetta annað árið sem vikan er haldin og er þá öll hefðbundin vinna lögð niður og starfsfólki boðið á ýmis námskeið og vinnustofur. Meðal annars sem boðið er upp á er smíðanámskeið, söng- og kórnámskeið, námskeið í bardagaíþróttum og jóganámskeið. Þar að auki kennir einn virtasti trúðameistari Evrópu, Rafael Bionciotto, trúðanámskeið. Vikunni lýkur svo á uppskeruhátíð þar sem Borgarleikhúsið fagnar góðu ári, en um 600 sýningar hafa verið sýndar þar á síðasta árinu.



### Botnleðja trekkir

**Botnleðja**, ein vinsælasta rokksveit síðari tíma á Íslandi, heldur fyrstu tónleika sína í áraraðir á Gamla Gauknum 16. júní næstkomandi. Sveitin gaf aðdáendum sínum nasasjón af því sem koma skyldi á minningartónleikum um Hermann Fannar Valgarðsson í haust og það hefur greinilega æst svo upp hungrið að það er þegar orðið uppselt á tónleikana 16. júní. Skipuleggjendur sáu sér því ekki annað fært en að blása til aukatónleika kvöldið áður. Hljómsveitin Nolo hitar upp á þeim báðum.

- trs, - sh



## Mest lesið VÍSIR

1. Dúxinn úr MR með 9,83 í meðaleinkunn
2. Leita að Rebekku Rut
3. Hrædd um að ekkert samráð hafi verið
4. Síðasti góðviðrisdagurinn í bili
5. Orkan og Atlantsolía lækkuðu verð










PRODIGY™

Framtíðin í stillanlegum rúmum. Sjón er sögu ríkari

- Hægt að stilla við iPhone® og iPod touch®
- Hrotu stjórnun
- Wi-Fi fjarstýring
- Fimm stilliminni
- Vekjaraklukka með léttu nuddi og hljóði
- „Finna fjarstýringu“ stilling
- Stærsti framleiðandi í heimi á stillanlegum rúmum

VORTILBOÐ
Á ÖLLUM STILLANLEGUM HEILSURÚMUM

TAKMARKAÐ MAGN
Ternabox hjónarúm með heilsudýnu
2x80x200 tilboð kr. **239.900**
2x90x200 tilboð kr. **249.900**
2x100x200 tilboð kr. **269.900**

PROFLEX

Mest selda stillanlega heilsurúmið hjá Svefn og heilsu með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.
Verð frá kr. **339.900** á hjónarúmi.

BOARD WALLHUGGER S-CAPE

dregst að veggnum eins og nafnið bendir til. Einn mest seldi ameríski botninn í heiminum.
Verð frá kr. **479.900** á hjónarúmi með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu

**Board** hefur allt sem gott stillanlegt rúm þarf að hafa á fábæru verði.
**S-Cape** er einnig með þráðlausa fjarstýringu og nuddi.

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi

Þrýstijöfnun er lykilorðið

Svæðisskiptar heilsudýnur með betri stuðningi, mýkra axlasvæði og góðum stuðningi við mjóbak

Betri öndun

Til í öllum algengustu rúmstærðunum

MIKIÐ ÚRVAL AF SVEFNSÓFUM

BOAS
Lyftustóll
Verð
**159.900**
Til í ljósu og dökku leðri

BOAS
Leður hægindasófi 3 sæta **179.900**
Hægindastóll **89.900**
Til í ljósu, brúnu og svörtu leðri

*3,5% lántökugjald

Baldursnesi 6 — AKUREYRI

Svefn & heilsa ★★★★★
www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal — REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00